

LANDSNET

Árs- og sjálfbærniskýrsla

2025

Efnisyfirlit

Inngangur

Ávarp stjórnarformanns	3
Ávarp forstjóra	4

Ársreikningur

Sterk fjárhagsstaða er lykilforsenda þess að unnt sé að halda áfram uppbyggingu og styrkingu flutningskerfisins til lengri tíma.	6
--	---

Almenn upplýsingakrafa

Við hjá Landsneti störfum samkvæmt lögum og innan reglubundins ramma við að tryggja hagkvæma, sjálfbæra og örugga afhendingu rafmagns.	16
--	----

Frammistöðuskýrsla raforkukerfisins

Öruggt rafmagn, gæði og öryggi til framtíðar er loforð okkar til samfélagsins.	51
--	----

Loftslagsbreytingar

Markmið okkar er að draga úr kolefnis-sporinu sem hlýst af starfseminni. Stefna okkar í kolefnishlutleysi er í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og okkar innlegg við að halda hlýnun jarðar undir 1,5°C.	54
---	----

Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi

Við framkvæmdaverk og mat á áhrifum þeirra er litið til samspils framkvæmda við helstu náttúrufarsþætti sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni, svo sem vist-gerða, búsvæða og einstaka lífveru-stofna.	64
---	----

Hringrásarhagkerfi og auðlindanýting

Hringrásarhagkerfið í sjálfbærnistefnu okkar leggur áherslu á sjálfbæra auð-lindanýtingu, endurvinnslu og endur-nýtingu úrgangs, auk ábyrgðar í meðferð hættulegra efna.	71
--	----

Mannauður

Við leggjum ríka áherslu á faglega mannauðsstjórnun sem byggir á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Stefnum okkar miða að því að skapa eftirsóknar-verðan og öruggan vinnustað, þar sem mannréttindi, jafnrétti og vellíðan starf-sfólks eru í forgrunni.	77
--	----

Starfsfólk í virðiskeðju

Virðiskeðjan er óaðskiljanlegur hluti af rekstrinum og því er okkur mikilvægt að birgjar tryggi starfsfólki sínu sanngjörn starfskjör, öruggt vinnuumhverfi og virði mannréttindi.	93
--	----

Viðskiptavinir og notendur raforku

Stefnan okkar miðar að því að skapa virði fyrir viðskiptavini. Til að skilja hvað felst í virðisauka að mati viðskiptavina og hagaðila er nauðsynlegt að viðhalda reglulegu samtali og framkvæma mark-vissar kannanir.	97
--	----

Stjórnarhættir

Traust, gagnsæi og fyrirsjáanleiki skipta miklu máli í allri starfsemi okkar. Þessu tengt leggjum við áherslu á gott viðskiptasiðferði byggt á áhættustýringu, traustum stjórnarháttum, sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðjunni.	103
--	-----

Ávarp stjórnarformanns

Haraldur Flosi Tryggvason Klein

Stjórnarformaður Landsnets



Hlutverk Landsnets samkvæmt raforkulögum er að byggja upp flutningskerfi raforku á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, gæða raforku og stefnu stjórnvalda. Ekki er sjálfgefið að framangreindar forsendur vinni vel saman og fellur því það mikilvæga verkefni í hlut stjórnar fyrirtækisins að setja því stefnu sem nær þar réttu jafnvægi og leggur um leið skýrar línur um uppbyggingu flutningskerfis og framkvæmd raforkuflutninga á Íslandi.

Örugg afhending orku er eitt mikilvægasta sjálfbærnimál samtímans, þar sem öll önnur grunnkerfi reiða sig á aðgengi og örugga afhendingu á orku. Með góðu afhendingaröryggi er hægt að ná miklum árangri í umhverfis- og loftslagsmálum með hraðari orkuskiptum og samfélagsleg velferð og hagsæld verður meiri.

Í þessu sambandi hefur verið rætt um að orkufyrirtæki standi frammi fyrir þríþættri áskorun, það er að ná jafnvægi milli öryggis, sjálfbærni og hagkvæmni.* Örugg afhending orku er eitt mikilvægasta sjálfbærnimál samtímans, þar sem öll önnur grunnkerfi reiða sig á aðgengi og örugga afhendingu á orku. Með góðu afhendingaröryggi er hægt að ná miklum árangri í umhverfis- og loftslagsmálum með hraðari orkuskiptum og samfélagsleg velferð og hagsæld verður meiri. Um þetta snýst hlutverk Landsnets, að reka, stýra og byggja flutningskerfi raforku á sem bestan hátt til að tryggja orkuöryggi allra landsmanna í nútíð og framtíð. Flutningskerfi raforku þarf þannig að svara þörfum samfélags og atvinnulífs um land allt, enda aðgangur að orku ein af forsendum velmegunar í nútímasamfélagi.

Allt framangreint hvílir á því að mögulegt sé að byggja upp öruggt og hagkvæmt flutningskerfi sem þjónar notendum hverju sinni. Breytilegar þarfir notenda kalla á fjárfestingar sem aftur hafa áhrif á gjaldskrá Landsnets. Við blasir að fjárfestingaþörf á næstunni er veruleg en jafnframt að þarfir notenda eru fjölbreyttari en áður. Viðbúið er að gjaldskrá muni því hækka í samræmi við auknar fjárfestingar og ríður þá á að útfæra hana þannig að aukinn kostnaður deilist með sanngjörnum hætti á notendur.

Þótt hlutverk Landsnets sé skýrt og lagaumhverfi þess færi því ákveðið sjálfstæði, þá er fyrirtækið ekki eyland. Þannig hafa ýmsir ytri þættir á undanförunum árum tafið framkvæmdir sem eru nauðsynlegar til að viðhalda virkni flutningskerfisins. Æskilegt væri að breið samstaða náist um orkuöflun og nýtingu í samfélaginu og að á grundvelli slíkrar sáttar séu Landsneti færð skilvirkari tæki til að afla nauðsynlegra leyfa til framkvæmda. Háspennulínur eru jú samfélagslega mikilvægir innviðir og það verður einfaldlega að finna skilvirkar leiðir til að leysa úr ágreiningi og komast áfram. Þessa dagana vinna starfsmenn Landsnets hörðum höndum að greiningum og gerð sviðsmynda sem verða grundvöllur að endurskoðaðri stefnu fyrirtækisins sem stjórn hyggst leggja fram á vordögum. Ef vel tekst til þá verður jafnvægi öryggis, sjálfbærni og hagkvæmni náð og skýrar línur lagðar um uppbyggingu flutningskerfis og framkvæmd raforkuflutninga á Íslandi.

Landsnet væri ekkert án þeirra sem verkin vinna og vert að þakka starfsfólki fyrirtækisins alúð og tryggð við fyrirtækið sem og þeim fjölmörgu samstarfsaðilum fyrirtækisins sem tryggja áreiðanlegan raforkuflutning á hverjum degi.

* World Energy Trilemma Report 2024, á vef Alþjóðaorkuráðsins.

Ávarp forstjóra

Ragna Árnadóttir

Forstjóri Landsnets



Árið 2025 markaðist af áframhaldandi styrkingu flutningskerfisins enda er það, og verður, eitt af meginverkefnum Landsnets um komandi ár. Byggðalínan er komin til ára sinna, í gildi er stefna stjórnvalda um tvítengingu allra afhendingarstaða í flutningskerfinu fyrir árið 2040 og auk þess er eftirspurn raforku töluverð og mun einungis aukast, samanber sameiginlega orkuspá Landsnets, Raforkueftirlitsins og Umhverfis- og orkustofnunar.

Áhersla var lögð á styrkingu flutningskerfisins samhliða nauðsynlegu viðhaldi víða um land. Stærsta framkvæmdarverkefni ársins var tenging Vestmannaeyja við flutningskerfið með lagningu tveggja nýrra sæstrengja og gekk framkvæmdin vel.

Rekstur Landsnets hvílir á sterkum grunni og traustum fjárhag. Afkoman var í takti við áætlanir þrátt fyrir áskoranir í ytra umhverfi félagsins og voru áhrif bilunar í álveri Norðuráls á Grundartanga óveruleg en óvissa ríkir um áhrif hennar á árinu 2026.

Fjárfestingaráætlanir gengu ágætlega eftir og var árið eitt stærsta framkvæmdaár Landsnets frá stofnun fyrirtækisins. Áhersla var lögð á styrkingu flutningskerfisins samhliða nauðsynlegu viðhaldi víða um land. Stærsta framkvæmdarverkefni ársins var tenging Vestmannaeyja við flutningskerfið með lagningu tveggja nýrra sæstrengja og gekk framkvæmdin vel. Þá var tekið mikilvægt skref í eflingu afhendingaröryggis og tækifærum til uppbyggingar á Norðausturlandi með undirritun viljayfirlýsingar milli umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Landsnets og Rarik í nóvember síðastliðnum um aðgerðir til að styrkja raforkukerfið á svæðinu.

Stórt ár er að baki en stærsta fjárfestingartímabilið er rétt að hefjast. Landsnet hefur lagt fram endurskoðaða kerfis- og fjárfestingaráætlun til næstu 10 ára og er gert ráð fyrir allt að 150 ma.kr. fjárfestingum á þessu árabili. Margir óvissupættir eru þó fyrir hendi. Sagan sýnir okkur að framkvæmdir geta dregist úr hófi, leyfisveitingaferlið er þungt og sem og viðræður við rétthafa. Þá

þarf að haga fjárfestingum þannig að gjaldskrá Landsnets sé samkeppnishæf en í þeim efnum verður að líta á heildarmyndina: á raforkukostnað í heild sinni, afhendingaröryggi og áfallapol flutningskerfisins. Markmið fjárfestinganna sem eru fram undan eru einmitt að styrkja þessa tvo síðastnefndu þætti.

Ég vil þakka starfsfólki Landsnets fyrir vel unnin störf, viðskiptavinum og öðrum samstarfsaðilum þakka ég gott samstarf. Með sameiginlegri sýn, fagmennsku og framsýni getum við tekist á við þær áskoranir sem fram undan eru og skapað varanlegt virði fyrir samfélagið.


Í fréttum var þetta helst



02.01.2025

Uppfærsla á gjaldskrár Landsnets fyrir árið 2025

Um áramótin tekur ný gjaldskrá gildi hjá Landsneti. Styrking flutningskerfisins og uppbyggingin sem fylgir því er einn mikilvægasti hlekkurinn í auknu raforkuöryggi og lífsgæðum í landinu.



03.01.2025

Niðurstöður úr útboði á raforku vegna viðbótartapa

Þann 12. nóvember fékk Landsnet niðurstöður úr útboði á raforku vegna viðbótartapa á fyrri hluta næsta árs. Orka vegna grunntapa fyrir sama tímabil var þegar tryggð í júní síðastliðnum.



03.01.2025

Niðurstöður úr útboði á raforku vegna viðbótartapa

Þann 12. nóvember fékk Landsnet niðurstöður úr útboði á raforku vegna viðbótartapa á fyrri hluta næsta árs. Orka vegna grunntapa fyrir sama tímabil var þegar tryggð í júní síðastliðnum.



06.01.2025

Með nýrri kynslóð magnast spennan

Í 20 ár höfum við stuðlað að öruggri og stöðugri afhendingu raforku til landsmanna. Með nýrri kynslóð byggðalínu magnast spennan og þannig tryggjum við öflugra flutningskerfi fyrir framtíðina.



09.01.2025

52 sóttu um starf forstjóra

Leitin að næsta forstjóra Landsnets er komin á fullt skrið og mikil eftirvænting ríkir um hver muni taka við keflinu en alls bárust 52 umsóknir um starfið, 17 konur og 35 karlar.

Ársreikningur 2025

Sterk fjárhagsstaða er lykilforsenda þess að unnt sé að halda áfram uppbyggingu og styrkingu flutningskerfisins til lengri tíma.

Helstu niðurstöður ársreiknings

[Skoða ársreikninginn](#) 

97,7 m

Handbært fé í lok árs nam 48,9 milljónum USD og handbært fé frá rekstri nam 97,7 milljónum USD.



44,9 m

Hagnaður nam 44,9 milljónum USD á árinu 2025 samanborið við 43,1 milljón USD hagnað á fyrra ári.



1.371,6 m

Heildareignir námu 1.371,6 milljónum USD í árslok samanborið við 1.236,2 milljónir USD í lok fyrra árs.

7,2%

Arðsemi eigin fjár, á ársgrundvelli, var 7,2% á árinu 2025.

76,9 m

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 76,9 milljónum USD samanborið við 70,5 milljónir USD á fyrra ári.

665,5 m

Eigið fé nam 665,5 milljónum USD í árslok og eiginfjárhlutfall 48,5%

Fréttatilkynning:

Eitt stærsta framkvæmdaár Landsnets

- Stöðugur rekstur og félagið fjárhagslega sterkt
- Eitt stærsta framkvæmdaár félagsins með fjárfestingum fyrir um 118 milljónir USD (14,9 ma.kr.)
- Hagnaður af grunnrekstri 44,9 milljónir USD (5,6 ma.kr.) og hækkar um 1,8 milljónir USD á milli ára
- Tillaga um arðgreiðslur til eigenda sem nema 22,5 milljónum USD (um 2,8 ma.kr.)

Ársreikningur Landsnets fyrir árið 2025 var samþykktur á fundi stjórnar, 24. febrúar. Rekstur ársins gekk vel og afkoma félagsins var í takti við áætlanir þrátt fyrir ýmsar áskoranir.

„Árið 2025 var eitt stærsta framkvæmdaár félagsins. Áhersla var lögð á styrkingu flutningskerfisins samhliða nauðsynlegu viðhaldi víða um land. Stærsta framkvæmdarverkefni ársins var tenging Vestmannaeyja við flutningskerfið með lagningu tveggja nýrra sæstrengja og gekk framkvæmdin vel. Þá var stigið mikilvægt skref í eflingu afhendingaröryggis og afhendingargetu á Norðausturlandi með viljayfirlýsingu um aðgerðir til að styrkja raforkukerfið á svæðinu. Eftirspurn eftir raforku mun aukast til lengri tíma og orkuskipti kalla á öflugra og sveigjanlegra flutningskerfi. Hlutverk okkar er að tryggja að kerfið styðji við þá þróun með traustum innviðum. Með sterkum rekstri og skýrri forgangsröðun verkefna er Landsnet vel í stakk

búið til að efla flutningskerfið og skapa virði fyrir samfélag og atvinnulíf,“ segir Ragna Árnadóttir, forstjóri Landsnets.

Öryggi og áfallapol

Raforkukerfi Íslands er einangrað og ekki samtengt öðrum löndum. Á árinu 2025 var lögð áhersla á að styrkja lykilinnviði og sinna markvissu viðhaldi. Unnið var að því að efla viðbúnað og styrkja kerfið þannig að afhendingaröryggi haldist traust við margvíslegar aðstæður.

Gjaldskrá Landsnets þarf, samkvæmt því regluverki sem fyrirtækið starfar undir, að endurspegla raunverulegan kostnað við uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins. Í ljósi umfangsmikillar fjárfestingarþarfar er mikilvægt að tryggja jafnvægi milli nauðsynlegrar uppbyggingar, afhendingaröryggis og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

„Þegar samkeppnishæfni Íslands er metin þarf að horfa til heildarkostnaðar raforku, afhendingaröryggis og áfallapols kerfisins. Flutningskerfið þarf að vera í stakk búið að mæta áföllum án utanaðkomandi stuðnings. Öruggur og stöðugur rekstur þess er forsenda uppbyggingar samfélags og atvinnulífs,“ segir Ragna.

Traustur rekstur og sterk fjárhagsstaða

Afkoma Landsnets á árinu 2025 var góð og rekstur stöðugur. Hagnaður ársins var 44,9 milljónir USD (5,6 ma.kr.) í samanburði við 43,1 milljón USD (5,4 ma.kr.) á árinu 2024. Heildareignir félagsins námu 1.371,6 milljónum USD (171,7 ma.kr), eigið fé félagsins í árslok var 665,5 milljónir USD (83,3 ma.kr), þar af var hlutafé 45,5 milljónir USD. Handbært fé frá rekstri nam 97,7 milljónum USD (12,2 ma.kr.) og fjárfesting ársins nam 118 milljónum USD (14,9 ma.kr). Stjórn leggur til arðgreiðslur til eigenda 22,5 milljónir USD (um 2,8 ma.kr) vegna rekstrarársins 2025.

Sterk fjárhagsstaða er lykilforsenda þess að unnt sé að halda áfram uppbyggingu og styrkingu flutningskerfisins til lengri tíma.

Árið í tölulegum upplýsingum




Mælikvarðar	Árangur 2023	Árangur 2024	Árangur 2025	Markmið
Afhendingaröryggi	99,9965%	99,9990%	99,9962%	99,9905%
Ánægja viðskiptavina	3,9	3,9	3,7	4,2
Arðsemi eigin fjár	5,2%	8,0%	7,2%	7,5%
Kolefnislosun umfang 1	2.592	2.777	5.275	3.127
Helgun starfsfólks	4,0	4,0	4,2	4,4
Slysatiðni	1	1	0	0

Lykiltölur (fjárhæðir í þúsundum usd).	2025	2024	2023
Úttekt (GWh)	17.534	18.329	18.943
Töp (GWh)	352	378	403
Töp sem hlutfall af innmötun	2,0%	2,0%	2,1%
Rekstrartekjur	208.261	188.953	169.251
Fjárfestingahreyfingar	118.747	83.081	63.576
Fjárfestingahreyfingar sem hlutfall af rekstrartekjum	57,0%	44,0%	38,0%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	76.892	70.469	52.685
Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum	36,9%	37,3%	31,1%
Almennur rekstrarkostnaður *	57.697	46.510	44.343
Almennur rekstrarkostnaður sem hlutfall af rekstrartekjum	27,7%	24,6%	26,2%

* Almennur rekstrarkostnaður = Rekstrargjöld – Afskriftir – Kerfisþjónusta og töp


Lykiltölur (fjárhæðir í þúsundum usd).	2025	2024	2023
Hagnaður (tap)	44.886	43.136	25.567
Hagnaður (tap) sem hlutfall af rekstrartekjum	21,6%	22,8%	15,1%
Eignir	1.371.594	1.236.166	1.113.574
Eigið fé	665.453	574.944	507.500
Skuldir	706.141	661.222	606.074
Arðsemi meðalstöðu eiginfjár	7,2%	8,0%	5,2%
Eiginfjárhlutfall	48,5%	46,5%	45,6%
Lengd loftlína í rekstri	3.185	3.300	3.262
Lengd jarð- og sæstrengja í rekstri	449	360	362
Stöðugildi í árslok	170	168	157

Rekstrartekjur og EBITDA/tekjur




● Rekstrartekjur — EBITDA/Tekjur

Greidd vaxtagjöld og gengismunur vaxtaþekja




● Greidd vaxtagjöld — Vaxtaþekja

Skammtímaskuldir og veltufjárhlutfall




● Skammtímaskuldir — Veltufjárhlutfall

EBIT og rekstrarhagnaðarhlutfall




● EBIT — Hagnaðarhlutfall

Orkuúttekt og flutningstöp



● Úttekt — Flutningstöp

Eigið fé og eiginfjárhlutfall




● Eigið fé — Eiginfjárhlutfall

Skattaspor

Við hjá Landsneti förum eftir íslenskum lögum og reglum þegar kemur að greiðslu ýmissa gjalda og skatta, sem er í samræmi við skattastefnu fyrirtækisins. Skattaspor okkar nam 4,0 milljörðum kr. á árinu 2025. Skattasporið samanstendur af sköttum og gjöldum sem við greiðum og þeim sköttum sem það innheimti, ásamt mótframlagi í lífeyrissjóði starfsmanna og stóðum skil á til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða.

Annað framlag okkar til samfélagsins var með greiðslu launa sem nam 2,9 milljarða króna til starfsmanna sinna og nettó virðisaukaskatt uppá 1,9 milljarða króna. Einnig greiddum við arðgreiðslu til íslenskra eigenda upp í 2,4 milljarða króna, þar af til íslenska ríkisins um það bil 2,2 milljarða króna.

Skattaspor Landsnets



- Tekjuskattur
- Lífeyrissjóðsgjöld starfsfólks
- Tryggingagjald
- Eignaskattur
- Staðgreiðsla starfsfólks
- Eftirlitsgjöld
- Mótframlag starfsfólks

Skattaspor Landsnets í milljörðum kr.	2025	2024	2023	2022
Gjöld félagsins samtals:	2,9	1,7	1,8	1,7
Tekjuskattur	2,0	0,8	0,9	0,9
Lífeyrissjóðsiðgjöld starfsfólks	0,4	0,4	0,4	0,3
Tryggingagjald	0,2	0,2	0,2	0,2
Eignaskattar	0,2	0,2	0,2	0,2
Eftirlitsgjöld	0,1	0,1	0,1	0,1
Greiðslur frá starfsfólki samtals:	1,1	1,0	0,9	0,8
Staðgreiðsla starfsfólks	0,9	0,8	0,7	0,6
Mótframlag starfsfólk í lífeyrissjóði	0,2	0,2	0,2	0,2
Skattaspor Landsnets samtals:	4,0	2,7	2,7	2,5

Flokkunarreglugerð ESB

(e. *EU Taxonomy*)

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum samkvæmt gr. 66d í ársreikningalögum nr. 3/2006 og er Landsnet þar á meðal.


Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hægri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Sjá mælikvarða á mynd hér til hliðar.


Árið 2023 lagði Landsnet mat á hvaða hluti starfseminnar telst hæfur samkvæmt ákvæðum flokkunarreglugerðarinnar. Niðurstöður leiddu í ljós að flokkur 4.9 Flutningur og dreifing á raforku fellur undir umhverfismarkmiðið mildun loftslagsbreytinga, sem er jafnframt meginstarfsemi Landsnets. Starfseminni er lýst sem: Uppbygging og starfræksla flutningskerfa sem flytja raforku um samtengt kerfi fyrir mjög háa spennu og háspennu. Engin breyting var á þessari greiningu milli ára.

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunarreglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. *substantial contribution*) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. *do no significant harm*), auk þess að uppfylla lágmarks verndaráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að viðmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Landsnet lagði í þá vinnu árið 2024 og var sú vinna yfirfarin á nýafstöðu starfsári og má sjá nánari niðurstöður í ársreikningi okkar fyrir árið 2025.


Velta



Rekstrargjöld



Fjárfestingagjöld



Í fréttum var þetta helst



04.02.2025

Verk- og matslýsing kerfisáætlunar 2025–2034 komin út

Verkefnis- og matslýsing fyrir vinnslu Kerfisáætlunar Landsnets 2025–2034 er komin út. Þar er meðal annars er gerð grein fyrir meginforsendum kerfisáætlunar og hvernig efnistöð umhverfisskýrslu eru fyrirhuguð.



17.02.2025

Ragna Árnadóttir ráðin forstjóri Landsnets

Stjórn Landsnets hefur ráðið Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, sem forstjóra fyrirtækisins og mun hún hefja störf þann 1. ágúst.



20.02.2025

Sterkur grunnur til framtíðar: Ársreikningur 2024 lagður fram

Ársreikningur Landsnets 2024 var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 20. febrúar 2025.

20 LANDSNET

2025

20 ára afmæli

Við fögnuðum 20 ára afmæli á árinu og var tímamótunum fagnað með margvíslegum hætti, meðal annars með veglegum vorfundi, afmælismarki og með því að minna á sögu fyrirtækisins við hvert tækifæri sem gafst.

ESRS 2

Almenn upplýsingakrafa

Við hjá Landsneti störfum samkvæmt lögum og innan reglubundins ramma við að tryggja hagkvæma, sjálfbæra og örugga afhendingu rafmagns.

Skýrslugjöf um sjálfbærni

Við hjá Landsneti störfum samkvæmt lögum og innan reglubundins ramma við að tryggja hagkvæma, sjálfbæra og örugga afhendingu rafmagns. Í sjálfbærnistefnunni okkar er lögð áhersla á að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum, meðal annars með orkuskiptum og bættri orkunýtingu. Við leggjum áherslu á sjálfbærar framkvæmdir við uppbyggingu og viðhald flutningskerfisins, þar sem umhverfisáhrif og líffræðileg fjölbreytni eru höfð að leiðarljósi.

Um leið tryggjum við gagnsæi, trausta áhættustýringu og góða stjórnarhætti í öllu okkar starfi. Samfélagsleg ábyrgð er okkur mikilvæg og við leggjum áherslu á að starfsemi okkar samræmist hagsmunum hagaðila.

Stýrihópur í sjálfbærni hefur verið starfandi í þrjú ár og samanstendur af sérfræðingum frá ólíkum sviðum fyrirtækisins en framkvæmdastjóri mannauðs og umbóta fer fyrir vinnunni.

Á síðasta ári gáfum við út árs- og sjálfbærnisráðgjöf þar sem ESRS-staðallinn (e. *European Sustainability Reporting Standards*), sem byggir á CSRD-reglugerð Evrópusambandsins (e. *Corporate Sustainability Reporting Directive*), var hafður til hliðsjónar og ákveðið var að halda þeirri vegferð áfram í skýrslu ársins 2025. Fengin var ytri ráðgjöf við að rýna bæði 2024 skýrsluna og tvíþátta mikilvægisgreininguna og var skýrslan í ár unnin út frá niðurstöðum þeirrar greiningar.

”

Hröð tækniþróun og síbreytilegt öryggisumhverfi settu sterkan svip á árið, þar sem megináhersla var lögð á að efla stafræna innviði og netöryggi Landsnets. Fagmennska og samvinna starfsfólks skiptu þar lykilmáli.

“

Jóhannes Þorleiksson

framkvæmdastjóri upplýsingagreindar og tækni



Unnið er út frá einfölduðum ESRS-staðli, samkvæmt uppfærðum drögum (e. *Draft simplified ESRS*), þar sem búið er að fækka gagnapunktum, samræma og bæta uppbyggingu staðals og einfalda orðalag.

Staðallinn gerir kröfu um tvíþátta mikilvægisgreiningu og byggjum við áfram á okkar greiningu sem var framkvæmd árið 2023 í samstarfi við KPMG. Við höfum uppfært hana og bætt við skýrari tengingu við ESRS-staðalinn og þá mikilvægisþætti sem við leggjum áherslu á í þessari skýrslu.

Þeir þættir sem við fjöllum um í þessari skýrslu eru loftslagsbreytingar, líffræðileg fjölbreytni

og vistkerfi, hringrásarhagkerfi og auðlindanýting, mannauður, starfsfólk í virðiskeðju, viðskiptavinir og notendur raforku og stjórnarhættir.

Nánari umfjöllun um greininguna má finna í kafla IRO-1.

Áfram verður unnið að því að bæta fylgni við staðalinn eins og kostur er og tekið mið af breytingum á honum ef um slíkt verður að ræða.

Skýrslan birtist á sama tíma og ársreikningur 2025 en við birtum fjárhagslegar upplýsingar einungis fyrir Landsnet en ekki á samstæðugrundvelli.

Til að tryggja að öll gögn sem notuð voru við gerð þessarar skýrslu væru bæði áreiðanleg og rekjanleg nýttum við fjölbreyttar aðferðir við öflun þeirra.



Framkvæmdum **innri mælingar á rekstri og losun**, sem fela í sér orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda og umhverfisáhrif framkvæmda.



Nýttum gögn frá **eftirlitsstofnunum og hagaðilum**, upplýsingar frá birgjum og samstarfsaðilum og notum reikniforsendur sem byggja á viðurkenndum alþjóðlegum aðferðum.



Lögðum áherslu á **óháðar úttektir** og vottanir til að tryggja að starfsemin samræmist gæða- og sjálfbærni viðmiðum.



Fengum **óháða ráðgjöf** varðandi umhverfisáhrif, kolefnisspor og sjálfbærniáhrif, sem er innleitt í sjálfbærnisráðgjöf í samræmi við alþjóðleg viðmið.



Kortlögðum **virðiskeðju** fyrirtækisins og ná upplýsingar í skýrslunni yfir virðiskeðju alls fyrirtækisins. Upplýsingar um virðiskeðju má finna í kafla SBM-1.

Sjálfbærnistefna Landsnets

Framtíðarsýn

Landsnet er þjónustufyrirtæki í eigu þjóðarinnar og gegnir lykilhlutverki í að reka og viðhalda einni af grunnstoðum nútímasamfélags – flutningskerfi raforku. Sjálfbærni er undirstaða allra ákvarðana og verkefna hjá Landsneti, þar sem heildarhagsmunir samfélagsins, umhverfisins og efnahagslífsins eru hafðir að leiðarljósi.

Landsnet vinnur markvisst að því að tryggja afhendingaröryggi raforku, lágmarka umhverfisáhrif og stuðla að sjálfbærri þróun með ábyrgum starfsháttum. Landsnet hyggst vera leiðandi í sjálfbærni og ábyrgum rekstri sem styður samfélagið,

náttúruna og hagkerfið til framtíðar.

Stefna Landsnets byggir á alþjóðlegum viðmiðum, lögum og stöðlum. Landsnet innleiðir markmið í sjálfbærnimálum í samræmi við reglugerð Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingar fyrirtækja (CSRD), byggt á ESRS-stöðlum, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ISO-vottunum.

Þetta tryggir gagnsæi, ábyrgð og stöðugar umbætur í starfsemi fyrirtækisins.





Samfélag

Velsæld starfsfólks

Landsnet fylgir eftir mannauðs- og mannréttindastefnu og jafnlaunavottun til að vinna gegn kynbundnum launamun. Lögð er áhersla á jafnrétti, fjölbreytni, öryggi, uppbyggingu þekkingar, starfsánægju og velsæld starfsfólks.

Samfélagsábyrgð

Landsnet leggur áherslu á opið og gagnsætt samtal við hagaðila og nærsamfélag, byggt á samráði og upplýsingagjöf.

Uppbygging og rekstur flutningskerfis

Flutningskerfið gegnir lykilhlutverki í nýtingu og samkeppnishæfni endurnýjanlegrar raforku í landinu sem er nauðsynleg forsenda orkuskipta og styður þannig við skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum.

Framlag til þekkingar og nýsköpunar

Landsnet styður við rannsóknir, nýsköpun og þróun í samstarfi við orkugreinina og háskóla- og nýsköpunarsamfélagið.





Umhverfi

Loftslagsmál

Landsnet vinnur markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og fylgir eftir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum. Hjá Landsneti eru raforkumál loftslagsmál og gegna lykilhlutverki í orkuskiptum þjóðarinnar.

Umhverfisáhrif

Landsnet umgengst auðlindir náttúrunnar með varfærum hætti við uppbyggingu og rekstur mannvirkja. Ávallt er horft til þess hvernig lágmarka megi neikvæð áhrif á auðlindir, líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi í ákvarðanatöku og framkvæmdum.

Hringrásarhagkerfi

Landsnet vinnur að sjálfbærri auðlindanýtingu, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs og ábyrgri meðferð hættulegra efna með það að markmiði að stuðla að hringrásarhagkerfi.





Ábyrgir starfshættir

Góðir stjórnarhættir

Landsnet leggur ríka áherslu á viðskiptasiðferði og áhættustýringu með áherslu á trausta stjórnarhætti, sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðjunni.

Skilvirkni og fjárfestingar

Með hagkvæmum rekstri og skynsamlegum fjárfestingum stuðlar Landsnet að framförum gagnvart atvinnulífinu og fólkinu í landinu.

Stöðugar umbætur

Landsnet er með ISO-vottað stjórnunarkerfi sem eykur skilvirkni, gæði og stöðugar umbætur í allri starfsemi fyrirtækisins.



Heimsmarkmiðin



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, sem snerta efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega þætti, samanstanda af 17 meginmarkmiðum, 169 undirmerkiðum og 232 mælikvörðum. Við höfum forgangsraðað átta heimsmarkmiðunum sem að okkar mati tengjast starfsemi fyrirtækisins. Sex þeirra hafa verið samtvinnuð inn í sjálfbærnistefnuna okkar.



Sjálfbærniögn
CREDITINFO 2025



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025

Við fengum tvær viðurkenningar frá Creditinfo á árinu: Framúrskarandi fyrirtæki og sjálfbærnivottun. Viðurkenningarnar staðfesta sterka stöðu, gagnsæi og markvissa vinnu við sjálfbærni.

Í fréttum var þetta helst



06.03.2025

Flutningur rafmagns fyrir þjóðaröryggi í brennidepli á vorfundi Landsnets


„Það sem þið gerið er kítískur þáttur í þjóðaröryggi Íslendinga. Þið getið bókstaflega sagt, við erum ljós Íslands, þegar þið haldið ljósunum logandi í hamförum þá haldið þið einnig voninni lifandi um að þó það gefi á bátinn, þá verði þetta allt í lagi.“



06.03.2025

Ný gjaldskrá tók gildi 1. mars


Nýlega var innmötunargjald endurgreitt til raforkuframleiðenda og í kjölfarið höfum við endurmetið gjaldskrána til að tryggja stöðugleika. Þetta endurmat hefur hvorki áhrif á gildandi tekjumörk sem Raforkueftirlitið hefur sett Landsneti né á heildartekjur fyrirtækisins.



12.03.2025

„Án orku verður ekki hagvöxtur“

Þessi orð formanns Samtaka iðnaðarins féllu á lönþingi fyrr í þessum mánuði. Samband orkunotkunar og hagvaxtar er vel þekkt og margstaðfest. Því má síðan við bæta að án nýrrar orkuvinnslu verða hvorki orkuskipti né árangur í loftslagsmálum.



13.03.2025

Héraðsdómur hafnar kröfu landeigenda – Suðurnesjalína 2 í rekstur í haust

Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í dag kröfu nokkurra landeigenda um að ógilt yrði ákvörðun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra frá 21. júní 2024 um heimild Landsnet til eignarnáms réttinda vegna lagningar Suðurnesjalínu 2 í landi þriggja jarða í Sveitarfélaginu Vogum.

Í fréttum var þetta helst



18.03.2025

Högg kom á kerfið þegar Norðurál sló út

Fyrr í kvöld sló Norðurál út og við það kom högg á kerfið. Yfir 700 Megavött (MW) fóru út á augabragði sem telst gríðarlega stórt högg á flutningskerfið.



18.03.2025

Gjald vegna flutningstapa lækkar

Þann 1. apríl verða gerðar breytingar á flutningsgjaldskrá vegna flutningstapa.



31.03.2025

Ný stjórn – Haraldur Flosi Tryggvason Klein kjörinn stjórnarformaður

Á aðalfundi Landsnets sem haldinn var föstudaginn 28. mars var ný stjórn fyrirtækisins kjörin en hana skipa þau Haraldur Flosi Tryggvason Klein formaður, Harpa Þuríður Böðvarsdóttir, Kristján Arinbjarnar, Stefán Pétursson og Ruth Elfarsdóttir. Varamenn voru kosin þau Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir og Einar Þorsteinsson.

Greining og upplýsingagjöf við sérstakar aðstæður

Sérstakar kringumstæður og óvæntir atburðir eins og náttúruvá og veðurfar, dómsmál, leyfismál og samskipti við samfélagið geta haft áhrif á rekstur flutningskerfis.

Ef óvæntir atburðir eða frávik hafa áhrif á reksturinn eru stjórn

og stjórnendur upplýst um viðbrögð og aðgerðir til að draga úr áhættu og leiðir til að nýta það sem tækifæri til umbóta. Sama á við um breytingar á löggjöf á sviði orkumála sem eru samþykktar af stjórnvöldum sem krefjast viðbragða okkar.

Fjárhagslegur styrkleiki skiptir meginmáli í rekstri og uppbyggingu flutningskerfis raforku þar sem stöðugar tekjur, sterkt sjóðstreymi og hagkvæmni í rekstri leika lykilhlutverk. Stöðugleiki og fyrirsjáanleiki í því regluverki sem Landsnet starfar undir er mikilvæg forsenda til að geta byggt upp framtíðarflutningskerfi á grundvelli raunhæfra áætlana með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

”

Guðlaug Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri fjármála og árangurs



“



Stjórn Landsnets



Harpa Þuríður Böðvarsdóttir

Meðstjórnandi

Harpa er með meistaragráðu í fjármálum fyrir tækja (HR) og í stjórnun og stefnumótun (HÍ/CBS). Hún starfar sem staðgengill forstjóra hjá Samgöngustofu og hefur verið þar frá 2020. Áður var hún forstöðumaður stefnu og árangurs hjá Veitum og verkefnastjóri nýrrar heilbrigðis stefnu Íslands (2018–2020). Harpa starfaði einnig í nær 15 ár hjá Actavis, lengst af í stjórnenda stöðum á sviði mannauðs og skipulagsþróunar.



Haraldur Flosi Tryggvason Klein

Stjórnarformaður

Haraldur er lögfræðingur með Cand.jur.-gráðu frá Háskóla Íslands og framhaldsmenntun í Evrópu rétti (Magister Juris) frá Oxford University. Hann lauk jafnframt MBA-gráðu frá Oxford Brookes University. Haraldur starfar sem lögmaður og ráðgjafi og

hefur jafnframt sinnt kennslu og setið í stjórnum fyrirtækja og félagasamtaka. Hann hefur viðtæka reynslu af stjórnarstörfum í opinberum fyrir tækjum, meðal annars sem formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og varaformaður stjórnar Landsvirkjunar um tíma.



Stefán Pétursson

Meðstjórnandi

Stefán er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA-gráðu frá Babson College í Boston. Hann starfar sem fjármálastjóri lyfjaþróunarfyrir tækisins EpiEndo Pharmaceuticals og hefur áratuga reynslu úr orku- og fjármálageiranum. Stefán gegndi áður stjórnendastöðum hjá Landsvirkjun og var fjármálastjóri Arion banka um árabíl. Hann hefur jafnframt setið í stjórnum fjölda fyrirtækja og stofnana.



Ruth Elfarsdóttir

Meðstjórnandi

Ruth er viðskiptafræðingur með M.Sc. í stjórnun og stefnumótun frá Háskóla Íslands. Hún starfar sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs Sensa by Crayon og hefur yfir 30 ára reynslu úr fjármála- og rekstrarstjórnun. Ruth gegndi áður stjórnendastörfum hjá Vegagerðinni og Alcoa Fjarðaáli og hefur jafnframt starfað hjá Samskipum og Skeljungi. Hún hefur lokið viðurkenndu stjórnarmannanámi frá Háskóla Íslands.



Kristján Arinbjarnar

Meðstjórnandi

Kristján er verkfræðingur (HÍ 1984) og Civ. Ing. (DTU 1986) með yfir 35 ára reynslu af hönnun, ráðgjöf og framkvæmdum, meðal annars sem framkvæmdastjóri hjá ÍAV (2000–2024). Hann hefur starfað sjálfstætt frá 2024 og sérhæfir sig í verkefnastjórnun, stefnumótun og kostnaðareftirliti. Að auki hefur Kristján kennt við HÍ og setið í stjórnum ýmissa fagfélaga.

Framkvæmdastjórn



Ragna Árnadóttir

Forstjóri

Ragna er lögfræðingur að mennt, með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands, auk þess að vera með LL.M.-gráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi. Ragna á að baki fjölbreytta starfsreynslu. Hún var áður skrifstofustjóri Alþingis. Þá hefur hún gegnt embætti dóms- og kirkjumálaráðherra og síðar embætti dómsmála- og mannréttindaráðherra og var aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar í átta ár. Samhliða þessum störfum hefur Ragna gegnt margs konar ábyrgðar- og trúnaðarstörfum.



Nils Gústavsson

Framkvæmdastjóri eigna og reksturs

Nils er með meistaraþróf í rafmagnsverkfræði frá Danmarks Tekniske Universitet. Hann hóf störf hjá Landsneti sem deildarstjóri kerfisstjórnar, tók við svo við starfi framkvæmdastjóra eigna og reksturs. Áður starfaði Nils sem yfirmaður stjórn stöðvar hjá Landsvirkjun.



Guðlaug Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri fjármála og árangurs

Guðlaug er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og tók við starfi framkvæmdastjóra fjármála hjá Landsneti árið 2008. Áður hafði hún starfað sem fjármálastjóri sveitarfélags og hjá sjávarútvegsfyrirtæki. Guðlaug er er einnig stað gengill forstjóra og situr í stjórn Samorku.



Þorvaldur Jacobsen

Framkvæmdastjóri kerfisstjórnunar

Þorvaldur hefur BS-próf í rafmagnsverkfræði og tölvunarfræði frá Háskóla Íslands og meistara gráðu frá Texas-háskóla. Hann hefur gegnt stjórn unarstörfum áður en hann tók við núverandi starfi og setið í stjórnnum meðal annars Stéttarfélags verkfræðinga og Landsbankans.



Guðný Björg Hauksdóttir

Framkvæmdastjóri mannauðs og umbóta

Guðný er með BA-próf í stjórnmálafræði og diplóma í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Hún hefur 18 ára reynslu úr áliðnaði, meðal annars sem framkvæmdastjóri heilsu-, öryggis- og mannauðsmála hjá Fjarðaáli og mannauðs stjóri hjá Norðuráli.



Jóhannes Þorleiksson

Framkvæmdastjóri upplýsingagreindar og tækni

Jóhannes er með MSc-próf í raforkuverkfræði og hefur víðtæka reynslu af ráðgjöf á sviði raforku, kerfisgreininga og öryggismála. Hann starfaði áður sem forstöðumaður rafveitu hjá Veitum, auk þess að hafa verið framkvæmdastjóri Norconsult á Íslandi.




Svandís Hlín Karlsdóttir

Framkvæmdastjóri viðskipta- og kerfisþróunar


Svandís er með meistaraþróf í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands og nám frá KTH í Stokkhólmi. Hún hóf störf hjá Landsneti sem sérfræðingur, varð forstöðumaður viðskiptaþróunar og tók svo við núverandi starfi. Hún hefur einnig starfað í Svíþjóð og setið í stjórnnum Orkuklasans og Kvenna í orkumálum.

Eigendur

Landsnet er hlutafélag í eigu ríkissjóðs og Orkuveitu Reykjavíkur og tók til starfa í ársbyrjun 2005. Fyrirtækið starfar samkvæmt sérleyfi og er háð eftirliti Raforkueftirlitsins sem ákveður tekjumörk sem gjaldskrár byggja á.



Skipuritið sýnir skipan verkefna og ábyrgðar á tímabilinu.



Stjórnskipulag og þáttur þess í sjálfbærni

Stjórnin ber ábyrgð á að sjálfbærni sé órjúfanlegur hluti af starfseminni. Ábyrgðaraðili stýrihóps um sjálfbærni upplýsir reglulega framkvæmdastjórn og stjórn um stöðu og framgang sjálfbærnimála. Forstjóri ber ábyrgð á því að samþykka og yfirfara sjálfbærnistefnuna og tryggja að hún sé í samræmi við stefnu stjórnvalda og alþjóðlegar kröfur.

Eftirlit með sjálfbærniaðgerðum er tryggt með innri og ytri úttektum þar sem árangur er metinn á grundvelli skilgreindra mælikvarða. Skýrslugjöf um sjálfbærni er hluti af reglulegri upplýsingagjöf til stjórnar og framkvæmdastjórnar og eru niðurstöður nýttar til að bæta og þróa sjálfbærnistefnu og aðgerðir enn frekar. Með þessu verklagi er tryggt að sjálfbærni sé samofin starfsemi fyrirtækisins.


Með nýrri stjórn og nýjum forstjóra er fyrirtækið í stefnumótun þvert á svið og deildir. Vinna við stefnumótun hófst með starfsdegi alls starfsfólks þann 2. október 2025 þar sem hver og einn starfsmaður fékk tækifæri til þess að koma sínum áherslum á framfæri. Umræða um sjálfbærni var fyrirferðarmikil í hugmyndavinnu starfsfólks um framtíðaráherslur fyrirtækisins.

Stjórn Landsnets ber ábyrgð á stefnumótun og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda, sem meðal annars eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Stjórnin fer með málefni fyrirtækisins og skal sjá til þess að stjórnskipulag rekstrar þess og starfsemi séu jafnan í réttu og góðu horfi. Stjórnin ræður forstjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri og var Ragna Árnadóttir ráðin forstjóri Landsnets sumarið 2025 í stað Guðmundar Inga Ásmundssonar sem lét af störfum vegna aldurs eftir farsælan feril.

Ný stjórn tók við vorið 2025 en valnefnd á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins kom með tillögu að stjórnarmeðlimum út frá hæfni umsækjenda. Starfsfólk Landsnets á ekki fulltrúa í stjórn fyrirtækisins.

Í stjórninni sitja fimm einstaklingar, þrír karlar og tvær konur, og tveir varamenn að auki. Stjórnin uppfyllir því skilyrði hlutafélagalaga um að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%.

Kynjahlutfall í stjórn



GOV-2

Hvatagreiðslur í tengslum við árangur í sjálfbærni

Hvatagreiðslur eru ekki greiddar hjá okkur, hvorki vegna sjálfbærnimála né annarrar vinnu, og eru ekki hluti af launagreiðslum fyrirtækisins. Við höfum sett okkur markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og innleitt mótvægisaðgerðir til að minnka áhrif loftslagsbreytinga á rekstur og flutningskerfi raforku.

Starfsfólk er hvatt til að nýta sér samgöngustyrki ef það ferðast á vistvænan máta til og frá vinnu með það að markmiði að draga úr losun í umfangi 3. Styrkurinn er veittur þeim sem ferðast gangandi, á hjóli, með almenningssamgöngum eða rafbílum til að draga úr losun í umfangi 3 en þannig tengjum við sjálfbærni við hvata og minnkum losun.

Það er ánægjulegt að starfsfólki sem nýtir sér samgöngustyrkinn fer fjölgandi en 78 manns nýttu sér styrkinn á árinu.


Svandís Hlín Karlsdóttir

framkvæmdastjóri viðskipta- og kerfispróunar



“ Áhersla á skilvirkni og áframhaldandi þróun einkenndi árið, þar sem unnið var markvisst að umbótum í viðskiptalausnum og kerfum. Með nánun samstarfi við önnur svið var stuðlað að betri ferlum og upplýstari ákvarðanatöku. ”


Í fréttum var þetta helst



10.04.2025

Sterkt flutningskerfi forsenda orkuöryggis

Kerfisáætlunin okkar er nú komin í umsagnarferli, hún er ein mikilvægasta stefnumótunin okkar þar sem við leggjum línurnar fyrir þróun raforkukerfisins til næstu ára og förum yfir þær framkvæmdir sem eru fram undan.



22.04.2025

Hvernig tryggjum við samkeppnishæfni þjóðar?

Samkeppnishæfni Íslands hefur lengi hvílt á traustum grunni. Stöðugt aðgengi að áreiðanlegri, umhverfisvænni og hagkvæmri raforku. Í því samhengi gegnir flutningskerfi raforku lykilhlutverki. Það er hryggjarstykkið í verðmætasköpun þjóðarinnar, innviður sem heldur öllu öðru gangandi. Landsnet, fyrirtækið sem rekur flutningskerfið, er nú 20 ára.



29.04.2025

Kynning á kerfisáætlun hafin – öruggt rafmagn fyrir alla

Við hjá Landsneti höfum hafið kynningu á nýrri kerfisáætlun fyrir árin 2025–2034 en fyrsti kynningarfundurinn fór fram á Egilsstöðum í dag. Kerfisáætlunin varpar ljósi á framtíðarsýn okkar um ábyrga uppbyggingu raforkuflutningskerfisins til að mæta vaxandi orkupörf og stuðla að orkuskiptum á Íslandi.



29.04.2025

Fjöl margar framkvæmdir fram undan á Suðurlandi

Á fundi með hagsmunaaðilum á Selfossi í dag kynntum við hjá Landsneti nýja kerfisáætlun og fyrirhugaðar framkvæmdir á Suðurlandi sem eru hluti af Kerfisáætlun 2025–2034. Þar kom fram að umfangsmikil uppbygging er fyrirhuguð á næstu árum sem miðar að því að styðja við aukna orkuöflun, styrkja flutningskerfið og bregðast við ört vaxandi þörfum iðnaðar á svæðinu.

Yfirlýsing um áreiðanleikakönnun

Helstu sjálfbærniáhættur hafa verið metnar með tvíþátta mikilvægisgreiningu. Þverfaglegur hópur úr starfsemi fyrirtækisins vann greininguna og lagði mat á helstu áhættur.

Greiningin var unnin árið 2023 en með rýni og greiningu á mikilvægum þáttum og breytingum í alþjóðaumhverfinu voru tækifæri til að endurmeta sjálfbærniáhættur. Nánar er fjallað um hverja sjálfbærniáhættu í tilgreindum köflum úr töflunni.



Sjálfbærniáhættur	Staðsetning í árs- og sjálfbærnisráskýrslu
Viðbrögð og kortlagning á loftslagsáhættum á starfsemi fyrirtækisins sem og allt stjórnunarkerfið	ESRS 2 E1
Mat á umhverfisáhrifum framkvæmda	E1 E4
Velferð, starfsumhverfi og öryggi starfsfólks og verktaka	S1 S2 G1
Tryggja áreiðanleika í starfsemi virðisreðjunnar	ESRS 2 S2 G1
Samskipti og reglubundnar kannanir við hagaðila	ESRS 2 S4
Ábyrgir stjórnarhættir í starfsemi fyrirtækisins	ESRS 2 G1
Vottað stjórnunarkerfi og ytri úttektir	ESRS 2 G1

GOV-4

Áhættustýring og stjórnunarkerfi tengd sjálfbærnisráslugerð

Áhættustjórnun er hluti af stjórnunarkerfinu okkar og notuð til að tryggja árangursríkan, ábyrgan og samfelldan rekstur. Áhersla er lögð á að styðja við grunnhlutverk Landsnets sem er að flytja raforku með samfelldum, öruggum og hagkvæmum hætti. Þá er áhersla lögð á að fjárhagsleg staða sé ávallt traust.

Framkvæmd áhættustjórnunar tekur mið af meginreglum og leiðbeiningum alþjóðlegra staðla. Stjórnendur og lykilstarfsfólk auðkennir áhættu, fjárhagslega og ófjárhagslega og leggur mat á mikilvægi hennar. Í framhaldi af auðkenningu er áhætta flokkuð, metin og meðhöndluð.

Unnið er með sjálfbærniáhættur á virkan hátt sem fela í sér umhverfispætti, samfélagslega þætti og stjórnarhætti. Mat á sjálfbærniáhættum er hluti af almennu áhættumati félagsins og verður áfram unnið með þær á komandi árum.

Á árinu reyndi á viðbragðsáætlanir í tengslum við tvö eldgos á Reykjanesi og vegna óveðurs og ísingar á línunum á Austurlandi og Vestfjörðum.


Frekari umfjöllun má finna um viðhald og viðgerðir í kaflanum um helstu framkvæmdir.

Breytingar í ytra og innra umhverfi gera auknar kröfur til rekstursins þannig að skýr markmið og viðhald stjórnunarkerfisins eru mikilvæg til að tryggja samfelldan og öruggan rekstur.

Með vottuðu stjórnkerfi vinnum við að stöðugum umbótum, háþróaðum skilvirkni, lágþróaðum áhættu og sköpum sterkan grunn fyrir stöðugan vöxt og traust í samfélaginu.

Við vinnum eftir vottuðu samþættu stjórnunarkerfi, samkvæmt alþjóðlegum ISO-stöðlum, ISO 9001, 14001, 27001 og 45001, ásamt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og RÖSK.

Reglulegt eftirlit með ytri og innri úttektum er nauðsynlegt til að vinna að stöðugum umbótum og til að viðhalda vottun til að tryggja að stýrðum ferlum sé fylgt til hlítar með skráðu verklagi, sem eykur skilvirkni og minnkar sóun.



Áherslur 2025: Stjórnunarkerfið

Lögð var áhersla á þjálfun í breytingastjórnun til að stuðla að frekari umbótum. Unnið var að því að styrkja verklag um stýrða ferla í gæðakerfinu til að tryggja að allt skráð verklag sé skjalað.

Áhersla var lögð á að meta möguleg áhrif loftslagsbreytinga á stjórnunarkerfið og áfram

var unnið með áhættumat tengt loftslagsáhættum á mannvirkin okkar.

Loftslagsbókhaldið var betrubætt og skilgreint betur niður á eignir fyrirtækisins. Þá var unnið að umbótum á fræðslu fyrir nýtt starfsfólk um umhverfismál og meiri áhersla lögð á sjálfbærni.

Frekari útlitun á innri úttektum:

19 útektir á ISO 9001, 45001 og 14001

1 útekt á ÍST85

8 útektir á ISO 27001

28
Innri úttektir

11
Vettvangs-
úttektir

99
Fjöldi umbóta-
verkefna

91%
Útgefin
gæðaskjöl

23% ↑
Fjöldi
ábendinga

2025
Viðhaldsvottun

Á árinu byggðum við öryggisáherslur okkar á fjórum meginstoðum:



Öryggismenning var styrkt með markvissri fræðslu, reglulegum rótargreiningum, innleiðingu nýrra verkfæra sem byggja á HOP-aðferðafræðinni, með það að markmiði að styðja núll-slys stefnu fyrirtækisins.



Stjórnun raunlægs öryggis var hert, meðal annars með endurnýjun CCTV-kerfa, strangari aðgangsstýringu, tryggari læsingum, rýmingaræfingum og bættum verkferlum.



Netöryggi og innviðavarnir voru sambætt betur við raunlægt öryggi í ljósi breyttrar öryggisstöðu, með áherslu á NIS2-tilskipunina, öflugar viðbragðsáætlanir og samvinnu við NSR, CERT-IS og stjórnvöld.



Öryggi starfsmanna og verktaka á vettvangi var eflt með aukinni þjálfun, skýrara verklagi, meiri viðveru og eftirliti starfsfólks í öryggismálum með daglegum rekstri.



SBM-1


Stefna, viðskiptalíkan og virðiskeðja

Hlutverk okkar hjá Landsneti er að tryggja hagkvæma uppbyggingu og rekstur flutningskerfis raforku, en örugg og ótrufluð afhending raforku er ein af meginstoðum nútímasamfélags. Landsnet er hlutafélag sem annast flutning raforku og stýringu raforku-kerfisins samkvæmt lögum nr. 75/2004 um stofnun fyrirtækisins.

Við störfum undir eftirliti Raforkueftirlitsins sem einnig hefur það hlutverk samkvæmt 12. gr. raforkulaga að ákveða tekjumörk okkar. Tekjumörkin eru ákveðin fyrir fram til fimm ára í senn, fyrir flutning til stórnotenda annars vegar og dreifiveitna hins vegar. Gjaldskráin fyrir raforkuflutning byggir á tekjumörkum og

áætlunum um raforkuflutning og aflþörf. Innheimt er gjald af notendum fyrir annars vegar þá raforku sem tapast í kerfinu og hins vegar fyrir þjónustu sem snýr að stýringu kerfisins.

Framleiðendur




Vatnsaflsvirkjun

Jarðvarma-
virkjun

Önnur endur-
nýjanleg orka

Flutningur Landsnets



Dreifing



Fyrirtæki

Almennur
markaður

Stórnotendur

Í fréttum var þetta helst



05.05.2025

Þegar rafmagn hættir að vera sjálfsgöður hlutur

Staða raforkukerfisins á Íslandi hefur sjaldan verið jafn viðkvæm og nú. Samkvæmt nýrri greiningu Landsnets, Kerfisjöfnuður 2025, blasir við okkur sú þróun að orkuskortur verði ekki lengur fræðilegt vandamál í spálíkönnum heldur raunveruleg áskorun sem gæti haft áhrif á alla notendur kerfisins.



08.05.2025

Framtíð raforkuflutninga rædd á Ísafirði

Þann 7. maí vorum við með fund á Ísafirði þar sem Kerfisáætlun 2025–2034 var kynnt. Fundurinn var hluti af fundaröð þar sem áhersla er lögð á samtal við heimamenn um þróun flutningskerfis raforku, orkuskipti og framtíðaráskoranir.



14.05.2025

Flutningskerfi framtíðarinnar kynnt á fundi í Reykjavík

Síðasti fundurinn í fundaröð Landsnets um flutningskerfi framtíðarinnar fór fram í morgun í Vox Club á Hilton Reykjavík Nordica.

14.05.2025

Kerfisáætlun kynnt á Akureyri

Kynningarfundur um drög að nýrri kerfisáætlun fór fram á Akureyri 8. maí en fundurinn var hluti af fundaröð sem nú er í gangi.



21.05.2025

Sögulegur dagur í sólinni – fyrsta mastrið í Suðurnesjalínu 2 risið

Í morgun reis fyrsta mastrið af 86 í Suðurnesjalínu 2 og markar það tímamót í verkefninu.

Fundurinn var vel sóttur og skapaðist lífleg umræða um mikilvægar framkvæmdir á Norðurlandi og framtíð flutningskerfisins.

Stefnumótun

Ný stefna er í mótun og verður kynnt á fyrri helmingi ársins 2026. Núgildandi stefna byggir á hlutverki okkar og framtíðarsýn.

Stefnan birtist í stefnuáherslum sem verða leiðarljós í starfseminni fram að gildistöku nýrrar stefnu.

Yfirskrift stefnunnar var „Rafvædd framtíð í takt við samfélagið“ og tók mið af því að nútímasamfélög reiða sig í æ ríkari mæli á örugga afhendingu raforku.

Við gerum afhendingu virðis mögulega með:



Mannauður og menning

Hvert og eitt okkar er mikilvægur hluti af því afli sem mun knýja áfram bjarta framtíð Landsnets.

Við byggjum upp traust og hvetjum til uppbyggilegrar umræðu.

Við tökum ábyrgð og erum góðar fyrirmyndir.

Við hugum að öryggi, andlegri og félagslegri vellíðan.

Við tökum þátt í samstarfi á uppbyggilegan hátt af heilindum. Við þroskumst og vöxum sem manneskjur og leggjum okkur fram um að ná sameiginlegum markmiðum okkar.

Stefnumynd Landsnets. Ný stefna er í mótun og verður hún kynnt árið 2026.



Vinnubrögð og nálgun

Við setjum viðskiptavininn í fyrsta sæti með því að leggja áherslu á viðskiptalegar nálganir á öll okkar verkefni og hugum að því hvaða virði við erum að afhenda.

Með áherslu á sjálfbærni í starfseminni minnkum við sóun og lágmörkum umhverfisáhrif.

Við styðjum við hringrásarhagkerfið með því að nýta betur og nota minna.

Með bestu lausna tökum við alla nauðsynlega þætti til greina og uppfyllum allar kröfur og skorður.

Við afhendum virði með:

Traustur grunnur: Bestun leiða til virðissköpunar



Hagkvæmt og áreiðanlegt flutningskerfi



Ábyrgur rekstur, fjárfestingar, fjármögnun og sjálfbærni

Nýsköpun: Nýjar aðferðir til að takast á við breytta tíma



Gagnadrifin þjónusta byggð á rauntíma-upplýsingum



Virkur orkumarkaður og gagnsæ viðskipti og verðmyndun

Afhent virði með:

Viðskiptamiðuð þjónusta

Hraði

Afhendingaröryggi

Hagkvæmt verð

Gagnsæi í orkuverðum

Sjálfbærni



Viðskipta vinir



Til að meta árangur eru eftirfarandi lykilmarkmið rýnd reglulega á fundum framkvæmdastjórnar.

L1

Aukið aðgengi

Aukið aðgengi: Viðskiptavinir hafi nægilegt magn raforku í réttum gæðum

L2

Lækkun flutningskostnaðar

Hraðari tengingar, lægri líftímakostnaður og aukin skilvirkni

L3

Aukin helgun starfsfólks

Hefur lykiláhrif á árangur og vellíðan starfsfólks

L4

Ánægja viðskiptavina

Yfir 90% viðskiptavina séu ánægð með þjónustuna

L5

Góð arðsemi

Að lágmarki ná þeirri arðsemi sem sett er í tekjumörk

L6

Núll-slys

Engin fjarveruslys eða alvarleg slys

L7

Kolefnishlutleysi

Fylgja eftir loftslagsmarkmiðum

L8

Gott afhendingaröryggi

Ekkert rafmagnsleysi og rafmagn uppfylli gæðakröfur

Virðisheðjan fyrir flutningskerfið sýnir hvernig virði er skapað í gegnum alla starfsemi kerfisins, allt frá aðföngum og innviðum til afhendingar raforku og þjónustu við notendur. Hún er lykiltæki til að greina áhrif kerfisins á umhverfi, samfélag, stjórnarhætti og efnahag sem tryggja að sjálfbærni sé samþætt í hverju skrefi.

Myndin sýnir virðið sem skapast af starfseminni og skiptist í örugga afhendingu orku, samkeppnishæfni landsins í gegnum hagkvæman rekstur og gjaldskrá og hagvöxt sem aðgengi orku færir samfélaginu. Að lokum skapast virði fyrir vistkerfið með því að Landsnet lágmarkar áhrif sín í framkvæmdum og viðhaldi flutningskerfisins.

Með innkaupastefnu, birgjamati og samingagerð stýrum við þeim hluta virðisheðjunnar sem snýr að kjarnastarfseminni okkar, nýbyggingum flutningsmannvirkja, rekstri og viðhaldi flutningskerfisins og stýringu á orkukerfinu.

Með virðisheðjunni hugum við að þeim sem verða fyrir áhrifum af starfsemi okkar, viðskiptavinum, dreifiveitum, framleiðendum og stórnotendum, en einnig er allt íslenskt samfélag undir, sem reiðir sig á örugga stýringu orkukerfisins og örugga afhendingu orku til dreifiveitna.



SBM-2

Samskipti og væntingar hagaðila

Gerð hefur verið samskipta- og hagaðilagreing þar sem ytri og innri hagaðilar voru kortlagðir. Markmiðið með greiningunni er að byggja upp traust og auka gagnkvæman skilning með reglubundnu samtali og samskiptum við hagaðila.

Árlega eru helstu hagaðilar okkar, bæði innri og ytri, metnir út frá áhrifum og líkum þeirra á reksturinn. Farið er yfir ánægju þeirra og samskipti og aðgerðir dregnar fram til að stýra áhættu.

Auk þess er farið yfir svokallað hagaðilakort árlega með forstjóra og framkvæmdastjórn þar sem dregnir eru fram þeir hagaðilar sem hafa mikil áhrif og þarf að huga vel að til að tryggja traust og ánægju.

Í tvíþátta mikilvægisgreingu voru hagaðilar einnig kortlagðir. Tekin voru viðtöl við hluta þeirra um mikilvægisþætti okkar út frá áherslum CSRD-reglugerðarinnar.

Markmiðið var að draga fram þau áhrif sem viðkomandi taldi sig verða fyrir af starfsemi okkar og hvernig viðskiptasambandið er tengt áherslum okkar í sjálfbærnimálum.

Unnið var með niðurstöður frá viðmælendum að tvíþátta mikilvægisgreiningu okkar sem gert verður grein fyrir í kafla IRO-1.


Framkvæmd var viðskiptakönnun en markmið hennar var að kanna ánægju viðskiptavina með samskipti og þjónustu fyrirtækisins. Nánar er vísað í umfjöllun um könnunina og niðurstöður hennar í kafla S4-2.

Í tengslum við mótun nýrrar stefnu sem nú stendur yfir hefur verið rætt við helming viðskiptavina fyrirtækisins. Niðurstöður þeirra samtala verða nýttar í mótun nýrrar stefnu.

Þeir mikilvægisþættir sem viðmælendur töldu vega þyngst voru:

1. Uppbygging og viðhald þjóðhagslega mikilvægra innviða
2. Samskipti við nærsamfélagið
3. Framlag til loftslagsbreytinga og aðgerðir til aðlögunar
4. Framkvæmdir í sátt við umhverfi og náttúru

Hagaðilar Landsnets út frá mikilvægisgreiningu



Áform um uppbyggingu raforkuflutningskerfisins eru sett fram í kerfisáætlun þar sem framkvæmdir eru metnar út frá ýmsum þáttum sem meðal annars fela í sér áhrif á viðskiptavini, umhverfi og nærsamfélag.

Uppbygging raforkukerfisins og nauðsynlegar endurbætur hafa í sumum tilvikum tafist á undanförunum árum. Í því samhengi höfum við skilgreint áhættur sem tengjast leyfisveitingum. Undirbúnings- og framkvæmdaferlið er umfangsmikið og tímafrekt, auk þess sem framleiðsla íhluta og afhending þeirra til framkvæmda getur tekið langan tíma. Í leyfisveitingaferlinu er kæruleið opin allt þar til framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út.

Samantekt eldri mikilvægisgreiningar

Umhverfismál

Umhverfið er sá þáttur sem vegur þyngst í mati á mikilvægi fyrir okkur. Við getum haft áhrif á það bæði með því að draga úr eigin losun en ekki síður með því að stuðla að dreifingu endurnýjanlegrar orku með ábyrgum og öruggum hætti.

Sveitarfélög gefa framkvæmdaleyfi til eins árs í senn og er því ekki sótt um slíkt leyfi fyrr en framkvæmdatími er að hefjast.

Hagsæld er mikilvægur þáttur sem endurspeglar hlutverk okkar í samfélaginu, þar sem uppbygging og viðhald raforkuflutningskerfisins er ein af grunnstoðum atvinnulífs og samfélags. Þessi þáttur nær einnig til rekstrar- og fjárhagslegs svigrúms en traust umgjörð þess er lykilatriði þegar kemur að því að meta mikilvægi þess fyrir okkur.

Lögð er áhersla á félagslega þætti með því að stuðla að metnaðarfullri og jákvæðri fyrirtækjamenningu. Við tryggjum réttindi

starfsfólks og þjónustuaðila með sérstakri áherslu á starfsaðstöðu, heilsu og öryggi og viðeigandi kjör. Áhersla er lögð á að vinna í sátt við samfélagið og umhverfið og stuðla að markvissu samráði við hagaðila.

Í stjórnarháttum eru áherslur á góðar starfsvenjur, siðferði, heilindi, gagnsæi og ábyrgð. Þessir þættir stuðla að trausti á fyrirtækið og skilningi á hlutverki og tilgangi okkar.

Á undanförunum árum höfum við lagt ríka áherslu á félagslega þætti og stjórnarhætti í virðis_keðjunni, meðal annars með uppfærðu birgjamati. Við höfum mótað stefnu og ferla með birgjamati sem tryggja sanngjörn vinnubrögð,

fylgni við alþjóðlega staðla og virka þátttöku hagaðila til að stuðla að sanngjarnri meðferð starfsmanna í virðis_keðjunni.

Vinnu við áhættumat fyrir loftslagsáhættur sem sneru að mannvirkjunum okkar, það er tengivirkja, háspennulína og jarðstrengja, út frá sviðsmyndagreiningu lauk á árinu. Áhættumatið var notað sem grunnur að áhættumati loftslagsáhætta fyrir allt okkar stjórnunarkerfi, en sú vinna fór fram á árinu. Niðurstöður og nánari umfjöllun um áhættumatið má finna í kafla E1-2.

Hagsæld

Hagsældarþættir endurspeglar mikilvægi okkar gagnvart hlutverki okkar í þjóðfélaginu enda uppbygging og viðhald raforkuflutningskerfisins ein af grunnstoðum atvinnulífs og samfélags á landinu. Hér undir fellur rekstrar- og fjárhagslegt þanþol okkar en traust umgjörð fyrirtækisins er lykilatriði þegar kemur að því að meta mikilvægi fyrir fyrirtækið.

Félagslegir þættir

Í félagslegum þáttum leggjum við áherslu á metnaðarfulla og jákvæða fyrirtækjamenningu og vinnum út frá þeirri sýn að tryggja réttindi starfsfólks okkar og þjónustuaðila, einkum hvað varðar starfsaðstöðu, heilsu og öryggi og viðeigandi kjör. Við leggjum áherslu á að vinna í sátt við samfélag, ekki síður en umhverfi, og stuðla að markvissu samráði við hagaðila.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir fjalla um góðar starfsvenjur, siðferði, heilindi, gagnsæi og ábyrgð. Allt eru þetta þættir sem stuðla að trausti til okkar og skilningi á hlutverki og tilgangi fyrirtækisins.


Lýsing á ferli til að greina og meta mikilvægisþætti með tvíþátta mikilvægisgreiningu

Árið 2023 var stýrihópur um sjálfbærni settur á laggirnar en hlutverk hans er að styðja við innleiðingu á sjálfbærnistefnu og -stöðlum. Mikilvægur þáttur í þeirri innleiðingu felst í mikilvægisgreiningu. Samkvæmt viðmiðum ESRS-staðals Evrópusambandsins (e. *European Sustainability Reporting Standards*) er gerð krafa um að félög geri tvíþátta mikilvægisgreiningu. Til að greiningin teljist tvíþátta skal meta áhættu og tækifæri hvers mikilvægisþáttar auk fjárhagslegra og samfélagslegra áhrifa. Einnig skal greina hagaðila, eiga samtál við þá og gera grein fyrir því hvernig tekið var tillit til sjónarmiða þeirra.


Víðtækt samtál um þá mikilvægisþætti sem hafðir voru til grundvallar fór fram og þeir aðlagðir eftir

þörfum. Vinnustofur snerust um að draga fram mikilvægustu þættina í starfseminni og var eingöngu reynt að draga fram þá allra mikilvægustu. Að lokum var kosið um vægi þáttanna.

Tekin voru samtöl við viðskiptavini, birgja, starfsfólk, framkvæmdastjórn, eigendur og stjórn. Samtál við hagsmunaaðila er grunnur greiningarinnar á áherslum starfseminnar er varða sjálfbærniþætti. Árið 2025 uppfærðum við tvíþátta mikilvægisgreininguna með tilliti til einfaldaðs ESRS-staðals eins og fram kom í kafla BP-1. Uppfærða greiningin hefur skýrari tengingu við ESRS-staðal eins og sjá má á mynd á næstu síðu.



Samfélagsleg ábyrgð er okkur mikilvæg og leggjum við áherslu á að taka þátt í vitundarvakningum sem stuðla að umræðu og aukinni meðvitund um mikilvæg samfélagsmál. Á árinu tókum við meðal annars þátt í Gula deginum, Bleika deginum, Mottumars, vitundarvakningu gegn ofbeldi og á Allra vörum.



Tvívátta mikilvægisgreining

Þeir þættir sem höfðu tvívætt mikilvægi fyrir okkur voru loftslagsbreytingar, viðskiptavinir og notendur raforku og stjórnarhættir. Mannauður var metinn mikilvægur út frá fjárhagslegu mikilvægi og líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi, hringrásarhagkerfi og auðlindanýting og starfsfólk í virðiskeðju voru þættir sem voru metnir mikilvægir út frá áhrifum á samfélag og umhverfi. Aðrir þættir voru metnir minna mikilvægir fyrir okkur.

UMHVERFI	SAMFÉLAG	STJÓRNARHÆTTIR
1 Loftslagsbreytingar (E1)	6 Mannauður (S1)	10 Stjórnarhættir (G1)
2 Mengun (E2)	7 Starfsfólk í virðiskeðju (S2)	
3 Vatn (E3)	8 Áhrif á nærsamfélag (S3)	
4 Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (E4)	9 Viðskiptavinir og notendur raforku (S4)	
5 Hringrásarhagkerfi og auðlindanýting (E5)		



IRO-2

Áhrif, áhættur og tækifæri í mikilvægisgreiningunni

Í mikilvægisgreiningunni höfum við greint helstu áhrif, jákvæð og neikvæð, áhættur og tækifæri sem tengjast sjálfbærni í starfseminni, á samfélag og umhverfi. Sjálfbærnistefna fyrirtækisins miðar að því að lágmarka þær áhættur sem greindar voru ásamt því að leggja áherslu á tækifæri sem tengjast áskorunum í sjálfbærni.

Jákvæð áhrif

Við tryggjum öruggan flutning á grænni orku, styðjum markmið stjórnvalda í orkuskiptum og vinnum að minni notkun jarðefnaeldsneytis. Með sjálfbærnistefnu og aðgerðum drögum við úr losun og stuðlum að hringrásarhagkerfi. Með uppbyggingu raforkukerfisins, þar sem röskun á vistkerfi er lágmarkuð, stuðlum við að afhendingaröryggi og minni umhverfisáhrifum.

Neikvæð áhrif

Þrátt fyrir að við nýtum endurnýjanlega orkugjafa, leiðir rekstur kerfisins til losunar, svo sem vegna flutningstapa og notkunar jarðefnaeldsneytis við orkuframleiðslu. Þetta getur haft neikvæð áhrif á sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og ímynd þess. Uppbygging nýrra mannvirkja getur valdið umhverfisáhrifum á landnotkun og lífríki.

Nýsköpun, stafræn tækni og snjalllausnir

Við erum á vegferð við innleiðingu snjallausna í tengivirkjum og stafrænni tækni með það að markmiði að hámarka nýtingu innviða og draga úr umhverfisáhrifum.

Minnkun losunar frá varaafstöðvum

Við stefnum að því að draga úr losun frá varaafstöðvum með því að skipta út jarðefnaeldsneyti fyrir umhverfisvænni orkugjafa.

Samráð og samskipti við hagaðila

Við leggjum ríka áherslu á samráð við hagaðila til að tryggja samfélagslega sátt um þróun og uppbyggingu flutningskerfisins. Unnið er markvisst að því að eiga virkt samtal við sveitarfélög, atvinnulíf og almenning til að tryggja að uppbygging innviða sé í samræmi við þarfir samfélagsins og umhverfissjónarmið.



Helstu framkvæmdir

Árið einkenndist af umfangsmiklum framkvæmdum og undirbúningi víða um land. Nýir sæstrengir voru teknir í rekstur, ný tengivirki risu og einn lengsti jarðstrengur í sögu Landsnets var lagður.

Á árinu voru ný tengivirki við Breiðadal í Öndarfirði og við Vegamót á Snæfellsnesi tekin í notkun. Þá var lokið lagningu nýs jarðstrengs inn í Kópaskerslínu 1, ásamt tilheyrandi breytingum á tengivirkinu á Peistareykjum.

Undir lok árs var ný Rimakotslína 2 tekin í rekstur, ásamt nýrri jarðstrengstengingu frá Hellu niður á Landeyjarsand og þaðan tvöfaldri nýrri sæstrengstengingu með Vestmannaeyjalínum 4 og 5 yfir til Vestmannaeyja. Samhliða þessu voru gerðar breytingar á tengivirkjunum á Hellu, Rimakoti og í Vestmannaeyjum.

Að auki lauk á árinu framkvæmdum við tengingu landeldis í Þorlákshöfn.

Framkvæmdir í undirbúningi

Mikil vinna fór fram við undirbúning verkefna sem eru háð umhverfismati. Umhverfismati þriggja verkefna lauk á árinu með álit Skipulagsstofnunar, í maí vegna Holtavörðuheidarlínu 1, Holtavörðuheidarlínu 3 í ágúst og Ísallína 3&4 í nóvember.



10
framkvæmd lokið

11
framkvæmdir hafnar

13
framkvæmdir í undirbúningi

Uppbygging, viðhald og öruggur daglegur rekstur innviða voru í forgrunni á árinu. Samvinna og fagmennska starfsfólks tryggði árangur í verkefnum og áreiðanlegan rekstur Landsnets, í öllum veðrum og aðstæðum.

Nils Gústavsson
framkvæmdastjóri eigna og reksturs

“




Á árinu var haldið áfram fyrirbyggjandi viðhaldi háspennulína í samræmi við það sem gert hefur verið undanfarin ár. Áhersla var lögð á endurnýjun búnaðar í línunum sem tengja Vestfirði og í byggðalínunni. Með þessu er dregið úr hættu á fyrirvaralausum bilunum vegna hrörnnunar og hefur slíkum bilunum fækkað nokkuð á síðustu árum.

Talsverð vinna fór fram vegna Svartsengislínu 1 í tengslum við gosóróa á svæðinu. Hönnuð var nýlega línunnar um rennslissvæði hrauns og er vinna við þær breytingar hafin.

Gögn sem safnað er við drónaskoðanir lína eru lykilgögn í viðhaldsáætlunum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á drónaskoðanir undanfarin ár og hefur tækjabúnaður verið aukinn og endurbættur til að sinna þessum þætti starfseminnar sem best.


Í desember gekk yfir landið talsvert ísingarveður sem olli nokkrum truflunum og bilunum í línukerfinu. Níu stæður á Breiðadalslínu 1 á Flatafjalli, milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, löskuðust. Vegna veðurs voru viðgerðir nokkuð erfiðar og tóku því lengri tíma en ella. Á Austurlandi bilaði Seyðisfjarðarlína þegar stæður brotnuðu og bilun varð einnig á Neskaupstaðarlínu 1. Auk þess þurfti að fara í íshreinsun af Kröflulínum á Möðrudalsöræfum. Nokkrum dögum síðar bilaði Mjólkárína 1 vegna vinds og ísingar og lauk viðgerð á henni skömmu fyrir jól.

Flutningskerfið 2025



Jarð- og sæstrengir

449 km





Loftlínur

3185 km



Tengivirki

80



Framkvæmdir og undirbúningur

- Í undirbúningi
- Í framkvæmd
- Lokið

Suðvesturhornið

- Ísallínur 3&4
- Suðurnesjalína 1 við Hamranes – jarðstrengur
Suðurnesjalína 2
Tengivirki á Njarðvíkurheiði
Tengivirkið Korpa
Tengivirkið Hamranes
Nýjar tengingar gagnavers á Njarðvíkurheiði og Fitjum
- Tengivirkið Fitjum
Reykjaneslína 1
Suðurnesjalína 1 við Fitjar – jarðstrengur
Geitháls – nýr spennir

Vesturland

- Holtavörðuheiðarlína 1
- Tengivirkið Klafastaðir
- Tengivirkið Vegamót
Brennimelur – nýr spennir

Vestfirðir

- Tenging Hvalárvirkjunar
- Mjólkárlína 2 – jarð- og sæstrengur
Tengivirkið Mjólká
Tengivirkið Bíldudal
- Tengivirki Breiðadal

Framkvæmdir og undirbúningur

● Í undirbúningi ● Í framkvæmd ● Lokið

Norðurland

- Blöndulína 3
- Nýtt tengivirki í Blöndu Holtavörðuheiðarlína 3
- Dalvíkurlína 2 – strengur
Dalvík – stækkun
Tengivirkið á Rangárvöllum – stækkun
- Kópaskerslína 1 – strengur
Þeistareykir – stækkun

Austurland

- Tengivirkið Hryggstekkur og breytingar á loftlínunum
- Engar framkvæmdir á svæðinu
- Engar framkvæmdir kláraðar

Suðurland

- Selfosslína 1 við Írafoss – strengur
Þorlákshafnarlína 2 – strengur
- Tengivirkið í Þorlákshöfn – stækkun
Tengivirkið Skarð (við Hvammsvirkjun) og breytingar á loflínunum
- Tengivirkið Sigalda og breytingar á loflínunum
Tengivirkið Ferjufit (við Vaðölduver) og breytingar á loflínunum
- Vestmannaeyjalína 4&5 – jarð- og sæstrengur
Rimakotslína 2 – jarðstrengur
Breytingar á tengivirkjum í Vestmannaeyjum, Rimakoti og á Hellu
Tenging landeldis í Þorlákshöfn
Selfosslína 1 við Selfoss – strengur á framkvæmdasvæði Ölfusárbrúar

Í fréttum var þetta helst



02.06.2025

Gagnsæi og traust á raforkumarkaði

Á Alþingi liggur nú fyrir frumvarp um breytingu á raforkulögum, sem fjallar um tiltekna háttæknisreglum í raforkuviðskiptum. Verði frumvarpið að lögum mun það marka tímamót í þróun raforkumarkaðar á Íslandi þar sem innleiddar yrðu reglur um bann við markaðsmisnotkun og innherjasvikum, skyldu til birtingar innherjaupplýsinga og kröfur um skráningu markaðsaðila. Reglurnar eru að mörgu leyti sambærilegar við þær reglur sem þegar gilda á fjármálamörkuðum.

16.06.2025

Samanburður á umhverfismati og raunverulegum áhrifum framkvæmda

Undanfarin misseri höfum við unnið að því að fylgja eftir umhverfismati framkvæmda með mælingum á vettvangi. Markmiðið er að kanna hvort áhrif framkvæmda á umhverfið séu í samræmi við það sem spáð var fyrir um í umhverfismatinu.

25.06.2025

Lagning nýrra rafstrengja til Vestmannaeyja hafin

Lagning tveggja nýrra rafstrengja frá Landeyjahöfn til Vestmannaeyja er hafin. Verkið er unnið af norska fyrirtækinu Seaworks, sem sérhæfir sig í lagningu neðansjávarrafstrengja.



Frammistöðuskýrsla raforkukerfisins

Öruggt rafmagn, gæði og öryggi til framtíðar er loforð okkar til samfélagsins.

Öruggt rafmagn

Frammistöðuskýrsla raforkukerfisins fjallar um loforðið „öruggt rafmagn, gæði og öryggi flutningskerfisins til framtíðar“.

Skýrslan tekur mið af skyldum Landsnets samkvæmt [reglugerð nr. 1048/2004](#), um gæði raforku og afhendingaröryggi, sem og innri markmiðum fyrir tækisins. Hún er byggð á tölulegum gögnum úr flutningskerfinu og truflanaskýrslum frá árinu 2016 til síðasta heila árs. Allar truflanaskýrslur eru skráðar í samræmi við [reglur starfshóps um rekstrartruflanir \(START\)](#).

Lykilmarkmið

Landsnet setur sér markmið, sem samþykkt eru af Orkustofnun, um eftirfarandi afhendingarstuðla samkvæmt [reglugerð nr. 1048/2004](#):

1. Stuðull um rofið álag (SRA)
2. Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur (SMS)
3. Kerfismínútur (KM)


Stuðull um afhendingaröryggi	Markmið	2025
Stuðull um rofið álag (SRA)	Undir 0,85	0,55
Stuðull um meðallengd skerðingar, straumleysismínútur	Undir 50	20,10
Kerfismínútur (KM)	Engin truflun lengri en 10 kerfismínútur	0

Taflan sýnir samanburð á markmiðum við útreiknaða stuðla. Markmiðin og raungildin miða við forgangsortuskerðingu vegna bilana í flutningskerfinu.

Lykiltölur


Hér fyrir neðan eru lykiltölur úr rekstri flutningskerfisins.

[Frammistöðuskýrslu raforkukerfisins er að finna í heild sinni á vef okkar](#)




17.885 GWst

Heildarinnmötun í flutningskerfið



17.533 GWst

Heildarúttekt úr flutningskerfinu



352 GWst

Flutningstöp



2.270 MW

Hæsti afltoppur innmötunar



2.220 MW

Hæsti afltoppur úttektar



61

Fjöldi truflana


68

Fjöldi bilana



30

Fjöldi fyrirvaralausra truflana sem valda skerðingu á forgangsalagi



671 MWst

Samtals forgangsortuskerðing vegna fyrirvaralausra truflana



1.667 MWst

Samtals orkuskerðing til skerðanlegra notenda vegna fyrirvaralausra truflana

Krefjandi aðstæður og vaxandi kröfur frá markaðsaðilum mótuðu árið, þar sem kerfisstjórn gegndi lykilhlutverki í að tryggja stöðugan og öruggan flutning raforku. Öllum markmiðum um afhendingaröryggi var náð á árinu en notkun á jarðefnaeldsneyti í tengslum við varaafli var meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kaup á upprunaábyrgðum fyrir notkun innanlands eru að vaxa og má sjá skýra þróun þar sem stóriðjan tekur nú mun virkari þátt.

“

”



Þorvaldur Jacobsen

framkvæmdastjóri kerfisstjórnar

ESRS E1

Loftslagsbreytingar

Markmið okkar er að draga úr kolefnissporinu sem hlýst af starfseminni. Stefna okkar í kolefnishlutleysi er í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og okkar innlegg við að halda hlýnun jarðar undir 1,5°C.

E1-1

Loftslagsáhrif og umbreytingaáætlun

Markmið okkar er að draga úr kolefnissporinu sem hlýst af starfseminni. Við höfum greint þá þætti sem hafa áhrif á kolefnisspor okkar og skipt þeim niður í umfang 1, 2 og 3, eftir stöðlum *Greenhouse Gas Protocol*. Stefna okkar í kolefnishlutleysi er í samræmi við stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum og okkar innlegg við að halda hlýnun jarðar undir 1,5°C.

Við leggjum áherslu á að kortleggja vistferil allrar starfseminnar enda mikilvægt að hafa yfirsýn og skilning á því hvernig kolefnisspor fyrirtækisins er til komið. Efla verkfræðistofa hefur greint og metið umhverfisáhrif raforkuflutnings í flutningskerfinu með aðferðafræði vistferilsgreiningar. Greiningin nýtist okkur í umhverfisstjórnun, vistvænni hönnun og innkaupum, upplýsingamiðlun og sem grunnur fyrir frekari greiningar. [Frekari upplýsingar um vistferilsgreininguna má finna á vefsíðu okkar.](#)

Við höfum ekki mótað með beinum hætti umbreytingaráætlun til að draga úr loftslagsáhrifum líkt og upplýsingakrafan kveður á um. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvenær slík áætlun verður gerð. Vistferilsgreining er þó innlegg í upplýsingagjöf tengda umbreytingaráætlun.

E1-2

Við höfum greint helstu áhrif, jákvæð og neikvæð, áhættur og tækifæri sem tengjast sjálfbærni í starfseminni. Unnin var tvíþátta mikilvægisgreining þar sem sjálfbærniáhættur voru greindar og kortlagðar og eru hluti af áhættustýringunni.

Stöðug vinna er við að greina áhættur og innleiða og þróa ferla með það að markmiði að tryggja að sjálfbærni sé hluti af stefnumótun, áhættugreiningu og fjárfestingarákvörðunum fyrirtækisins. Nánari umfjöllun má sjá í kafla Gov-3.

Hjá okkur er sjálfbærni og ábyrgð gagnvart umhverfinu leiðarljós í allri starfseminni. Markmið okkar er að tryggja öruggan og hagkvæman flutning raforku með eins litlum umhverfisáhrifum og mögulegt er. Með sjálfbærnistefnu, ISO-vottuðum stjórnunarkerfum, virku gæðastýringarferli og vettvangsskoðunum vinnum við markvisst að stöðugum umbótum í umhverfismálum.

Loftslagsbreytingar skapa auknar áskoranir fyrir rekstur og viðhald raforkukerfisins, meðal annars vegna ísingar, ofanflóða og veðurs.

Við höfum greint loftslagsáhættur og metið áhrif þeirra á mannvirki og rekstur út frá þremur sviðsmyndum: núverandi stöðu, bjartsýnni sviðsmynd og svartsýnni sviðsmynd.

Svartsýna sviðsmyndin gerir ráð fyrir allt að 1,7°C hlýnun jarðar, sem er yfir markmiðum Parísar-samningsins. Sviðsmyndagreining fyrir bæði svartsýna og bjartsýna sviðsmynd bendir til þess að loftslagsáhættur muni almennt ekki hafa veruleg áhrif á starfsemina. Hins vegar er talið nauðsynlegt að hafa tilbúna viðbragðsáætlanir sem aðlögunaraðgerðir fyrir tengivirkin á Eskifirði og í Neskaupstað ásamt Hnappavallalínu og Bolungarvíkurlínu 1.

Aðlögunaraðgerðir til að bregðast við loftslagsáhættu felast meðal annars í ákvörðunum um efnisval í línunum og tengivirkjum, staðarval lína, yfirbyggingu tengivirkja og tilfærslu jarðstrengja vegna jarðsigs. Áhættumat mannvirkja er mikilvægur þáttur í framtíðaruppbyggingu flutningskerfisins og viðhaldsáætlunum, og nýtist jafnframt í vinnu við mat á umhverfisáhrifum og staðarval mannvirkja til framtíðar. Áhættumatið er rýnt og yfirfarið reglulega af sérfræðingum okkar.

Unnið var áhættumat þar sem metin voru hugsanleg áhrif loftslagsbreytinga á stjórnunarkerfið með tilliti til gæða, umhverfis, öryggis og upplýsingaöryggis. Áhættumatið var tilkomið vegna stjórnunarkröfu um loftslagsbreytingar í ISO-stöðlum.

Nánari umfjöllun má sjá í kafla GOV-3

Niðurstöðurnar benda til þess að loftslagsbreytingar hafi almennt ekki í för með sér veruleg áhrif á starfsemina. Undantekning er þó varðandi gæði, þar sem þörf er á viðbragðsáætlunum fyrir tiltekin mannvirki sem hluta af aðlögunaraðgerðum. Þetta er í samræmi við fyrra áhættumat á loftslagsáhættum mannvirkjanna okkar.

Við erum í samstarfi við SIF (e. *Sustainability institute and forum*) hjá Háskólanum í Reykjavík. Hluti af samstarfinu er að styrkja verkefni tengd sjálfbærni og á árinu veittum við veglega styrki til rannsóknar á þremur verkefnum tengd sjálfbærni.

E1-3

Viðnám gagnvart loftslagsbreytingum

Vísað er í fyrri umfjallanir um áhættumat fyrir loftslagsáhættur á tengivirki, háspennulínur og jarðstrengi og stjórnunarkerfi gæða, öryggis, umhverfis og upplýsingaöryggis í kafla E1-2.

Þær loftslagsáhættur sem metnar eru hafa mikil áhrif eru færðar inn í áhættumatsskrá fyrirtækisins og vaktaðar sérstaklega. Áhættumatið er unnið út frá áhrifum og líkum á hitakorti. Áhættuviðmið okkar eru flokkuð í stjórnunaráhættu, fjárhagsáhættu, rekstraráhættu og vááhættu.

E1-4

Stefna tengd loftslagsbreytingum

Loftslagsmál eru hluti af sjálfbærnistefnunni og falla undir umhverfi í megináherslum stefnunnar. Þar skuldbindum við okkur til að vinna markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og fylgja eftir stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum.

Samkvæmt stefnunni eru raforkumál loftslagsmál og skipta þau lykilhlutverki í orkuskiptum með því að tryggja flutning endurnýjanlegrar raforku.



Stefnan okkar er að mæta þörfum raforkumarkaðarins til lengri tíma með uppbyggingu á nýrri kynslóð flutningskerfis sem byggir á umhverfisvænum lausnum. Lesa má nánar um stefnuna í kafla BP-1 en hún nær til alls starfsfólks og verktaka í virðiskeðjunni sem starfa fyrir okkur.

Stefnan byggir á alþjóðlegum viðmiðum, lögum og stöðlum, þar með talinni reglugerð Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingar (CSRD), sem byggir á ESRS-stöðlum, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ISO-vottunum.

Rammaáætlun stjórnvalda flokkar endurnýjanlega raforkukosti í mismunandi flokka, það er orkunýtingu, bið og vernd. Hönnun flutningskerfisins tekur mið af mörgum þáttum, svo sem rammaáætlun, afhendingaröryggi, áreiðanleika, gæðum raforku, virkni raforkumarkaðar, hagkvæmni og áhrifum á umhverfi og náttúru.

Í fjárfestingaráætluninni eru verkefni sem stuðla að:

- Tengingu á nýjum endurnýjanlegum raforkukostum
- Styrkingum á núverandi flutningskerfi til að lágmarka flöskuhálsa í kerfi sem hamlar flutningi á raforku milli svæða
- Tengingu notanda við endurnýjanlega raforku. Í öllum þessum verkefnum er einnig hugað að því að lágmarka flutningstöp, til dæmis með vali á spennustigi og búnaði.

E1-5

Aðgerðir í tengslum við loftslagsbreytingar

fyrir jarðefnaeldsneyti fyrir rafbíla þar sem því verður við komið.

Á árinu 2025 voru Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 milli Rimakots og Vestmannaeyja, teknir í rekstur ásamt Rimakotslínu 2 milli Hellu og Rimakots. Með lagningu strengjanna var afhendingaröryggi til Eyja aukið til muna.

Þá vinnum við að innleiðingu á frekari kröfum í útboðum sem tryggja sjálfbærni í framkvæmdum.

Unnið er að undirbúningi framkvæmda og umhverfisáhrifum þeirra samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana og framkvæmda nr. 111/2021 og reglugerðar nr. 1382/2021 sem byggir á tilskipun Evrópusambandsins. Lagt er mat á umhverfisáhrif ólíkra valkosta meðal annars hver áhrif þeirra eru með tilliti til áhrifa á loftslag og næmni þeirra fyrir loftslagsbreytingum. Nánar er fjallað um þessa þætti í kafla E4-1 og E4-2.

Við höfum fjallað um helstu markmið og aðgerðir í loftslagsmálum í köflum E1-4 og E1-5 en þær eru einnig í sjálfbærnistefnu okkar. Í loftslagsbókhaldu er haldið utan um mælikvarða sem tengjast losun á SF6, flutningstöpum, varaafli, úrgangi og öðrum losunarpáttum.

Þá mælum við líka og vöktum reglubundið alla losun og kolefnisspor fyrirtækisins sem er jafnframt einn af lykilmælikvörðum okkar. Árið 2025 voru skráðar níu umhverfisábendingar og farnar 11 vettvangsferðir í tengslum við ISO-stjórnunarkerfi, þar á meðal ISO 14001.

Markmið okkar eru í takt við áðurnefnda stefnu stjórnvalda og Parísarsamninginn. Við höfum kynnt okkur hvernig ná má fram markmiðum með vísindalegri staðfestingu (e. *Science-based targets*) en ekki tekið ákvörðun um slíka nálgun.

Fræðandi föstudagur hélt áfram á árinu og á hverjum föstudegi deildi Magni Pálsson fróðleik um orkumál í föstudagsfræðslumolanum á Facebook, molum sem margir hverjir vöktu mikla athygli og tengdust meðal annars loftslagsmálum.



E1-6

Markmið í tengslum við loftslagsbreytingar

Við höfum fjallað um helstu markmið og aðgerðir í loftslagsmálum í köflum E1-4 og E1-5 en þær eru einnig í sjálfbærnistefnu okkar. Í loftslagsbókhaldu er haldið utan um mælikvarða sem tengjast losun á SF6, flutningstöpum, varaafli, úrgangi og öðrum losunarpáttum.

Þá mælum við líka og vöktum reglubundið alla losun og kolefnisspor fyrirtækisins sem er jafnframt einn af lykilmælikvörðum okkar. Árið 2025 voru skráðar níu umhverfisábendingar og farnar 11 vettvangsferðir í tengslum við ISO-stjórnunarkerfi, þar á meðal ISO 14001.

Markmið okkar eru í takt við áðurnefnda stefnu stjórnvalda og Parísarsamninginn. Við höfum kynnt okkur hvernig ná má fram markmiðum með vísindalegri staðfestingu (e. *Science-based targets*) en ekki tekið ákvörðun um slíka nálgun.

E1-7

Orkunotkun og orkusamsetning

Orkusamsetningin hjá okkur er fengin úr jarðefnaeldsneyti, rafmagni og heitu vatni.

Heildarorkunotkun er 11.370.457 kwst eða sem samsvarar 11.370 Mwh. Þar af er endurnýjanleg orka (rafmagn og heitt vatn) 4.107.309 kwst (4.107 Mwh) eða 36% af heildarorkunotkun. Orka sem fæst úr jarðefnaeldsneyti samsvarar 7.263.149 kwst (7.263 Mwh) eða 64% af heildarorkunotkun.



Á árinu fóru 14 þættir af Landsnets-hlaðvarpinu í loftið, þættir sem buðu upp á samtöl, innsýn og fjölbreytt efni um orkumál meðal annar áhugaverðir þættir um orkuskipti og loftslagsmál undir nafni Orkuskiptaskólans.

E1-8

Losun gróðurhúsalofttegunda

Losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum, miðað við umfang 1, 2 og 3 var 7.645 tonn CO₂-ígildi eða 0,43 tonn CO₂-ígildi á hverja framleidda GWst. Í samanburði var losunin 6.123 tonn CO₂-ígildi árið 2024.

Árlegt kolefnisspor vegna rekstursins er reiknað út samkvæmt aðferðafræði *Greenhouse Gas Protocol*. Losunarþættir starfseminnar eru greindir og flokkaðir í umfang 1, sem er bein losun frá rekstrinum, umfang 2 og umfang 3, sem ná yfir óbeina losun félagsins eins og sjá má á mynd hér til hliðar.

Þeir þættir í starfseminni sem stuðla helst að losun gróðurhúsalofttegunda eru leki brennisteinshexaflúoríðs, SF₆ (46%), sem er einangrunarmiðill í rafbúnaði tengivirkja, flutningstöp (30%) og notkun eldsneytis við framleiðslu varafls (20%).

Þessir þættir eru samanlagt ábyrgir fyrir um 96% af heildarlosun félagsins eins og sjá má á myndinni. Aðrir losunarþættir hafa mun minna vægi. Bein losun gróðurhúsalofttegunda í rekstrinum, umfang 1, var 5.275 tonn CO₂-ígildi árið 2025.

Helsta ástæða þessarar losunar tengist SF₆-leka í tengivirkjum í Blöndu og Búrfelli, en hann var

Skilgreining á beinum og óbeinum áhrifum byggð á Greenhouse Gas Protocol

rúmlega 3.500 tonn CO₂-ígildi árið 2025 og jókst um 138% miðað við árið 2024.


Reglulega er verið að skipta út gömlum búnaði fyrir nýjan og er allur búnaður sem keyptur er í dag með sívöktunarbúnað á SF₆-gasið auk þess sem nýjasta spennustöð okkar notar svokallað grænt gas.

Í umfangi 1 vegur notkun varaafls einnig þungt í losun og getur hún verið mjög mismunandi milli ára.

Losun gróðurhúsalofttegunda vegna notkunar varaafls var rúmlega 1.400 tonn CO₂-ígildi sem er 46% hækkun frá árinu 2024.

Hækkunina má rekja til aukinnar notkunar varaafls í Bolungarvík vegna bilana á Breiðdalslínu. Einnig voru færanlegar varaafslsvélar notaðar í tengslum við eldgos á Reykjanesi, sem og við viðhald og bilanir víða um land.

Losunarþáttur í umfangi 1 er einnig eldsneytisnotkun sem tengist bifreiðum og tækjum, 275 tonn CO₂-ígildi, sem er svipuð losun og var árið 2024. Þessi losun samsvarar um 4% af heildarlosun fyrirtækisins eins og fram kemur á mynd á næstu síðu.



Flutningstöp eru sá þáttur í starfseminni sem veldur mestri óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 2. Árið 2025 var sú losun 2.256 tonn CO₂-ígildi sem er 30% lækkun miðað við árið 2024. Þessa lækkun má rekja til minni flutnings. Önnur losun er tengist umfangi 2 er vegna raforkunotkunar í húsnæði okkar í Reykjavík, á Egilsstöðum og á Akureyri ásamt heitavatsnotkun, samtals um 28 tonn CO₂-ígildi, sem er sambærileg losun og var árið 2024.

Heildarlosun miðað við umfang 2 var því 2.284 tonn CO₂-ígildi, miðað við íslenska orkukörfu (e. *Location-based*).

Þar sem ekki eru keypt upprunavottorð fyrir þá raforku sem kemur fram í umfangi 2 samsvarar losunin um 200.000 tonn CO₂-ígildi miðað við markaðstengda losun (e. *Market-based*), samanber stöðluð yfirlýsing Raforkueftirlitsins um uppruna raforku fyrir árið 2024, sem gefur upp losunarstuðul 563,92 g/CO₂-ígildi/KWst.

Upprunavottorð raforku er staðfesting á því að raforkan hafi verið framleidd með endurnýjanlegri orku.


Þeir óbeinu losunarþættir sem upplýstir eru í umfangi 3 tengjast úrgangi, flugi starfsmanna bæði innanlands og erlendis og akstri starfsmanna á bílaleigubílum, samtals um 86 tonn CO₂-ígildi. Tækifæri eru til að upplýsa í framtíðinni um fleiri þætti er tengjast umfangi 3, svo sem losun vegna innkaupa og aksturs starfsmanna til og frá vinnu.

Losun vegna innanlandsflugs var 30 tonn CO₂-ígildi og lækkaði um 11% miðað við árið 2024 og losun tengd flugi erlendis var 19 tonn CO₂-ígildi og dróst saman um 50% á milli ára.

Losun vegna aksturs starfsmanna á bílaleigubílum var um 19 tonn CO₂-ígildi sem er sambærileg losun miðað við árið 2024.

Losun vegna meðhöndlunar og flutnings úrgangs var 18 tonn CO₂-ígildi og hækkaði um 84% á milli ára. Stærsti hluti úrgangs tengist framkvæmdum á vegum fyrirtækisins.

Hlutfallsleg losun gróðurhúsalofttegunda, 2025



- Losun SF6
- Rafmagn Gylfaflöt
- Eldsneytisnotkun - varaafli
- Rafmagn Gylfaflöt
- Flutningstöp
- Flug erlendis
- Heitt vatn
- Flug innanlands
- Eldsneytisnotkun - bílar og tæki
- Bílaleigubílar
- Úrgangur
- Rafmagn önnur notkun

E1-9

Kolefnisjöfnun og mótvægisaðgerðir við losun gróðurhúsalofttegunda


Við vinnum stöðugt að uppbyggingu og rekstri flutningskerfisins með það að markmiði að takmarka losun gróðurhúsalofttegunda. Til að draga úr losun þarf samþættar aðgerðir sem snerta alla þætti vistferilsins.

Búið er að skilgreina mikilvæga umhverfispætti. Stærstu möguleikarnir á samdrætti í losun felast meðal annars í minnkun SF6 leka, að draga úr flutningstöpum, minni notkun á varaafli, vistvænni innkaupum og betri ferlum við endurvinnslu niðurrifs.

Uppbygging flutningskerfisins er mikilvægasta aðgerðin til að tryggja orkuskipti og örugga dreifingu rafmagns. Þessar aðgerðir geta skilað verulegri lækkun á kolefnisspori og styðja við stefnu stjórnvalda um kolefnishlutleysi 2040

Myndin sýnir hlutfallslega losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1, 2 og 3 árið 2025

Losun gróðurhúsalofttegunda í rekstri



Til að mæta aukinni losun í umfangi 1 var framlag til kolefnisjöfnunar aukið og 1.375 tonnum CO₂-ígilda kolefnisjafnað. Kolefnisspor okkar var því 6.270 tonn CO₂-ígildi þegar búið var að taka tillit til kolefnisjöfnunar. Aukning kolefnisspors er 7% frá árinu 2024 þegar búið er að taka tillit til kolefnisjöfnunar.

Keyptar voru kolefniseiningar hjá ICR (e. *International Carbon Registry*) en öll þeirra verkefni hafa vottaðar kolefniseiningar.

Þróun á kolefnisspori okkar síðustu 5 ár með tilliti til kolefnisbindingar má sjá á mynd hér til hliðar.

E1-10


Innra kolefnisverð

Innra kolefnisverð hefur ekki verið reiknað, en losun og umfang hafa verið greind með vistferilsgreiningu. Innra kolefnisverð getur dregið úr fjárhagslegri áhættu, til dæmis með tengingu við losunarstuðla eða ETS-verð.

Súluritið sýnir kolefnisspor okkar á tímabilinu 2021–2025.

Kolefnisspor Landsnets 2021–2025

● 2021 ● 2022 ● 2023 ● 2024 ● 2025



	Eldsneytisnotkun (bílar og tæki)	Eldsneytisnotkun varaafli	Losun SF6	Rafmagn Gylfaflöt	Heitt vatn	Flutningstöp	Flug innanlands	Flug erlendis	Úrgangur	Bilaleigubílar	Kolefniseiningar
■ 2021	319	576	2679	7		3135	11		24	23	-462
■ 2022	285	964	2000	6	8	3277	10	20	20	16	-433
■ 2023	259	767	1565	5	7	3441	17	52	35	22	-500
■ 2024	280	1017	1480	5		3225	34	39	10	18	-255
■ 2025	275	1483	3517	4	11	2256	30	19	18	19	-1375

E1-11

Fjárhagsleg áhrif tengd loftslagsbreytingum

Mikilvægt er að meta loftslagsáhættur sem geta haft áhrif á mannvirki flutningskerfisins til að draga úr líkum á fjárhagslegu tjóni.

Fyrirbyggjandi aðgerðir, svo sem að byggja yfir tengivirki, styrkja möstur eða færa mannvirki, geta minnkað áhrif loftslagsbreytinga.

Þá geta breytingar á regluverki einnig haft fjárhagsleg áhrif, enda eru sífellt gerðar meiri kröfur um upplýsingar og stjórnun kolefnisspors fyrirtækja.

Við erum í samstarfi við Grænvang, samstarfsvettvang atvinnulífs og stjórnvalda sem leggur áherslu á loftslagsmál, grænar lausnir og sameiginlega vegferð í átt að kolefnishlutleysi. Þessi samvinna skiptir okkur máli og er hluti af sjálfbærnistefnu okkar og að fylgja stefnu stjórnvalda um samdrátt í losun og kolefnishlutleysi árið 2040.



Í fréttum var þetta helst



01.07.2025

Lyklaskipti hjá Landsneti – Ragna tekin við sem forstjóri

Ragna Árnadóttir hefur tekið við starfi forstjóra Landsnets og Guðmundur Ingi Ásmundsson þar með látið af störfum eftir farsælan feril hjá fyrirtækinu.



03.07.2025

Landsnet gestgjafi alþjóðlegs staðlaráðsfundar IEC 61850

Dagana 23.–27. júní 2025 vorum við gestgjafar fyrir fund vinnuhóps 10 innan IEC TC57, sem vinnur að þróun alþjóðlega staðalsins IEC 61850 – lykilstaðals í stafrænum tengivirkjum og snjallnetsvirkni í raforkukerfum.



14.07.2025

Ísallínur færast til – umhverfismat komið í kynningarferli

Ísallínurnar, sem hafa legið í loftinu milli álversins í Straumsvík og Hamraness síðan árið 1969, voru eitt sinn útlínur byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Nú eru tímamót fram undan – til stendur að færa þær í nýtt línustæði.

17.07.2025

Er framleiðsla rafeldsneytis á Íslandi fýsilegur kostur?

Heimurinn stefnir á orkuskipti. Það er ljóst að losun á gróðurhúsalofttegundum vegna bruna á jarðefnaeldsneyti hefur aukið styrk koltvísýrings í andrúmslofti frá því fyrir iðnbyltingu úr um 280 ppm í yfir 420 ppm árið 2024. Þessi aukni styrkur hefur leitt til hækkandi hitastigs á jörðinni og var meðalhitastig jarðar á nýliðnu ári 1,38°C hærra en fyrir iðnbyltingu, en markmiðið með Parísarsamninginn frá árinu 2015 var að halda hlýnun jarðar innan við 2°C hækkun, en stefna á að hún verði ekki hærri en 1,5°C

An aerial photograph of a lush green valley. A winding river flows through the center, surrounded by rolling hills and fields. Power lines with towers stretch across the landscape from the foreground towards the background. The sky is overcast. The image is partially obscured by a dark blue diagonal overlay on the left side, which contains text and decorative lines.

ESRS E4

Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi

Við framkvæmdaverk og mat á áhrifum þeirra er litið til samspils framkvæmda við helstu náttúrufarsþætti sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni, svo sem vistgerða, búsvæða og einstaka lífverustofna.

Líffræðileg fjölbreytni, vistkerfi og umbreytingaráætlun

Við leggjum áherslu á að vernda líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi og ganga um náttúruna af virðingu og varfærni.

Við framkvæmdaverk og mat á áhrifum þeirra er litið til samspils framkvæmda við helstu náttúrufarsþætti sem tengjast líffræðilegri fjölbreytni, svo sem vistgerða, búsvæða og einstaka lífverustofna. Jafnframt er tekið tillit til annarra þátta náttúrunnar, meðal annars jarðmyndana og landslags.

Við höfum ekki mótað með beinum hætti umbreytingaráætlun um líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi í samræmi við *Global Biodiversity Framework* (GBF).

Engu að síður er unnið eftir ýmsu stöðluðu verklagi sem endurspeglar áherslur um líffræðilega fjölbreytni.

Ljóst er að tækifæri eru til umbóta með frekari samþættingu verkferla sem snúa að umhverfismálum, þar á meðal líffræðilegri fjölbreytni. Hægt er að skýra ábyrgð betur, staðla kröfur í hönnun og bæta aðgengi að upplýsingum.

Má þar nefna eftirfarandi:

- Við undirbúning framkvæmdaverka, meðal annars með valkostagreiningu, er farið yfir hvernig megi forðast viðkvæm svæði.
- Hönnun framkvæmda miðar meðal annars að því að lágmarka jarðrask.
- Þar sem ekki er komið í veg fyrir rask eru lagðar fram mótvægisáðgerðir, til dæmis uppgræðsla.
- Eftirlit á framkvæmdatíma.
- Umhverfisúttektir í verklok.
- Ef tilefni er til er gert ráð fyrir vöktun ákveðinna umhverfisþátta að framkvæmdum loknum.
- Samtal við landeigendur og aðra hagsmunaðila.

Verkefni ársins 2025	Lýsing	Vænt niðurstaða	Tenging við markmið	Ábyrgð	Staða verks
Notkun lidar- og myndmælingartækni við frumskoðun línuleiða	Gagna er aflað með drónum og útbúinn stafrænn grunnur fyrir frekari rannsóknir.	Gagnast við frumhönnun valkosta meðal annars til að forðast viðkvæm vernduð svæði.	Styður við markmið um að lágmarka umhverfisáhrif framkvæmda.	Verkefnastjóri frá eignum og rekstri.	Var unnið fyrir eitt undirbúningsverkefni árið 2025.
Uppgræðsla vegna Kröflulínu 3	Fyrsta ár af fimm ára uppgræðsluáætlun til mótvægis við rask vegna framkvæmdarinnar í Skútustaðahreppi.	Þess vænst að á þessu svæði verði fjölbreytt vistkerfi þegar fram líða stundir.	Styður við markmið um að lágmarka áhrif á líffræðilega fjölbreytni og leggja fram mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.	Verkefnastjóri frá eignum og rekstri í samstarfi við Land og skóg.	Vinnu í samræmi við fyrsta ár áætlunarinnar lokið í Múlaþingi.
Eftirfylgni skilyrða og mótvægisáðgerða	Unnið að skráningu verklags í gæðakerfi sem lýsir eftirfylgni loforða um verklag, frágang, mótvægisáðgerðir og vöktun.	Á að bæta verklag og efndir skilyrða.	Styður við markmið um að lágmarka áhrif á líffræðilega fjölbreytni og leggja fram mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.	Sérfræðingur umhverfismála og verkefnastjóri frá eignum og rekstri.	Drög að gæðaskjali liggja fyrir. Innleitt árið 2026.

E4-2

Stefna tengd líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfa

Í umhverfisluta sjálfbærnistefnunnar er meginmarkmiðið að verklag skuli miða að því að umgangast náttúruna með varfærnum hætti, lágmarka áhrif á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi, vinna markvisst eftir skilgreindu verklagi og leggja fram mótvægisáðgerðir eftir því sem við á.

E4-3

Áðgerðir í tengslum við líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi




Við undirbúning framkvæmda er leitast við að forðast áhrif á náttúru og líffræðilega fjölbreytni. Ef það er ekki unnt er lögð áhersla á að lágmarka umhverfisáhrif á framkvæmdatíma og ganga vel frá svæðinu að framkvæmdum loknum, meðal annars með uppgræðslu.

E4-4

Markmið í tengslum við líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi

Í stærri framkvæmdum byggir samræmt verklag okkar á því að endurheimta votlendi sem nemur jafn stóru svæði og raskast. Líffræðileg fjölbreytni votlenda er mikil og verndargildi vistgerða þar hátt.

Í umfangsmeiri framkvæmdum höfum við auk þess skuldbundið okkur til eftirfarandi áðgerða við endurheimt gróðurs:

-  **2/1** hektarar í uppgræðslu á móti röskuðum í ógrónu þurrlandi
-  **3/1** hektarar í uppgræðslu á móti röskuðum í grónu þurrlandi
-  **1/1** hektari í endurheimt votlendisvistkerfis á móti í röskuðum í votlendi

Með áðgerðunum væntum við þess að til verði þroskuð vistkerfi, sem styður við líffræðilega fjölbreytni.

Með því að endurheimta stærra svæði en það sem raskaðist teljum við að tekið sé tillit til þess að uppgræðslusvæði þurfa tíma til að þróa vistkerfi sem eru jafn fjölbreytt og þau sem urðu fyrir raski.



Við tókum þátt í Sjálfbærni Háskólans í Reykjavík, dagskrá sem fagnar sjálfbærni með fjölbreyttum viðburðum og fræðslu um umhverfis- og samfélagsmál. Þar kynntum við okkar áherslur ásamt samstarfsaðilum og tókum þátt í umræðum og viðburðum um hringrásarhagkerfi, loftslagsmál og hlutverk fyrirtækja í sjálfbærri framtíð – samstarf sem við erum stolt af.

Uppgræðsla á Laugavöllum

Gerður var samningur við Land og skóg vegna landgræðslu til mótvægis við framkvæmdir Kröflulínu 3. Verkefnið snýr að endurheimt á gróðri á um 240 hektara svæði í stað rúmlega 140 hektara raskaðs gróðurlendis vegna nýframkvæmda Kröflulínu 3. Verkefnið styður við markmið okkar um að lágmarka áhrif á líffræðilega fjölbreytni og ráðast í viðeigandi mótvægisáðgerðir, sjá nánar í töflu hér að neðan.

Uppgræðslusvæði vegna Kröflulínu 3 er í báðum sveitarfélögum sem línan fer um, annars vegar á Laugavöllum í Múlapingi og hins vegar í Jörundargrjóti í Þingeyjarsveit.

Á Laugavöllum var dreift um 40 tonnum af áburði á 240 hektara lands og hefst uppgræðsla í Jörundargrjóti árið 2026. Unnið er í samræmi við fimm ára áætlun á Laugavöllum. Áætlaður kostnaður vegna endurheimtar Kröflulínu 3 eru um 40 milljónir.

Markmið er að gróðurlítið svæði verði vel gróið með fjölbreyttum vistgerðum eftir fimm ár. Land og skógur mun sjá um framfylgd landgræðsluáætlunarinnar í samvinnu við okkur hjá Landsneti.

Uppgræðslusvæðið var árið 2024 metið mjög

einsleitt og bert en strax má sjá árangur áburðargjafar haustið 2025. Sjá myndir hér til hliðar. Svæðið verður kortlagt með tilliti til vistgerða og gróðurframvindu og í framhaldinu tekin ákvörðun um frekara viðhald ef þess telst þörf. Árlega mun svæðið verða skoðað og myndað og verkáætlun uppfærð ef þörf er talin á.

Markmið okkar eru í samræmi við stefnu stjórnvalda og skuldbindingar Parísarsamningsins. Við höfum kynnt okkur hvernig ná má fram markmið með vísindalegri staðfestingu (e. *Science-based targets*) en ekki tekið ákvörðun um slíka nálgun.

LAUGAVELLIR HAUSTIÐ 2024



LAUGAVELLIR HAUSTIÐ 2025

Framkvæmdaár	Áburður kg/ha	Samtals áburður (tonn)
2025	165	39,6
2026	135	32,4
2027	135	32,4
2028	135	16,2
Samtals		120,6

Tafla: Áætlun um uppgræðslu á Laugavöllum.

Mælikvarðar í tengslum við líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi

Flutningskerfið samanstendur af 3.185 km af loftlínunum, 449 km af jarð- og sæstrengjum og um 80 tengivirkjum.

Mannvirkin okkar eru að langmestu leyti utan skilgreindra verndarsvæða, sem njóta verndar meðal annars á grundvelli líffræðilegrar fjölbreytni en einnig þátta eins og jarðmyndana og landslags.

Friðlýsingarflokkarnir skiptast í níu flokka með mismunandi verndargildi, eins og skilgreint er í náttúruverndarlögum.

Um 53 km af línumannvirkjum liggja innan verndarsvæða, sem samsvarar um 1,4% af flutningskerfinu (sjá töflu til hliðar). Yfirleitt liggja flutningslínurnar á jaðri svæðanna eða fara um þau á stuttum köflum. Tvö tengivirki eru staðsett innan verndaðra svæða.

Taflan sýnir línumannvirki sem liggja innan svæða sem falla undir friðlýsingu náttúruverndarlaga.


Raflína	Nafn	Tegund	IUCN flokkur
Kröflulína 2	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	II
Kröflulína 3	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	II
Hnappavallalína 1	Vatnajökulsþjóðgarður	Þjóðgarður	II
Kröflulína 1	Mývatn	Önnur friðlýst svæði	IV
Hólasandslína 3	Mývatn	Önnur friðlýst svæði	IV
Mjólkarlína 1	Vatnsfjörður	Friðland	IV
Vegamótarlína 1	Andakíll	Búsvæði	IV
Vatnshamralína 2	Grunnafjörður	Friðland	IV
Hamraneslínur 1&2	Urriðakotshraun	Fólkvangur	V
Hnoðraholtslína 1	Urriðakotshraun	Fólkvangur	V
Búrfellsína 3	Reykjanesfólkvangur	Fólkvangur	V
Sigöldulína 4	Fjallabak	Friðland	V
Neskaupstaðarlína 1	Gerpissvæði	Landslagsverndarsvæði	V
Hólalína 1	Teigarhorn	Fólkvangur	V
Hólasandslína 3	Glerárdalur	Fólkvangur	V
Geiradalslína	Breiðafjörður	Önnur friðlýst svæði	V
Mjólkarlína 1	Vatnsfjörður	Friðland	IV
Sultartangalína 1	Svæði í Þjórsárdal	Landslagsverndarsvæði	V
Dalvíkurlína 1	Svarfaðardalur	Friðland	VI

Nánari upplýsingar um friðlýsingarflokka er að finna á vef Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.



Flutningskerfið og friðlýsingar

- Þjóðgarður
 - Friðland
 - Náttúruvætti
 - Jaðarsvæði
 - Búsvæði
 - Fólkvangur
 - Önnur friðlýst svæði
 - Landslagsverndarsvæði og óbyggð víðerni
-
- 220 kV
 - 132 kV
 - 66 kV
 - 33 kV
-
- Tengivirki
 - Stórnotendur



Á árinu voru reist eða stækkuð fimm tengivirki, öll utan friðlýstra svæða. Þá var unnið að fjórum nýjum jarð- og sæstrengjum og voru þeir tilkynntir til Skipulagsstofnunar sem tók ákvörðun um að enginn þeirra væri matsskyldur. Strengirnir liggja ekki um friðlýst svæði en fara að hluta til um vernduð nútímahraun (sjá töflu hér til hliðar).

Helstu áhrifaþættir framkvæmda okkar á umhverfið, og þar með talið lífræðilega fjölbreytni, felast í beinu raski á vistkerfi og jarðmyndanir, áflugsáhættu fugla og sýnileika. Vegna strengjanna sem lagðir voru á árinu má gera ráð fyrir um 10–11 m breiðu röskuðu svæði við strenglögna.

Mesta raskið er yfir sjálfum strengskurðinum, á 3–4 m belti, en einnig beggja vegna við hann. Það ræðst af landgerð hversu vel og hratt raskað svæði jafnar sig. Í tilviki framkvæmda við Selfosslínu 1, þar sem loftlína var tekin niður á kafla, má líta á það sem jákvæða aðgerð með tilliti til áflugs fugla.

	Framkvæmd	Friðlýst svæði	Sérstök vernd	Náttúruminjasrá	Vatnsvernd
Rimakotslína 2 (132 kV)	36 km jarðstrengur	Nei	Nei	Nei	Nei
Selfosslína 1 (66 kV)	3,1 km jarðstrengur. Niðurrif loftlínu (23 möstur)	Nei	Já *	Nei	Nei
Vestmannaeyjalínur 4&5 (66 kV)	Tveir 18 km jarðstrengir	Nei	Já *	Já **	Nei
Suðurstrandarlínur 1&2 (66 kV)	Tveir 9 km jarðstrengir	Nei	Já *	Nei	Nei

* Eldhraun

** B-hluti náttúruminjasrár (forgangur um friðlýsingu eða friðun)

ESRS E5

Hringrásarhagkerfi og auðlindanýting

Hringrásarhagkerfið í sjálfbærnistefnu okkar leggur áherslu á sjálfbæra auðlindanýtingu, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs, auk ábyrgðar í meðferð hættulegra efna.



E5-1

Stefna tengd hringrásarhagkerfi og auðlindanýtingu

Við höfum mótað stefnu í sjálfbærnimálum þar sem hringrásarhagkerfið er ein af megináherslunum. Lesa má nánar um stefnuna í kafla BP-1 en hún nær til alls starfsfólks og verktaka í virðiskeðjunni sem starfa fyrir fyrirtækið.

Stefnan byggir á alþjóðlegum viðmiðum, lögum og stöðlum þar með talið reglugerð Evrópusambandsins um sjálfbærniupplýsingar CSRD, sem byggir á ESRS-stöðlum, heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og ISO-vottunum.

Hringrásarhagkerfið í sjálfbærnistefnu okkar leggur áherslu á sjálfbæra auðlindanýtingu, endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs, auk ábyrgðar í meðferð hættulegra efna.

Markmiðið að draga úr umhverfisáhrifum með því að nýta náttúruauðlindir á skilvirkan hátt og stuðla að hámarksnýtingu flutningskerfisins. Þessi nálgun tryggir að fyrirtækið minnki kolefnisspor sitt og stuðli að hringrásarhagkerfi með ábyrgri nýtingu og endurvinnslu auðlinda.

Við erum með úrgangsstjórnunaráætlun í samræmi við úrgangspríhyrninginn og ISO 14001 umhverfisvottun sem styður við markvissa umhverfisstjórnun, þar á meðal sorpflokkun og örugga meðhöndlun úrgangs á öllum starfsstöðvum og verkstöðum.

E5-2

Aðgerðir í tengslum við hringrásarhagkerfi og auðlindanýtingu

Við höfum sett okkur skýr markmið og aðgerðir til að stuðla að hringrásarhagkerfi, bæta auðlindanýtingu og hámarka nýtingu flutningskerfisins. Unnið er markvisst að því að lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda, draga úr umhverfisáhrifum, bæta nýtingu auðlinda og innleiða sjálfbærar lausnir í rekstrinum. Markmið og aðgerðir eru nánar tilgreind í sjálfbærnistefnu fyrirtækisins.

Markmiðið er að flokkunarhlutfall úrgangs sé yfir 90% og að 100% niðurrif mannvirkja verði endurunnið fyrir árið 2027. Til þess að ná þessum markmiðum er lögð áhersla á að greina tækifæri í rekstri og viðhaldi eigna til að draga úr úrgangi og losun ásamt því að þróa viðskiptaumhverfi sem styður við hámarksnýtingu auðlinda. Þá eru sett fram skilyrði í framkvæmdaútboðum til verktaka sem tryggir lágmark umhverfisáhrifa og endurvinnslu úrgangs.

Tækifæri er til að innleiða skýra verkferla fyrir endurvinnslu niðurrifs til að tryggja ábyrga umgengni um auðlindir. Haldið er utan um úrgangsmælikvarða fyrir allar eignir okkar í loftslagsbókhaldu okkar

Starfsfólk okkar er metnaðarfullt í flokkun úrgangs á starfsstöðvum fyrirtækisins og kemur reglulega með ábendingar um tækifæri til umbóta. Í mötuneytinu við Gylfaflöt er hráefni nýtt eins og kostur er og unnið markvisst að því að nýta afganga og sporna gegn matarsóun. Þá hefur verið komið á fót vettvangi á innra neti fyrirtækisins sem hvetur starfsfólk til þátttöku og styður við innleiðingu hringrásarhagkerfis.

Vistferilsgreiningin okkar á flutningskerfinu hefur verið uppfærð. Vistferilsgreining er aðferðafræði sem notuð er til að meta staðbundin og hnattræn umhverfisáhrif vöru eða þjónustu yfir líftímann eða „frá vöggju til grafar“. Tilgangurinn er að meta heildarumhverfisáhrif sem verða á öllum stigum vistferilsins eða yfir alla virðiskeðjuna, það er vegna öflunar hráefna, framleiðslu, notkunar og förgunar.

Með þessum markmiðum og aðgerðum vinnum við að því að styðja við sjálfbæra þróun og innleiða hringrásarhagkerfi í rekstrinum

E5-3

Markmið í tengslum við hringrásarhagkerfi og auðlindanýtingu

Gerð er ítarlega grein fyrir markmiðum og aðgerðum í tengslum við hringrásarhagkerfi og nýtingu auðlinda í sjálfbærnistefnunni en umfjöllum má finna í kafla BP-1 og [lesa stefnuna í heild á heimasíðunni okkar](#). [🔗](#)


Haldið er reglubundið utan um mælikvarða, meðal annars fyrir SF6-gasið, notkun jarðefnaeldsneytis í samgöngum og varaafli, flutningstöp og allar úrgangstölur eru skráð niður á eign í loftslagsbókhalda fyrirtækisins þar

sem haldið er utan um kolefnissporið og hluta virðiskeðjunnar.

Flokkunarhlutfall úrgangs var 57%, sem er úrgangur sem var flokkaður sérstaklega, en 43% var blandaður úrgangur.

Markmiðið er að hafa flokkunarhlutfallið yfir 90% eins og sjá má á mynd hér að neðan. Unnið er að því að ná betri árangri í flokkunarhlutfalli, til að mynda með aukinni fræðslu.

Markmið okkar eru í takt við stefnu stjórnvalda og Parísarsamningsins um losun CO₂. Við höfum kynnt okkur hvernig ná má fram markmið með vísindalegri staðfestingu (e. *Science-based targets*) en ekki tekið ákvörðun um slíka nálgun.



E5-4/5

Inn- og útflæði auðlinda

Flutningskerfi raforku krefst umfangsmikillar auðlindanotkunar á öllum stigum líftímans, allt frá byggingu og rekstri til endurnýjunar og niðurrifs. Þessar auðlindir má flokka í tvo meginflokka: auðlindir inn, sem eru hráefni, orka og efni sem fara inn í kerfið, og auðlindir út, sem eru þær afurðir, úrgangur og umhverfisáhrif sem flutningskerfið skilar frá sér.

Helstu hráefni sem notuð eru í byggingu og viðhald flutningskerfisins eru stál, ál, kopar og steypa. Stál er einkum notað í möstur, festingar og tengivirki, á meðan ál er aðalefni leiðara og jarðstrengja. Kopar er nauðsynlegur fyrir rafbúnað, jarðtengingar og háspennustrengi, en steypa er notuð í undirstöður fyrir möstur og byggingar. Að auki eru einangrunarefni, gler og postulín notuð í loftlínur, en ýmis plastefni eins og XLPE eru hluti af jarðstrengjum.

Flutningskerfið krefst einnig mikillar orkunotkunar, bæði við rekstur og viðhald. Þótt rafmagn sé notað í tengivirkjum er jarðefnaeldsneyti, meðal annars dísilolía, enn í talsverðum mæli notað við framkvæmdir og viðhald.

Hins vegar er í auknum mæli verið að nota lífdísil og vetni til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aðrar auðlindir sem kerfið krefst eru vatn og efnavörur, sem eru nauðsynlegar fyrir

tæringarvörn og viðhald einangrara. Einnig er SF6 gas notað í tengivirkjum, en það hefur afar háan hlýnunarmátt og því er unnið að minnkun á notkun þess.


Megintilgangur flutningskerfisins er flutningur raforku sem skilar um 19 TWst af raforku árlega til dreifikerfa og stórnotenda. Hins vegar tapast um 2% af þessari raforku, eða um 380 GWst árlega, vegna flutningstapa, sem hefur bein áhrif á kolefnisspor kerfisins.

Á líftíma flutningskerfisins myndast töluverður úrgangur og niðurrifsefni. Stál og ál eru að stórum hluta endurvinnanleg efni, en endurvinnsluhlutfall stáls er um 70% og áls um 90%. Kopar er einnig mikið endurunninn, á meðan steypa er erfiðari í endurvinnslu og er oftast notuð sem fylliefni. Einangrunarefni, plast úr jarðstrengjum og tæringarvarnarefni eru dæmi um efni sem hafa takmarkað endurvinnslugildi og þarf því að meðhöndla sérstaklega.

[Nánari upplýsingar um vistferilsgreininguna má nálgast á vefnum okkar](#). [🔗](#)

Hlutfall endurheimtar og förgunar


Myndin hér að neðan sýnir hlutfall endurheimtar og förgunar okkar fyrir árið 2025. 94% af úrgangi fóru í endurheimt en 6% í förgun. Stærsti hlutur úrgangs tengist framkvæmdum.



● Förgun ● Endurheimt

Úrgangsmyndum eftir úrgangsflokkum

Myndin hér að neðan sýnir úrgangsmyndun eftir úrgangsflokkun fyrir árið 2025. Hættulegur úrgangur er 0,7% af heildarúrgangi okkar.



● Almennt sorp ● Málmar ● Timbur ● Ál ● Lífrænn úrgangur ● Pappír ● Olía
 ● Batterí ● Raftæki ● Hættulegur úrgangur ● Plast ● Zink ● Kopar

Í fréttum var þetta helst



14..08.2025

Opinn kynningarfundur á umhverfismati vegna færslu á Ísallínunum

Við boðum til opins kynningarfundar þar sem farið verður yfir fyrirhugaða færslu á Ísallínunum og aðrar framkvæmdir á vegum fyrirtækisins í Hafnarfirði.



18.08.2025

Vinna við tengivirki Landsnets í Rimakoti aðfaranótt þriðjudags

Aðfaranótt þriðjudagsins 19. ágúst, frá miðnætti til kl. 08:00, verður tengivirki Landsnets í Rimakoti spennulaust vegna viðhaldsvinnu.



19.08.2025

Innleiðing vindorku í íslenska orkukerfið, áskoranir og mögulegar lausnir

Orkuskipti eru ein af stærstu áskorunum samtímans, þar sem lönd um allan heim leita leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og auka sjálfbæra orkunýtingu. Ísland er í einstakri stöðu hvað þetta varðar, þar sem nánast öll raforkuframleiðsla í landinu kemur frá endurnýjanlegum orkugjöfum, einkum vatnsorku og jarðvarma. Hins vegar hefur vindorka hingað til gegnt takmörkuðu hlutverki í íslenska orkukerfinu þó að ýmislegt bendi til að það sé að breytast.

Í fréttum var þetta helst



21.08.2025

Hálfsársuppgjör Landsnets – janúar til júní 2025

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2025 var lagður fram í dag.



21.08.2025

Framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 í biðstöðu

Framkvæmdir við loftlínuhluta Suðurnesjalínu 2 eru nú í biðstöðu á meðan beðið er niðurstöðu í dómsmálum sem tengjast verkefninu.



25.08.2025

Álit Skipulagsstofnunar vegna Holtavörðuheiðarlínu 3

Skipulagsstofnun hefur skilað álit sínu á umhverfismati Holtavörðuheiðarlínu 3, sem er ný loftlína á milli nýs tengivirkis Landsnets á Holtavörðuheiði og Blönduvirkjunar. Í matinu voru bornar saman nokkrar mögulegar línuleiðir, þar sem tvær eru taldar líklegastar – annars vegar leið í byggð og hins vegar yfir heiðar. Leiðirnar eru ólíkar, þær hafa mismunandi umhverfisáhrif og þar af leiðandi eru ólík sjónarmið umsagnaraðila og þeirra sem hafa tekið þátt í samráði.



ESRS S1

Mannauður

Við leggjum ríka áherslu á faglega mannauðsstjórnun sem byggir á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Stefnurnar okkar miða að því að skapa eftirsóknarverðan og öruggan vinnustað, þar sem mannréttindi, jafnrétti og vellíðan starfsfólks eru í forgrunni.

S1-1

Stefna tengd mannauði

Við leggjum ríka áherslu á faglega mannauðs-stjórnun sem byggir á virðingu, samvinnu og ábyrgð. Stefnurnar okkar miða að því að skapa eftirsóknarverðan og öruggan vinnustað, þar sem mannréttindi, jafnrétti og vellíðan starfsfólks eru í forgrunni.

Í takt við skuldbindingu okkar til sjálfbærni og samfélagsábyrgðar byggjum við stefnur og aðgerðir á niðurstöðum mikilvægisgreiningarinnar, sjá kafla S1-3.

Greiningin staðfestir að heilsa, öryggi og vellíðan starfsfólks, ásamt hæfniþróun og jafnrétti, eru lykil-þættir í okkar rekstri. Þessir þættir hafa áhrif bæði á samfélagið sem við þjónustum og á árangur. Með það að leiðarljósi höfum við sett fram skýrar aðgerðaáætlanir og mælikvarða til að tryggja að stefnur okkar í mannauðsmálum endurspegli þessa þætti á áhrifaríkan hátt.

Mannauðs- og mannréttindastefna

Við skuldbindum okkur til að virða mannréttindi starfsfólks í samræmi við alþjóðleg viðmið og skapa vinnustað þar sem jafnrétti, sanngirni, öryggi og vellíðan eru í forgrunni.

Stefnan okkar leggur áherslu á fjölbreytileika og jöfn tækifæri óháð uppruna, kyni, aldri eða öðrum þáttum með skýrum viðmiðum gegn mismunun og virkum aðgerðum sem styðja við heilbrigða og uppbyggilega vinnustaðamenningu sem byggir á virðingu, ábyrgð og samvinnu.

Í þessum tilgangi höfum við innleitt faglegt og gagnsætt ráðningarferli sem tryggir sanngirni og óhlutdrægni í öllum ráðningum. Við vinnum markvisst að vellíðan starfsfólks með heilsuefningu, reglulegri eftirfylgni og skýrum viðbragðsáætlunum gegn einelti, áreitni og ofbeldi, samhliða áherslu á starfsþróun, hæfniuppbyggingu og regluleg samtöl við starfsfólk.

Að minnsta kosti einu sinni á ári er gerð vinnustaðagreining þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að láta skoðun sína í ljós. Greiningin miðar að því að meta helstu þætti starfsumhverfis, styrkleika og áskoranir innan fyrirtækisins og eru niðurstöður hennar nýttar markvisst til umbóta með það að markmiði að bæta starfsumhverfi og styðja við sjálfbæra þróun mannauðs. Stefnan gildir fyrir allt starfsfólk Landsnets og annarra aðila sem kunna að starfa fyrir okkur.

[Lesu mannauðs- og mannréttinda-stefnuna okkar](#)



Jafnlaunastefna

Við höfum skuldbundið okkur til að tryggja jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf, óháð kyni, aldri, kynhneigð eða öðrum þáttum.

Jafnlaunakerfi fyrirtækisins er vottað samkvæmt staðlinum ÍST 85 og er tekið út af ytri aðilum árlega. Við látum framkvæma reglulegar launagreiningar til að tryggja launajafnrétti og bregðumst við með umbótum ef þörf krefur.

Niðurstöður launagreiningar eru kynntar stjórnendum sem nýta þær til að tryggja að greidd séu markaðslaun en þó ekki leiðandi sem og út frá verðmæti starfa. Stefnan gildir fyrir allt okkar starfsfólk.

[Lesu jafnlaunastefnuna okkar](#)

Jafnréttisáætlun 2023–2026

Jafnréttisáætlunin stuðlar að jafnrétti og fjölbreytileika í störfum. Enginn kynbundinn launamunur er liðinn og lagt er upp með að allt starfsfólk hafi jafnan aðgang að starfsþróun og símenntun. Reglulegar greiningar á jafnrétti og fjölbreytni eru framkvæmdar og niðurstöður birtar árlega.

[Lesu jafnréttisáætlunina okkar](#)

Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO)

Við líðum ekki óásættanlega hegðun, einelti, kynbundna áreitni eða ofbeldi. Reglulegar forvarnaráætlanir eru kynntar starfsfólki, ásamt fræðslu um viðeigandi viðbrögð við slíkum málum. Stefna gegn einelti, áreitni og ofbeldi (EKKO) er hluti af mannauðs- og mannréttindarstefnu okkar og nær sem slík til alls starfsfólks og annarra aðila sem kunna að starfa fyrir okkur.

Starfskjarastefna Landsnets

Við vinnum markvisst að því að laða að og halda í hæft starfsfólk með sanngjörnum og samkeppnishæfum starfskjörum. Launakerfið byggir á jafnlaunakerfi ÍST 85. Sérstök áhersla er lögð á skýrleika og gagnsæi varðandi starfskjör stjórnarmanna, forstjóra og lykilstarfsmanna. Stefnan gildir fyrir allt okkar starfsfólk.

[Lesu starfskjarastefnuna okkar](#)



Öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefna

Markmið okkar er að skapa heilsusamlegt vinnuumhverfi þar sem slysum, veikindum og dauðsföllum er haldið í lágmarki. Við beitum viðurkenndum aðferðum til að greina og stjórna áhættum, auk þess sem ábyrgð stjórnenda á öryggi og vellíðan starfsfólks er skýr. Öll vinna miðar að því að starfsfólk komi heilt heim og að fyrirtækið stuðli að faglegum vinnubrögðum og ánægjulegu starfsumhverfi. Stefnan gildir fyrir allt okkar starfsfólk.

[Lesu öryggis-, heilsu- og vinnuverndarstefnuna okkar](#)

Siðareglur Landsnets

Siðareglurnar leggja áherslu á traust, virðingu og ábyrgð í öllum samskiptum innan og utan fyrirtækisins. Heilindi eru höfð að leiðarljósi, þar sem hagsmunir fyrirtækisins og einstaklinga eru skýrt aðskildir. Siðareglur taka til alls okkar starfsfólks

[Lesu siðareglur Landsnets](#)

S1-2

Samskipti við starfsfólk og verktaka, verklag tengt ábendingum og umbótum

Við leggjum áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem okkar fólk líður vel, óháð kyni, aldri, starfsaldri eða uppruna. Til að tryggja að þetta markmið náist er lögð áhersla á reglulegar og fjölbreyttar samskiptaleiðir við starfsfólk, ásamt stöðugum umbótum byggðum á niðurstöðum kannana, samtala og ábendinga.



Við styðjum starfsfólk sem sinnir umönnun veikra foreldra eða náinna ættingja með fimm daga launuðu umönnunarleyfi, til að koma til móts við þær áskoranir sem slík ábyrgð getur haft í för með sér.

Vinnustaðakannanir

Árlega er framkvæmd vinnustaðakönnun (Q12) þar sem mældar eru aðstæður og líðan starfsfólks. Þetta er eitt mikilvægasta mælitækið og höfum við sett okkur það háleita markmið að helgun starfsfólks verði ekki undir 4,4. Í síðustu könnun mældist helgunin 4,16. Niðurstaða kannana eru nýttar til umbóta og bættrar ákvörðunartöku. Nánar má lesa um markmið í kafla S1-4.

Til viðbótar við Q12-könnunina eru reglulega lagðar fyrir kannanir til að mæla líðan, sálrænt öryggi, stjórnendamat og vinnustaðamenningu. Niðurstöður þessara mælinga eru unnar í vinnustofum innan sviða og teyma til að tryggja að þær leiði til umbóta.

Sérstök áhersla er lögð á úrbætur þar sem niðurstöður mælast lægri en væntingar standa til.



Helgun starfsfólks er mæld með 12 spurningum Gallup (Q12). Niðurstöður helgunar voru 4,16 sem er hækkun á milli ára en undir markmiði fyrirtækisins sem er 4,40.

Formleg samtöl (púlssamtöl)

Við höfum innleitt verklag þar sem stjórnendur eiga að minnsta kosti fjögur púlssamtöl á ári með sínu starfsfólki. Um er að ræða stutt og markviss starfsmannasamtöl sem haldið er utan um miðlægt. Tíðni púlssamtala er mæld til að fylgjast með framgangi formlegra samtala. Niðurstöður mælinganna eru teknar fyrir á mánaðarlegum framkvæmdastjórafundum og nýttar til að grípa inn í og/eða styðja við stjórnendur sem ekki tekst að framfylgja settu markmiði, sjá markmið í kafla S1-4.

Fjöldi skráðra púlssamtala á árinu 2025 var 341 og púlssamtala við hvern starfsmann að meðaltali 2 á árinu.

341

púlssamtöl
á árinu

2

púlssamtöl á
hvern starfsmann
að meðaltali

Nýliða- og starfslokasamtöl

Á reynslutíma fara allir nýir samstarfsfélagar í einstaklingsviðtal hjá mannauðsstjóra. Markmiðið með þessum samtölum er að kanna líðan, væntingar og viðhorf nýliða til vinnu og stjórnenda, sem og að tryggja farsæla aðlögun. Öllum sem láta af störfum að eigin frumkvæði býðst að fara í starfslokasamtal þar sem ástæður starfsloka eru greindar og tækifæri til umbóta eru kortlögð.

Ábendingakerfi

Starfsfólk getur sent inn hugmyndir og ábendingar sem tengjast mannauðsmálum í gegnum ábendingakerfi fyrirtækisins, sjá nánari umfjöllun í kafla S1-2. Verkefnastjóri gæðamála heldur utan um kerfið, fylgir ábendingum eftir og tryggir að þær berist viðeigandi aðilum innan fyrirtækisins

Starfsmannafundir

Markmið starfsmannafunda er að tryggja gott upplýsingaflæði, skapa samstöðu og virkja þátttöku starfsfólks. Þeir veita vettvang fyrir samtali, ákvarðanatöku og sameiginlega greiningu á málefnum sem hafa áhrif á fyrirtækið og starfsfólkið sjálft. Fundirnir eru einnig mikilvægir í innleiðingu stefnu fyrirtækisins og tryggja að starfsfólk tengi við hana, skilji hvernig þeirra hlutverk styður við stefnu og hvernig þau geta haft áhrif á framgang hennar.

Með því að tengja stefnuna við daglegt starf eykst skilningur á sameiginlegri framtíðarsýn, sem stuðlar að markvissari ákvarðanatöku og ábyrgð einstaklingsins í stefnumótandi vinnu. Fundirnir eru haldnir í mismunandi formi eftir umfangi og eðli málefna og stuðla að aukinni skilvirkni, samstarfi og samstöðu innan teyma.

Reglulegir stjórnendafundir eru haldnir þar sem farið er yfir ýmsar upplýsingar og greiningar. Að auki er samantekt gerð á upplýsingum frá starfsfólki, til dæmis úr starfslokasamtölum, og kynnt fyrir framkvæmdastjórn. Þetta gerir okkur kleift að aðlaga stefnu og markmið ef þörf krefur og breyta forgangsroðun.

Viðbragðs- og forvarnaáætlanir

Við leggjum mikla áherslu á vellíðan og öryggi starfsfólks og fylgjum skýrum viðbragðs- og forvarnaráætlunum gegn einelti, kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi, sem og annarri óviðeigandi hegðun. Markmið þessara áætlana er að tryggja öruggt vinnuumhverfi þar sem virðing, jafnrétti og vellíðan eru í forgrunni.

Forvarnaráætlunin er hluti af mannauðs- og mannréttindastefnu okkar og endurspeglar skuldbindingu fyrirtækisins til að skapa heilbrigt og öruggt starfsumhverfi fyrir alla. Siðareglur okkar fjalla sérstaklega um þessi mál og veita starfsfólki skýrar leiðbeiningar um ábyrga og faglega hegðun á vinnustaðnum, sjá frekari umfjöllun í kafla S1-1. Við leggjum áherslu á að allt starfsfólk beri sameiginlega ábyrgð á að

viðhalda heilbrigðu vinnuumhverfi og styðja við jákvæða vinnuvenningu. Við lítum á einelti, kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi sem alvarleg brot og umberum slíka háttsemi aldrei. Erum tilbúin til að grípa til viðeigandi aðgerða í slíkum tilvikum og leita, ef þörf krefur, til utanaðkomandi sérfræðinga til að tryggja faglega og óháða meðferð mála. Við leggjum jafnframt mikla áherslu á fræðslu og fær allt starfsfólk reglulega þjálfun til að auka meðvitund og efla forvarnir.

Til að fylgjast með líðan starfsfólks framkvæmum við árlega starfsánægjukönnun og höldum regluleg púlssamtöl milli yfirmanna og starfsfólks. Þannig tryggjum við opið samtali, greinum áhyggjur tímanlega og styðjum við jákvætt starfsumhverfi.

Starfsfólk er hvatt til að tilkynna öll atvik eða grun um einelti, kynferðislegt eða kynbundið ofbeldi eða aðra óviðeigandi háttsemi. Tilkynningar má senda beint til mannauðsteymisins eða í gegnum ábendingavef, þar sem hægt er að skila inn nafnlausum tilkynningum ef um lögbrot eða ámælisverða háttsemi er að ræða.

Starfsfólkið okkar hefur aðgang að skýrum leiðum til að leita úrbóta vegna neikvæðra áhrifa sem rekja má til starfsemi fyrirtækisins. Slíkum málum má koma á framfæri í gegnum stjórnendur, mannauðssvið, öryggisstjóra eða trúnaðarmenn. Mál eru tekin til skoðunar með það að markmiði að tryggja viðeigandi úrbætur, stuðning eða leiðréttingu eftir því sem við á.

Annað hvert ár er sálfræðilegt öryggi innan teyma mælt, síðasta mæling var árið 2024 og verður næst mælt vorið 2026.

S1-3

Aðgerðir í tengslum við mannauð

Aðgerðir og úrræði í tengslum við eigið starfsfólk byggja á niðurstöðum mikilvægisgreiningarinnar (sjá einnig umfjöllun í kafla S1-1). Í greiningunni voru tvö mikilvæg atriði skilgreind sem sérstaklega mikilvæg í tengslum við eigið starfsfólk: heilsa, öryggi og vellíðan starfsfólks

og hæft starfsfólk og árangursrík starfsþróun. Eftirfarandi lýsir helstu aðgerðum og úrræðum sem við nýtum til að bregðast við þessum atriðum.

Heilsa, öryggi og vellíðan starfsfólks

Mikil áhersla er lögð á að tryggja öryggi starfsfólks. Aðgerðirnar miða að því að fyrirbyggja og draga úr neikvæðum áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks. Lykilaðgerðir fela meðal annars í sér öryggisstefnu, reglulegar öryggisúttektir, öryggisþjálfun og notkun tæknilausna. Við mælum árangur með því að fylgjast með fjölda öryggisfrávika, vinnuslysa og þátttöku í öryggisnámskeiðum. Nánar er farið í mælikvarða í kafla S1-13.

Við leggjum áherslu á líkamlega, andlega og félagslega heilsu starfsfólks. Markmið okkar er að bjóða upp á heildstæða nálgun sem stuðlar að vellíðan, jafnvægi og öryggi í starfi.

Heilsuefling og fræðsla

Við leggjum mikla áherslu á fræðslu og vitundarvakningu um heilsu og vellíðan. Við höldum reglulega fræðslupistla og heilsudaga þar sem við fræðum og þjálfum starfsfólk um alla þætti heilsu, meðal annars líkamlega, andlega, félagslega og faglega.

Líkamleg heilsa

Við styðjum við heilsu starfsfólks með heilsudögum, heilsuræktarstyrk, árlegum heilsufarsmælingum, lánshjólum og samgöngustyrk sem hvetur til virkra samganga og heilbrigðs lífsstíls. Á árinu nýttu 78 starfsmenn sér samgöngustyrk og 107 starfsmenn nýttu sér heilsuræktarstyrkinn.

107
heilsuræktar-
styrkir

78
samgöngu-
styrkir

0
slys sem leiddu
til fjarveru

Andleg heilsa í forgang

Við veitum starfsfólki aðgang að sálfræðilegum stuðningi og vinnustofum sem efla andlega vellíðan, auk þess sem fræðsluefni okkar fjallar reglulega um geðheilbrigði og streitustjórnun.

Félagsleg heilsa og vinnustaðamenning

Við leggjum ríka áherslu á félagslega vellíðan starfsfólks með öflugri vinnustaðamenningu og starfsmannafélagi sem styrkir tengsl og samvinnu.

Öryggi og vellíðan í starfi

Við vinnum stöðugt að því að skapa öruggan og heilbrigðan vinnustað þar sem starfsfólk er hvatt til að leggja sitt af mörkum til að fyrirbyggja slys og stuðla að vellíðan í starfi.

Aðgerðirnar ná til alls starfsfólks og eru í stöðugri framkvæmd. Markmiðið er að tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi og bregðast við atvikum með viðeigandi úrbótum þegar þeirra er þörf.

Þátttaka í öryggisnámskeiðum var samtals 1.097,7 klst. og ekkert slys leiddi til fjarveru.

1097,7
klst. á öryggis-námskeiðum

Hæft starfsfólk og árangursrík starfspróun

Til að draga úr áhættu tengdri manneklu og þekkingartapi og styðja við langtímaparfir leggjum við áherslu á skipulagða fræðslu og símenntun, regluleg starfspróunarsamtöl og þjálfun stjórnenda. Aðgerðirnar ná til alls starfsfólks og eru bæði í gangi og til framtíðar, með það að markmiði að efla hæfni, styðja við starfspróun og nýta tækifæri til aukins árangurs.

Aðgerðirnar eru studdar af mannauðssviði, stjórnendum og innri ferlum sem tryggja skýra ábyrgð og eftirfylgni. Virkni aðgerðanna er metin með reglulegri eftirfylgni, meðal annars með niðurstöðum starfsmanna- og vinnustaðakannana, greiningu á starfsmannaveltu og öryggisatvikum.

Aðgerðir

Á árinu var gripið til markvissra aðgerða til að styðja við vellíðan, öryggi og þróun eigin starfsfólks. Réttindi tengd fæðingarorlofi voru aukin, meðal annars með auknum sveigjanleika fyrir starfsfólk á meðgöngu og eftir endurkomu úr fæðingarorlofi. Þá voru heimildir til leyfa vegna veikinda náinna aðstandenda innleiddar. Til að efla öryggi var bætt við stöðugildi öryggisfulltrúa og nýtt fræðslukerfi, Viska, innleitt í lok ársins til að styðja við markvissa hæfniþróun.

S1-4

Markmið í tengslum við mannauð

Við höfum sett okkur markmið í tengslum við eigið starfsfólk sem miða að því að efla vellíðan, þátttöku, jafnrétti, öryggi og stöðugleika mannauðs. Markmiðin styðja við mannauðsstefnu fyrirtækisins og eru endurskoðuð reglulega. Ná þau til alls starfsfólks og er árangur metinn með reglulegri eftirfylgni og mælingum. Sjá má niðurstöður einstakra mælinga í kafla S1-2.

Helgun starfsfólks

Við höfum sett okkur markmið um að efla helgun starfsfólks. Helgun er mæld á hálfis árs fresti með starfsmannakönnunum og púlssamtölum og árangur metinn árlega með samanburði við niðurstöður fyrri ára. Nánari umfjöllun um mælingar í kafla S1-2.

Púlssamtöl

Til að styðja við virkt samtal höfum við sett okkur markmið um ákveðinn fjölda púlssamtala á ári. Markmiðið nær til alls starfsfólks og er metið árlega. Ítarlegri útlistun á framkvæmd og niðurstöður er að finna í kafla S1-2.

Starfsmannavelta

Starfsmannavelta er einn af lykilmælikvörðunum á stöðugleika mannauðs og vinnustaðamenningu. Markmið eru sett um að halda starfsmannaveltu innan skilgreindra marka og eru niðurstöður greindar reglulega til að draga úr áhættu tengdri manneklu og þekkingartapi. Sjá mælingu í kafla S1-5.

Jöfn laun

Markmið okkar er að tryggja jöfn laun og jafnræði í launasetningu, þar sem laun ákvarðast eingöngu á málefnalegum forsendum. Launamunur er greindur reglulega með viðeigandi mælikvörðum og niðurstöður nýttar til að tryggja sanngirni í launakerfi fyrirtækisins. Sjá mælingu í kafla S1-15.

Heilsa og öryggi starfsfólks

Við höfum það markmið að stefna að núll-slysum á vinnustað og er það hluti af kerfisbundnu vinnuverndarstarfi og nær til alls starfsfólks. Árangur er metinn með reglulegri greiningu á vinnuslysum og öryggisatvikum, með það að markmiði að fyrirbyggja slys og draga stöðugt úr áhættu. Sjá nánar í köflum S1-3 og S1-13.




Í ár bættust 29 nýir starfsmenn í hópinn. Frábær viðbót sem hefur ekki aðeins aukið styrk okkar heldur einnig innleitt ferskar hugmyndir og lausnir í starfið.

S1-5

Samsetning starfsfólks fyrirtækisins

Eftirfarandi mælikvarðar varpa ljósi á stærð og samsetningu starfsmannahópsins, sem og þróun hans milli ára.


Upplýsingar um starfsmannafjölda eru hér settar fram sem fjöldi starfsmanna í árslok.




Árið einkenndist af nýjum áherslum þar sem tónn breytinga var sleginn. Áhersla var á sveigjanleika og líðan starfsfólks með ríkulegum stuðningi við unga foreldra og starfsfólk í krefjandi aðstæðum nútíma samfélags.

Guðný Björg Hauksdóttir
framkvæmdastjóri mannauðs og umbóta


Ótímabundið




Tímabundið



Kynjaskipting starfsfólks



Starfsmannavelta



Starfsmannavelta var 13,21% sem er hærra en sett markmið sem er 7%. Þó má sjá lækkun á starfsmannaveltu á milli ára.

● Karlar ● Konur

● Karlar ● Konur

● Starfsmannavelta ● Hámarksviðmið

S1-6

Verktakar hjá fyrirtækinu

Töluverður fjöldi verktaka starfar með okkur á hverjum tíma bæði við sérfræðistörf og iðnaðarstörf. Hjá okkur starfa verktakar sem alla jafna sinna sérfræðistörfum í nánun samstarfi við okkar starfsfólk við uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins.

Utanaðkomandi verktakar sem koma að starfseminni eru ráðnir á grundvelli sérfræðipekkingar og sérhæfingar þeirra. Í grunninn gilda sömu reglur og kröfur til hæfni og þekkingar og eiga við um okkar starfsfólk. Sömu viðmið gilda fyrir verktaka og okkar eigið fólk þegar kemur að aðbúnaði, hollustuháttum og öryggisreglum í takt við eðli þeirra verkefna sem verktakar sinna.

Nýframkvæmdir eru boðnar út bæði hér heima og á Evrópska efnahagssvæðinu. Verktakafyrirtæki sem vinna við nýframkvæmdir starfa samkvæmt sínu eigin stjórnunarkerfi en gangast undir ferla og stýringar sem fyrirtækið setur fram og tengjast áhættumati starfa, siðareglum og öryggisreglum.

S1-7

Umfang kjarasamninga

Við fylgjum lögum um kjarasamninga og tryggjum að allt starfsfólk njóti þeirra réttinda og hlunninda sem samningarnir kveða á um. Án undantekninga heyrir allt starfsfólk okkar undir kjarasamninga sem tryggir öll lagaleg réttindi svo sem launakjör, veikindarétt, fæðingarorlof, uppsagnarákvæði og önnur skyld réttindi.

Starfsfólk okkar nýtur mismunandi kjara eftir því hvort það er fastráðið eða lausráðið, en í öllum tilfellum eru réttindi þess tryggð samkvæmt þeim kjarasamningi sem það tilheyrir. 92% starfsfólks Landsnets eru í stéttarfélögum.

Við virðum lög og reglur á vinnumarkaði. Með því að fylgja kjarasamningum í einu og öllu stuðlum við að traustu og sanngjörnu vinnuumhverfi þar sem jafnræði og virðing fyrir starfsfólki eru í forgrunni.

S1-8

Fjölbreytileiki


Fjölbreytileiki er lykilatriði í því að byggja upp sterka og farsæla vinnustaðarmenningu. Við höfum vottað jafnlaunakerfi og fylgjum jafnréttislögum til að tryggja að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og réttindi á vinnustaðnum.

Við viðhöldum jafnrétti á vinnustaðnum með skýrum markmiðum og reglulegri árlegri rýni á jafnréttisáætluninni. Áætlunin felur í sér að framkvæma árlega launagreiningu til að tryggja að laun séu jöfn fyrir jafnverðmætt störf, viðhalda

framkvæma árlega launagreiningu til að tryggja að laun séu jöfn fyrir jafnverðmætt störf, viðhalda jafnlaunakerfi og rýna reglulega jafnréttisáætlun til að bæta og aðlaga hana eftir þörfum.

Með þessum aðgerðum tryggjum við að fyrirtækið verði áfram fyrirmynd þegar kemur að jafnrétti og fjölbreytni á vinnustaðnum. Niðurstöður launagreininga sýna að óútskýrður launamunur er enginn og frávik teljast óveruleg eða 0,8% körlum í vil.

Kynjahlutfall stjórnenda



Fjölbreytivísar Landsnets

Við höldum utan um fjölbreytivísa á innra mælaborði fyrirtækisins, þar sem meðal annars eftirfarandi tölfræði er skráð og rýnd:

Með því að nota mælaborð tryggjum við að stjórnendur hafi aðgengi að lykilgögnum sem styðja stefnumörkun í fjölbreytni og jafnrétti.

Kynjahlutfall

Hlutfall kvenna og karla í öllum hlutverkum fyrirtækisins, þar á meðal stjórnunarstöðum

Aldurssamsetning:

Starfsfólk greint eftir aldurshópum

Starfsaldurssamsetning:

Starfsfólk greint eftir starfsaldri

Kynslóðarbil:

Starfsfólk greint eftir kynslóðum


Þjóðerni starfsfólks:

Starfsfólk greint eftir þjóðerni


Menntun starfsfólks:

Starfsfólk greint eftir hæsta menntunarstigi

Kynjaskipting starfsfólks í fæðingarorlofi



Kynjaskipting nýráðninga



● Karlar ● Konur

Stefna í ráðningum

Ráðningarferlið er í samræmi við markmið okkar um fjölbreytni.

Helstu áherslur í ráðningum eru:

Auglýsingar fyrir alla

Auglýsingar eru orðaðar á hlutlausan hátt og hvetja fólk óháð aldri, uppruna eða kyni til að sækja um. Jafnframt eru flest störf auglýst óháð staðsetningu ákveðinnar starfsstöðvar.

Jafnrétti í ákvörðunum

Í þeim tilvikum þar sem tveir jafn hæfir aðilar eru í ferli er sá einstaklingur ráðinn sem stuðlar að meiri fjölbreytni í teyminu.

Hlutleysi í ferli

Við tryggjum að ráðningarferlið sé hlutlægt með því að byggja á hæfni umsækjenda fremur en öðrum þáttum.

Fjölbreytni í stjórnendateymi

Markmiðið er að kynjahlutfall stjórnenda sé 50/50 karlar og konur. Við fylgjumst náið með þróun þessara markmiða og birtum reglulega tölfræði sem tengist þessum fjölbreytivísam, meðal annars í ársskýrslu og í jafnlaunagreiningum. Hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn í dag er 50% og 36% millistjórnenda.


Einnig er haldið utan um ákvörðunarvald kvenna en hann er einn af jafnréttisvísunum okkar. Ákvörðunarvald kvenna í fyrirtækjum vísar til þess hversu mikla stjórn, áhrif og völd konur hafa við stefnumótun, ákvarðanatöku og stjórnun innan fyrirtækis. Markmiðið er að ákvörðunarvald kvenna sé nálægt 50%.

44,3
meðalaldur
starfsfólks

21
fór í
fæðingarorlof


8 ár
og
8 mánuðir
meðal
starfsaldur

Kynslóðaskipting í starfi




- Eftirstríðsarakynslóðin, f. 1946-1964
- X - kynslóðin, f. 1965-1980
- Aldamótakynslóðin, f. 1981-1996
- Z - kynslóðin, f. 1997-2012

Starfsaldursdreifing



Aldursdreifing starfsfólks



- Konur
- Karlur

S1-9

Kjör starfsfólks

Við vinnum að því að byggja upp og viðhalda teymi hæfs starfsfólks sem styður við hlutverk og starfsemi fyrirtækisins. Áhersla er lögð á að greiða samkeppnishæf laun en að vera þó ekki leiðandi á markaði. Til að tryggja þetta tökum við þátt í árlegum launagreiningum og fáum upplýsingar um laun á markaði. Við styðjumst við vottað jafnlaunakerfi þar sem gerð er krafa um að við greiðum jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf óháð kyni eða öðrum þáttum.

Jafnlaunakerfið er tekið út að minnsta kosti einu sinni á ári. Einnig höfum við sett sér starfskjara- og jafnlaunastefnu sem hægt er að kynna sér á heimasíðu fyrirtækisins. Nánari upplýsingar er að finna í köflum S1-1 og S1-15.

[Lesu starfskjarastefnuna okkar](#)

S1-10

Hlunnindi starfsfólks

Við fylgjum í hvívetna gildandi kjarasamningum á vinnumarkaði sem og vinnulöggjöf þeirri sem er í gildi hverju sinni. Réttindi starfsmanna eru tryggð í samræmi við gildandi lög og reglur. Þetta nær til allra þátta sem snúa að réttindum og skyldum á vinnustað, þar með talið veikindaréttar, uppsagnarákvæða, réttinda vegna slysa, fæðingarorlofs og starfsloka vegna aldurs.

S1-11

Starfsfólk með fötlun

Virðing fyrir réttindum fatlaðs fólks og alþjóðlegum samningum, þar á meðal UNCRPD, er höfð að leiðarljósi.

Fötlun er almennt skilgreind samkvæmt þessum stöðlum og nær yfir líkamlega, andlega og skynræna fötlun, auk langvarandi veikinda eða heilsufarsástands sem takmarka þátttöku einstaklings í samfélaginu.

Við tryggjum að ekki sé safnað heilsufarsupplýsingum eða upplýsingum um fötlun starfsfólks, þar sem þær teljast viðkvæm persónugögn. Viðurkennd er þó að sýnileg fötlun eins og hreyfihömlun eða skynræn fötlun hafi ekki áhrif á ráðningu innan fyrirtækisins, þar sem starfsumhverfi er viðeigandi og getur tekið á móti hreyfihömluðum einstaklingum.

S1-12

Mælikvarðar fræðslu og starfsþróunar

Mikil áhersla er lögð á menntun og þjálfun starfsfólks, sem er lykillinn að árangri og framtíðarsýn okkar. Við viljum skapa umhverfi sem stuðlar að nýsköpun, starfsþróun og faglegum vexti, sem styrkir ekki einungis starfsemi okkar heldur einnig íslenskt atvinnulíf. Unnið er að því að stuðla að öflugri þekkingarsköpun, auka traust og efla samfélagslega ábyrgð.

Stefna og markmið

Orkugeirinn er í stöðugri þróun og við leggjum áherslu á að efla menntun og þekkingu innanlands. Við tökum virkan þátt í rannsókn- og þróunarstarfi, meðal annars í samvinnu við erlenda aðila, flutningsfyrirtæki á Norðurlöndum og Háskólann í Reykjavík.

Markmiðið er að tryggja þekkingaröflun sem styður við langtímamarkmið um uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins. Þekkingaröflun er markvisst efld til að styðja við langtímamarkmið um uppbyggingu og rekstur flutningskerfisins.

Við leggjum einnig áherslu á að styðja árlega við tvö verkefni á grunn- eða meistarastigi, bjóðum upp á námssamninga fyrir iðnnemendur og starfsnám fyrir háskólanema.

Markviss fræðsla og þjálfun

Árangur er tryggður með árlegri þarfagreiningu á öllum sviðum fyrirtækisins, sem liggur til grundvallar fræðsluáætlun og markvissu framboði námskeiða og þjálfunar fyrir starfsfólk. Við bjóðum einnig upp á námsstyrki og sveigjanleika fyrir þá sem vilja sækja sér frekari menntun. Fyrir sérfræðinga bjóðum við upp á launað námsleyfi á fjögurra ára fresti.

Móttaka nýliða

Vönduð móttaka og aðlögun nýs starfsfólks er forgangsmál hjá okkur. Við leggjum áherslu á að kynna starfsemi, reglur og menningu fyrirtækisins, sem og tryggja árangursríka einstaklingsþjálfun undir handleiðslu reynds starfsfólks.

Vinnustaðamenning og öryggi

Við vinnum markvisst að uppbyggilegri vinnustaðamenningu þar sem þekking, samskipti og öryggi eru í forgrunni. Við leggjum mikla áherslu á persónuöryggi, upplýsingaöryggi og andlegt og félagslegt öryggi, sem endurspeglast í reglulegri fræðslu og þjálfun. Öryggismál eru í algjörum forgangi hjá okkur, og við leggjum ríka áherslu á að skapa vinnuumhverfi þar sem allt starfsfólk getur starfað öruggt.

Skráning og mæling á þekkingu

Til að tryggja samfellu og draga úr þekkingarleka skráum við alla þjálfun og þekkingu í samþætt stjórnkerfi okkar. Viska, rafrænt fræðsluferfi, tryggir þægilegan aðgang starfsfólks að fræðsluefni, og mannauðskerfi okkar heldur utan um allar þjálfunarupplýsingar.

Með markvissri menntun, þjálfun og þekkingarmiðaðri vinnustaðamenningu tryggjum við framtíðar samkeppnishæfni okkar og gæði starfseminnar.

Við munum halda áfram að fjárfesta í þekkingu og starfsþróun til að tryggja framúrskarandi starfshætti og áreiðanleika í rekstri flutningskerfis raforku á Íslandi.

Fræðslunefnd sér til þess að fræðsluáætlun fyrirtækisins sé reglulega yfirfarin og uppfærð í takt við þróun starfseminnar. Með því fær starfsfólk ávallt tækifæri til að þróa hæfni sína og ná góðum árangri í starfi.

51,5 klst
í fræðslu og þjálfun
á hvern starfsmann

S1-13


Mælikvarðar öryggis og heilsu

Við leggjum áherslu á að fyllsta öryggis sé gætt í allri starfseminni. Við höfum innleitt stefnu í öryggismálum og settar hafa verið reglur sem stuðla að öruggu og heilsusamlegu vinnuumhverfi.

Við erum vottuð samkvæmt ISO 45001 staðlinum sem er kröfulýsing á sviði öryggis- og vinnuverndarmála. Áhersla er á reglubundna þjálfun, úttektir og áhættugreiningar með það að markmiði að tryggja að öryggis-, umhverfis- og vinnuverndarmál séu órjúfanlegur þáttur af starfseminni, hvort sem það er við störf okkar fólks við framkvæmdir og viðhald eða ákvarðanatöku við fjárfestingar, val á verkötum eða kaup á vöru og þjónustu vegna starfseminnar. Sömu kröfur eru gerðar til allra okkar verktaka og þjónustuaðila.

Málaflokkurinn nær til alls starfsfólks og gerðar eru kröfur um reglubundnar heilsufarsskoðanir, annars vegar árlega fyrir starfsfólk sem starfar úti á mörkinni við viðhaldsstörf og hins vegar á tveggja ára fresti fyrir sérfræðinga. Að sama skapi er reglubundin öryggisþjálfun fyrir allt starfsfólk, en sértækari námskeið fyrir starfsfólk sem starfar við viðhaldsstörf.

Hvatning til starfsþróunar



Tækifæri til starfsþróunar



Markmiðið í öryggismálum er að ekkert slys verði í starfseminni. Samhliða því leggjum við mikla áherslu á að öll frávik séu tilkynnt og skráð með það að markmiði að draga af þeim lærdóm og innleiða nauðsynlegar umbætur þannig að við fyrirbyggjum að sambærilegt atvik gerist aftur. Á síðasta ári varð ekkert slys sem leiddi til fjarveru. Við erum í samstarfi við önnur orkufyrirtæki landsins og sambærileg innviðafyrirtæki á Norðurlöndum um öryggismál sem nýtist okkur til að tryggja bestu viðmið og góða starfshætti hverju sinni.

Neyðarstjórnun

Undanfarin ár höfum við verið til skiptis á óvissustigi, hættustigi vegna ástandsins á Reykjaneskaga og vegna veðurs. Við þessar aðstæður er hlutverk okkar að vinna þétt með Almannavörnum þegar hætta skapast fyrir raforkukerfi landsins. Samkvæmt raforkulögum er hlutverk okkar að samræma neyðarviðbrögð annarra raforkufyrirtækja, tryggja að þau falli að viðurkenndu verklagi og hafi skilvirkt samstarf við almannavarnarkerfið. Varnir og viðbrögð hafa gengið vel og án áfalla, sem vitnar um vandað og árangursríkt samstarf.

Þjálfun starfsfólks í öryggismálum tekur mið af þeim áhættuþáttum sem starfsfólk er útsett fyrir hverju sinni. Áherslur í þjálfun taka mið af áhættum í framkvæmdum og rekstrarverkum.

S1-14

Mælikvarðar á jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Jafnvægi milli vinnu og einkalífs starfsfólks er lykilþáttur í vellíðan þess og árangri fyrirtækisins. Það er gert með því að bjóða upp á sveigjanleika í starfi þar sem því verður við komið. Þetta felur meðal annars í sér sveigjanlegan vinnutíma sem gerir starfsfólki kleift að aðlaga vinnudaga að persónulegum þörfum, fjarvinnu í samræmi við viðverustefnu fyrirtækisins og vinnutímastyttingu sem hvatt er til að nýta sér samkvæmt kjarasamningum.

Hvatt er til nýtingar sumarfrís og fæðingarorlofs þegar við á, enda er það mikilvægt fyrir jafnvægi og vellíðan.

Til að fylgjast með jafnvægi milli vinnu og einkalífs fylgjumst við vel með reglulegum mælingum og greiningu gagna úr viðverukerfi fyrirtækisins. Í kerfinu er skráð og skoðað hlutfall starfsfólks sem nýtir sér vinnutímastyttingu, hlutfall starfsfólks sem vinnur að hluta til í fjarvinnu, fjöldi og hlutfall starfsfólks sem tekur sumarfrí og orlof og nýting fæðingarorlofs meðal starfsfólks. Allt starfsfólk á rétt á fæðingarorlofi samkvæmt gildandi lögum og kjarasamningum, samanber kafla S1-7 og S1-10.

Þessi gögn eru reglulega rýnd og notuð til að meta hvort starfsfólk hafi aðgengi að úrræðum sem styðja við jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Ef þörf krefur, eru úrbætur framkvæmdar til að bæta vinnuumhverfi og tryggja að starfsfólk geti náð fullu jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Hjá okkur er verðandi foreldrum boðið upp á launað leyfi mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag barns. Einnig býðst foreldrum að koma til baka í 80% starfshlutfall og fá greidd 100% laun í þrjá mánuði.

Með sveigjanleika er komið til móts við foreldra í aðstæðum samtímans.



21

fóru í
fæðingarorlof

Fjölskyldudagurinn tókst einstaklega vel og sameinaði starfsfólk og fjölskyldur þeirra í gleði og góðri stemningu. Þar var boðið upp á leiki, veitingar og fjölbreytta skemmtun fyrir alla aldurshópa.

Dagurinn staðfesti mikilvægi samveru og verður klárlega endurtekinn.

S1-15


Launaviðmið

Jafnlaunastefna fyrirtækisins nær til alls starfsfólks og er órjúfanlegur hluti af mannauðs-, starfskjara- og jafnréttisstefnu fyrirtækisins. Frekari skýringar er að finna í kafla S1-1.


Við höfum virkt jafnlaunakerfi sem tekið er út einu sinni á ári.

Launagreining er framkvæmd árlega og niðurstöður fyrir árið 2025 sýna að óútskýrður launamunur er enginn og frávik teljast óveruleg eða 0,8% körlum í vil.

Launahlutfall forstjóra



Jafnlaunagreining



S1-16

Ábendingar og kvartanir sem varða brot á mannréttindum

Engin slík atvik voru tilkynnt árið 2025.




Við tókum þátt í Kvennafrídeginum 2025 með því að hvetja konur innan fyrirtækisins til að taka þátt. Með því viljum við sýna í verki að jafnrétti skiptir máli og að rödd og framlag þeirra skipta máli. Dagurinn minnir okkur á að jafnrétti er ekki sjálfgefið heldur sameiginlegt verkefni sem við berum ábyrgð á.

Sérstakur samstöðufundur var innan félags kvenna í orkumálum og hvöttum við samstarfskonur okkar til þátttöku á honum.



Í fréttum var þetta helst



03.09.2025

Kerfisáætlun 2025–2034 komin til Raforkueftirlitsins

Kerfisáætlun 2025 – 2034 er nú komin til Raforkueftirlitsins til yfirferðar og samþykktar. Það er alltaf stór áfangi en fram undan eru spennandi og krefjandi tímar þegar kemur að uppbyggingu flutningskerfisins.

16.09.2025

Græn endurheimt eftir framkvæmdir – bjartsýni um skjótan árangur

Landsnet vinnur í samstarfi við Land og skóg að mótvægisaðgerðum vegna rasks á gróðurlendi sem framkvæmdir við Kröflulínu 3 og Hólasandslínu 3 höfðu í för með sér.

17.09.2025

Landsnet tekur lán hjá Norræna fjárfestingarbankanum

Landsnet og Norræni fjárfestingarbankinn (NIB) hafa skrifað undir samning um lán að fjárhæð 35 milljónir Bandaríkjadala, sem jafngildir um 4,2 milljörðum króna.

A photograph of three construction workers at night. They are wearing red hard hats and high-visibility jackets. One worker in the foreground is wearing a yellow and orange jacket, while the others are in green and yellow. They appear to be working on a structure, possibly a bridge or a large pipe, with ropes and cables visible. The background is dark, suggesting an outdoor night setting. The image is overlaid with a dark blue diagonal graphic element containing white lines and cyan dots.

ESRS S2

Starfsfólk í virðiskeðju

Virðiskeðjan er óaðskiljanlegur hluti af rekstrinum og því er okkur mikilvægt að birgjar tryggji starfsfólki sínu sanngjörn starfskjör, öruggt vinnuumhverfi og virði mannréttindi.

S2-1

Stefna tengd starfsfólki í virðisheðju

Virðisheðjan er óaðskiljanlegur hluti af rekstrinum og því er okkur mikilvægt að birgjar tryggja starfsfólki sínu sanngjörn starfskjör, öruggt vinnuumhverfi og virði mannréttindi.

Við upphaf árs var hafin vinna við að efla kröfur um öryggi og vinnuskilyrði starfsfólks birgja, auk innleiðingar á stöðluðu birgjamati.

Birgjamatið felur meðal annars í sér greiningu á vinnuumhverfi, félagslegum réttindum og velferð starfsmanna sem og fjárhagsstöðu, gæðamálum, umhverfisþáttum, sjálfbærni og upplýsingaöryggi hjá birgjum.

Fyrsta birgjamatið í nýjum búningi fór fram undir lok árs og nú í ársbyrjun 2026 liggur fyrir áætlun um þá birgja sem fara munu í birgjamat á næstunni og er mikilvægisflokkun notuð við þann feril. Niðurstöður verða skráðar í miðlægan gagnagrunn til áframhaldandi mælinga. Eins var komið á fót kerfi til að einfalda ferlið innanhúss og gæðaferlar verið settir upp samhliða því.

Við munum vinna með okkar birgjum á grundvelli birgjamatsins til að bæta vinnuskilyrði og öryggi starfsmanna. Þá er gert ráð fyrir því að lágmarkskröfur í birgjamati verði hækkaðar á milli ára.

Einnig verður áhersla á þjónustufyrirtæki í nærumhverfi og stefnt að því að þau fyrirtæki nái framúrskarandi mati innan þriggja ára. Úttektir verða framkvæmdar til staðfestingar á sjálfsmati þeirra.

Frá ársbyrjun 2025 höfum við krafist sjálfsmats í útboðum til að tryggja samræmi við ESRS S2. Sjálfsmatið er hluti af útboðsskilmálum, með möguleika á úttekt. Niðurstöðurnar hafa komið vel út og okkar birgjar uppfyllt sjálfsmatið í öllum tilvikum.

Við höfum þegar beitt útilokunarástæðum í samræmi við reglugerð nr. 340/2017 og tilskipun 2014/25/EU í okkar innkaupum. Með því að gera siðareglur birgja að hluta af sjálfsmatinu og birgjamatinu og innleiða ESRS S2 gengur fyrirtækið lengra til að tryggja ábyrg og sjálfbær viðskipti í virðisheðjunni.

Stefna og aðgerðir fyrirtækisins í framangreindu samhengi eru eftirfarandi:

Sanngjörn vinnubrögð og fylgni við alþjóðlega staðla

Við höfum birt siðareglur birgja sem byggja á grundvallarreglum um mannréttindi, jafnræði og sanngjarna vinnutilhögun. Stefna þessi er í samræmi við alþjóðlega staðla, svo sem grundvallar-

reglur Alþjóðavinnuástandastofnunarinnar og leiðbeiningar Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi.

Stefnan nær til allra birgja sem við eigum í viðskiptum við. Í sjálfsmati og birgjamati eru þeir beðnir um að lesa og samþykkja siðareglurnar sem hluta af matinu.

S2-2

Samskipti við starfsfólk í virðisheðju og verklag tengt ábendingum og umbótum

Eftirlit og eftirfylgni

Við leggjum áherslu á eftirlit með birgjum til að tryggja að þeir fari að settum reglum og viðmiðum. Þetta felur meðal annars í sér mat á framkvæmd sjálfsmatsins, sem var innleitt í ársbyrjun þar sem birgjar skila upplýsingum um starfsemi sína í tengslum við ESRS S2. Samningar um eftirlit með verklegum framkvæmdum munu innihalda ákvæði varðandi úttektir á þeim birgjum með tilliti til sjálfbærnimála og einnig samningar sem fela í sér úttektir á verksmiðjum erlendis eða héraendis.

Þá munum við að auki framkvæma handahófskenndar úttektir á innlendum þjónustuaðilum og erlendum birgjum þegar tækifæri gefst til.

Hagaðilasamráð

Við munum viðhafa reglulegt samráð við starfsmenn, birgja og aðra hagaðila í virðisheðjunni til að tryggja að sem flest sjónarmið séu tekin til greina við áframhaldandi mótun á stefnu og framkvæmd eftirlits.

Viðbrögð við áskorunum

Þegar upp koma áskoranir, svo sem brot á vinnulöggjöf eða önnur frávik frá sjálfsmati, hefur fyrirtækið sett upp skýra ferla til að bregðast við. Þetta felur í sér áætlun um úrbætur, viðurlög ef nauðsyn krefur, og stuðning við birgja til að bæta vinnuaðstæður. Haldið verður utan um tölfræði þeirra mála sem upp koma og gert er ráð fyrir að markmið um fækkun þeirra liggi fyrir í ársbyrjun 2026.

Ábendingar og kvartanir

Í sjálfsmatinu og birgjamatinu er gerð sú krafa að birgjar séu með eða innleiði ferla fyrir starfsfólk til að koma á framfæri ábendingum eða kvörtunum varðandi vinnuskilyrði. Við leggjum sérstaka áherslu á að þeir tryggji að slíkar kvartanir séu meðhöndlaðar á sanngjarnan hátt og að viðeigandi aðgerðir séu teknar til að leysa málin.

Við erum ákveðin í því að stuðla að sjálfbærum og ábyrgum viðskiptum. Með innleiðingu sjálfsmats og áherslu á sjálfbærni í virðis_keðjunni stuðlum við ekki aðeins því að viðskipti fyrirtækisins séu í samræmi við alþjóðlega staðla heldur einnig að betri og ábyrgari vinnubrögðum, bæði innan fyrirtækisins og hjá viðskiptavinum þess. Með því að hvetja birgja til að fara í gegnum sjálfsmat og birgjamat og uppfylla kröfur til sjálfbærnimála undirstrikar fyrirtækið mikilvægi samfélagslegrar ábyrgðar og umhverfisverndar. Við erum reiðubúin að bregðast við áskorunum með skýrum ferlum, eftirliti og virku samráði við hagaðila, sem tryggir að stefna þessi verði framkvæmd á skilvirkan og sanngjarnan hátt.

Unnið er að því að koma á fót ferli sem auðveldar viðskiptavinum og birgjum að koma með ábendingar á einfaldan hátt.

Í útboðsferlum er kæra til kærunefndar útboðsmála formleg kvörtunarleið bjóðenda og birgja vegna ætlaðra brota á reglum um innkaup. Almennar kvörtunarleiðir birgja til að koma athugasemdum áleiðis eru margvíslegar, til að mynda í gegnum símtöl, tölvupóst eða á fundum.



S2-3

Aðgerðir tengdar starfsfólki í virðis_keðju

Við munum bregðast við hverju sinni þegar frávík frá samningsbundnum skyldum koma upp. Hvert tilvik verður metið fyrir sig og ákvarðanir teknar um aðgerðir í samræmi við samningsheimildir og alvarleika frávíks. Vísað er í kafla S2-1 og S2-2 fyrir nánari umfjöllun um aðgerðir.

S2-4

Markmið tengd starfsfólki í virðis_keðju

Birgjar eru flokkaðir eftir mikilvægi í krítíska, mikilvæga og almenna birgja. Krítískir og mikilvægir birgjar eiga að skila inn birgjamati, sem sérfræðingur innkaupa yfirfer og sannreynir með fylgiskjölum. Birgi þarf að ná að lágmarki 70% í þeim þáttum sem eiga við um hann til að teljast uppfylla kröfur okkur.

Stefnt er að því að allir okkar krítísku birgjar og hluti þeirra mikilvægu hafi lokið birgjamati með fullnægjandi hætti í árslok 2026.



Í fréttum var þetta helst



10.10.2025

Undirbúningur að lagningu Þorlákshafnarlínu 2

Við vinnum nú að undirbúningi lagningar jarðstrengs milli Hveragerðis og Þorlákshafnar. Verkefnið er hluti af áframhaldandi uppbyggingu flutningskerfis raforku á Suðurlandi og miðar að því að styrkja afhendingaröryggi og bæta rekstraröryggi raforkukerfisins á svæðinu.



23.10.2025

Landsréttur staðfestir niðurstöðu héraðsdóms vegna eignarnáms á línuleið Suðurnesjalínu 2

Landsréttur hafnaði í dag kröfu nokkurra landeigenda um að ógilda ákvörðun umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra frá 21. júní 2024 um heimild Landsnets til eignarnáms vegna lagningar Suðurnesjalínu 2 í Sveitarfélaginu Vogum.



ESRS S4

Viðskiptavinir og notendur raforku

Stefnan okkar miðar að því að skapa virði fyrir viðskiptavini. Til að skilja hvað felst í virðisauka að mati viðskiptavina og hagaðila er nauðsynlegt að viðhalda reglulegu samtali og framkvæma markvissar kannanir.

Stefna tengd viðskiptavinum og notendum raforku

Stefnan okkar miðar að því að skapa virði fyrir viðskiptavinum. Til að skilja hvað felst í virðisauka að mati viðskiptavina og hagaðila er nauðsynlegt að viðhalda reglulegu samtali og framkvæma markvissar kannanir.

Ábyrgðaraðilar sjá til þess að unnið sé eftir ferli hagaðila- og samskiptagreiningar en verkefnastjóri gæðamála verkefnastýrir þeirri vinnu en greiningin fellur undir áhættumatsskrá Landsnets. Nánar er fjallað um samskipti og hagaðilagreiningu í kafla SBM-2.

Opið og gagnsætt samráð við hagaðila skiptir okkur máli til að byggja upp traust, samræma væntingar og stuðla að farsælli þróun innviða. Í því skyni höfum við regluleg og skipulögð samskipti við hagsmunaaðila, bæði þá sem hafa bein áhrif á okkar rekstur og þá sem hafa óbein áhrif á starfsemina.

Í samskipta- og hagaðilagreiningunni sem framkvæmd var haustið 2025 höfum við gert greiningu á helstu hagaðilum okkar sem eru eftirfarandi:

Viðskiptavinir

Lykilatriði í samskiptum eru áherslur um afhendingaröryggi, stöðuga gjaldskrá, gagnsæi í upplýsingagjöf og virkt samtal um bæði rekstur og framtíðina.

Almennir raforkunotendur

Þó að þeir séu ekki beinir viðskiptavinir okkar eru þeir endanlegir eigendur okkar. Helstu áherslur þeirra snúa að upplýsingagjöf, orkuöryggi og aðgengi að orku.

Stjórnvöld

Hafa hagsmuni af virkni orkukerfisins, afhendingaröryggi, orkuaðgengi og orkuframboði.

Sveitarfélög og félagasamtök

Vilja tryggt aðgengi að orku og orkuöryggi en hafa jafnframt áhyggjur af umhverfis- og samfélagslegum áhrifum reksturs okkar.

Eigandi

Leggur áherslu á fjárhagslegan stöðugleika, fjárfestingar í flutningskerfinu til að styðja og mæta orkuskiptunum ásamt sjálfbærni sem og orkuöryggi og aðgengi að orku.

Eftirlitsaðilar og félagasamtök

Tryggja að starfsemin sé í samræmi við raforkulög og reglugerðir ásamt því að tekjumörk skili ávinningi til fyrirtækisins og raforkunotenda.

Birgjar og viðskiptasamstarfsaðilar

Lögð er á traust viðskiptasamband, örugga afhendingu vöru og framleiðsluaðferðir sem taka tillit til siðferðislegra hverslaa gilda, mannréttinda, umhverfisverndar og samfélagslegrar ábyrgðar.

Í þessum kafla beinum við þó athyglinni að viðskiptavinum og almennum raforkunotendum. Það skal tekið fram að vinna við stefnumótun hófst í byrjun október 2025. Í þeim undirbúningi og gagnavinnu hafa hagsmunaaðilar og viðskiptavinir fengið tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Fjármögnunaraðilar

Gera kröfu um gagnsæi og skýrar upplýsingar um fjármál og sjálfbærni

Starfsfólk

Samkvæmt vinnustaðagreiningu leggur starfsfólk áherslu á skýrt samtal um hlutverk, væntingar og hvatningu til starfsþróunar, endurgjöf á framvindu og frammistöðu.

S4-2

Samskipti við viðskiptavini og notendur raforku, verklag tengt ábendingum og umbótum

Árlega framkvæmum við könnun meðal viðskiptavina, þar sem við spyrjum meðal annars um ánægju með þjónustu, viðmót starfsfólks, tímasetningar og loforð og traust til okkar.

Niðurstöður könnunarinnar eru þær að bæði traust og ánægja minnkar lítillega á milli ára. Í heildina er engu að síður hægt að segja að staðan sé góð. Á mynd hér til hliðar má sjá þróun einkunna fyrir traust og ánægju með þjónustu á árunum 2021 til 2025.

Viðskiptavinakönnuninni 2025 sýndi 5% lækkun á trausti og ánægju með þjónustu milli ára. Úrbótatækifæri viðskiptavinakönnunar eru á ábyrgð viðskipta- og kerfisþróunar. Fyrirtækið er í víðtæku samráði umfram lögbundið samráð, sem leiðir af sér margvíslegar athugasemdir í framkvæmdum og rekstri.



Til að tryggja stöðugar umbætur erum við með árlega stjórnendaryni þar sem farið er yfir niðurstöður kannana og úrbætur. Við erum með kerfi fyrir ábendingar og kvartanir, innri og ytri hagaðila.

Árlega framkvæmum við könnun sem mælir viðhorf, þekkingu og traust til fyrirtækisins. Fyrir lykिलinnviðafyrirtæki, sem er með starfsemi sem hefur áhrif á almenna raforkunotendur, er nauðsynlegt að kanna hug til fyrirtækisins reglulega. Viðhorf og þekking á Landsneti eru undirstöður undir það traust sem fyrirtækið vinnur sér inn hjá almennum raforkunotendum.

Undanfarin ár hefur viðhorf og traust haldist stöðugt. Árið 2025 hækkaði viðhorf hins vegar um 8,7% og traust um 10% frá árinu á undan.

Lykilatriði í samskiptum við viðskiptavini er að skilja þarfir þeirra, til að geta brugðist við þeim, ásamt gagnsærri upplýsingagjöf um þróun flutningskerfisins. Fyrir væntanlega viðskiptavini skiptir mestu máli að skilja hvernig er hægt að tengjast flutningskerfinu og hvernig tengi- og samningaferlið er uppbyggt. Tilgangurinn er að byggja upp traust viðskiptasamband þar sem gagnkvæmur skilningur er á þörfum okkar og viðskiptavina.

Samskipti við almenning felst í upplýsingagjöf um þróun flutningskerfisins og framkvæmdaáform, ásamt stöðugri upplýsingagjöf þegar truflanir eru í flutningi á raforku sem hafa áhrif á aðgengi að rafmagni hjá almennum notendum.



Meðfylgjandi tafla gefur yfirlit yfir hvernig skipulögðum samskiptum, samráði og upplýsingagjöf til hagaðila og viðskiptavina er háttað, ásamt dæmum um breytingar sem hafa orðið á samskiptum við þessa tvo hópa.

	Almennir notendur raforku	Viðskiptavinir
Hvernig er samtali og upplýsingagjöf skipulagt	<p>Fréttir á vef og samfélagmiðlum</p> <p>Upplýsingar um truflanir og rafmagnsleysi á vef og í appi</p> <p>Vorfundur og skýrsluútgáfa</p> <p>Kannanir um þekkingu, viðhorf og traust</p>	<p>Fundir með viðskiptastjórum</p> <p>Reglulegir rekstrarnefndarfundir</p> <p>Vorfundur og skýrsluútgáfa</p> <p>Viðskiptavinakönnun</p>
Tilgangur samtals og upplýsingagjafar	<p>Að veita upplýsingar um kerfisáætlun og þróun flutningskerfisins</p> <p>Að veita upplýsingar um orkuöryggi almennt en einnig svæða og hvaða áætlanir eru til að bæta það</p> <p>Upplýsingar um truflanir og rafmagnsleysi</p>	<p>Að skilja þarfir viðskiptavina og geta brugðist við þeim</p> <p>Að byggja upp traust og gagnsæi í því sem Landsnet gerir</p> <p>Að gera nýjum viðskiptavinum kleift að tengjast út frá þeirra þörfum</p>
Dæmi um útkomu frá samtali og samráði	<p>Breyting á upplýsingagjöf á vef</p> <p>Áherslubreytingar á samfélagmiðlum varðandi upplýsingagjöf</p>	<p>Breyting á skipulagi viðskiptaþjónustu</p> <p>Breyting á nálgun varðandi þjónustu, tíðari samskipti við óánægðari hópa</p>

S4-2

Aðgerðir í tengslum við viðskiptavini og notendur raforku

Við leggjum áherslu á stöðugar umbætur og ábyrg viðbrögð við ábendingum og neikvæðum áhrifum sem kunna að koma upp vegna starfsemi okkar. Unnið er að samræmdu og stýrðu ferli til að bæta meðhöndlun ábendinga og kvartana, skráningu þessara ábendinga og tryggja rötargreiningar og skýr svör.

Mikilvægt er að tryggja heildaryfirsýn, tölfærði og samræmd vinnubrögð í svörum til viðskiptavina í kjölfar ábendinga eða kvartana.

Megináherslan er að skýra leiðir kvartana inn í fyrirtækið, tryggja samræmda skráningu allra frávika, rétta skjölun og rekjanleika. Engar kvartanir er varða brot á persónuvernd eða tap á gögnum viðskiptavina bærust fyrirtækinu á síðasta ári.

Viðskiptavinir okkar geta komið ábendingum og athugasemdum á framfæri til fyrirtækisins með ýmsum leiðum, meðal annars í gegnum landsnet.is eða með því að hafa samband við sinn helsta tengilið. Ábendingar eru skráðar á því sviði sem ábendingin nær til. Rötargreiningar og úrbætur eru unnar í því ferli sem ábendingarnar berast til.

Við erum með ábyrgðartryggingu sem tryggir tjón af völdum fyrirtækisins. Í samstarfi við dreifiveitu á viðkomandi svæði, skoðum við í hverju tilfelli fyrir sig greiðslur til einstaklinga ef þeir hafa orðið fyrir tjóni vegna áfalla í kerfinu. Ekki kom til greiðslna á síðasta ári vegna tjóna af völdum áfalla í kerfinu.

S4-4

Markmið í tengslum við viðskiptavini og notendur raforku

Í kerfisáætlun okkar 2025–2034 er sett fram áætlun um sjálfbæra uppbyggingu flutningskerfis raforku. Hún er unnin á gagnsæjan og kerfisbundinn hátt í samræmi við stefnu stjórnvalda um orkuskipti. Með áætluninni er leitast við að tryggja áreiðanlega, hagkvæma og jafna raforkuafhendingu til viðskiptavina og endanotenda raforku, í samræmi við markmið um aðgengi að orku, afhendingaröryggi og sjálfbæra þróun.

Við gerð kerfisáætlunar er lögð áhersla á opið samráð og virka þátttöku viðskiptavina og annarra hagaðila. Forsendur, sviðsmyndir og forgangsröðun framkvæmda eru greindar og kynntar opinberlega og ábendingar nýttar til að bæta ákvarðanatöku og auka gæði áætlunarinnar. Kerfisáætlunin fer í gegnum tvíþætt umsagnarferli og er jafnframt rýnd og samþykkt af Raforkueftirlitinu, sem styrkir gagnsæi, jafnræði og ábyrga stjórnarhætti við ákvarðanir sem hafa áhrif á þróun raforku-kerfisins til lengri tíma.

Áætlunin byggir á raforkulögum og reglugerð um kerfisáætlun, auk stefnumótandi ákvarðana stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Allar fyrirhugaðar framkvæmdir eru metnar með tilliti til afhendingaröryggis, hagkvæmni og jafnræðis notenda, með það að markmiði að tryggja stöðugan rekstur viðskiptavina okkar, styðja við þróun atvinnulífs og jafna búsetuskilyrði um land allt.

Kerfisáætlunin er jafnframt sett í samhengi við orkustefnu og loftslagsmarkmið Íslands og styður við orkuskipti með því að skapa forsendur fyrir aukna raforkuframleiðslu, tengingu nýrra viðskiptavina og örugga afhendingu endurnýjanlegrar orku til núverandi og framtíðarnotenda.

Nýr forstjóri og stjórn tóku við keflinu og í framhaldi hófst vinna við nýja stefnu og endurskoðun á vörumerkinu okkar. Árið einkenndist einnig af miklum breytingum í alþjóðaumhverfinu sem hafa áhrif á okkur og því er mikilvægt að hafa skýra stefnu og sýn á þessum umrótatímum.

Einar Snorri Einarsson

forstöðumaður á skrifstofu forstjóra



Í fréttum var þetta helst



04.11.2025

Breytingar á gjaldskrá vegna flutningstapa

Þann 1. nóvember voru gerðar breytingar á flutningsgjaldskrá vegna flutningstapa



04.11.2025

Holtavörðuheildarlína 3 verður lögð byggðaleiðina

Stjórn Landsnets hefur samþykkt að Holtavörðuheildarlína 3 verði lögð um svokallaða byggðaleið.



06.11.2025

Viljayfirlýsing um eflingu raforkukerfis á Norðausturlandi

Í dag var skrifað undir viljayfirlýsingu milli Landsnets, Rarik og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um aðgerðir til að styrkja raforkukerfið á Norðausturland.

ESRS G1

Stjórnarhættir

Traust, gagnsæi og fyrirsjáanleiki skipta miklu máli í allri starfsemi okkar. Þessu tengt leggjum við áherslu á gott viðskiptasiðferði byggt á áhættustýringu, traustum stjórnarháttum, sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðjunni.

G1-1

Stefna í tengslum við viðskiptasiðferði

Traust, gagnsæi og fyrirsjáanleiki skipta miklu máli í allri starfsemi okkar. Þessu tengt leggjum við áherslu á gott viðskiptasiðferði byggt á áhættustýringu, traustum stjórnarháttum, sjálfbærni og ábyrgð í virðiskeðjunni. Gildi vinnustaðamenningar eru samvinna, virðing og ábyrgð. Fyrir liggja ýmis stjórnunarskjöl sem með einum eða öðrum hætti er ætlað að styðja við þessar áherslur.

Þau helstu eru: starfsreglur stjórnar, siðareglur, mannauðs- og mannréttindastefna, sjálfbærnistefna, siðareglur fyrir birgja og ferlar fyrir meðhöndlun ábendinga og kvartana.

Um okkur gilda reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi. Til að gera starfsfólki og utanaðkomandi aðilum kleift að tilkynna nafnlaust um meint misferli, lögbrot, ámælisverða háttsemi eða brot á reglum sem stjórn, stjórnendur, starfsfólk eða birgjar hafa framið erum við með uppljóstrararás sem er aðgengileg í gegnum heimasíðuna okkar.

Í innri ferlum er að finna leiðbeiningar um farveg, umfjöllun og afgreiðslu tilkynninga um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfi okkar.

Við tókum þátt í Framadögum þar sem við fengum tækifæri til að hitta nemendur, miðla þekkingu og segja frá því fjölbreytta og mikilvæga starfi sem fram fer hjá fyrirtækinu. Þátttakan skiptir okkur máli þar sem hún styrkir tengsl við framtíðarkynslóðir, kynnir möguleika í orku- og innviðageiranum og styður við uppbyggingu þekkingar og hæfni til framtíðar.

G1-2

Aðgerðir í tengslum við viðskiptasiðferði

Aukin uppbygging á raforkukerfi Evrópu hefur skapað þrýsting á aðfangakeðjuna með lengri afhendingartímum og hækkandi verði. Við leggjum áherslu á keðjuábyrgð og tengingu hennar við alþjóðleg viðmið sem hluta af samfélagsábyrgð okkar.

Innkaupum okkar er stýrt með lögum og reglum sem leggja áherslu á samkeppni. Þá hvílir á okkur útboðsskylda ef kostnaður fyrirhugaðra innkaupa er hærri en gildandi viðmiðunarfjárhæðir hverju sinni. Útboðin endurspegla jafnframt stefnu okkar um öryggi, samfélagslega ábyrgð og nýsköpun. Við höfum uppfært birgjamat sem tekur á öllum UFS-þáttum. Nánar er fjallað um birgjamat í kafla S2-1 og S2-4.

Framkvæmdir voru 53 innkaupaferlar á árinu. Samningar sem gerðir voru á grundvelli innkaupaferla námu rúmum 7,2 milljörðum og voru einstaka samningsfjárhæðir frá um 1,5 milljón upp í 500 milljónir.

G1-3

Markmið í tengslum við viðskiptasiðferði

Við störfum samkvæmt sérleyfi og erum háð eftirliti Raforkueftirlitsins. Þótt fyrirtækið starfi ekki á samkeppnismarkaði getur reynt á samkeppnislög í starfseminni.

Í siðareglunum er lagt upp með að stjórnendur og starfsfólk sinni störfum sínum af ábyrgð og í samræmi við það mikilvæga samfélagslega hlutverk sem við gegnum, með gildin okkar að leiðarljósi.

Lagt er fyrir starfsfólk að huga að hagsmuna árekstrum sem geta orðið vegna beinna eða óbeinna hagsmuna og gæti hlutleysis í samskiptum við viðskiptavini, birgja, hluthafa og aðra sem það hefur samskipti við. Þá ber að gæta hlutleysis í samskiptum við viðskiptavini, birgja, hluthafa og aðra sem við höfum samskipti við.

Við höfum ekki sett okkur sérmarkmið tengd stjórnar- eða viðskiptaháttum.

G1-4

Mælikvarðar í tengslum við tilvik spillingar og mútugreiðslna

Hjá okkur er verklag og leiðbeiningar um vinnulag við vernd uppljóstrara (e. *whistleblowing*). Nær það til farvegs, umfjöllunar og afgreiðslu tilkynninga um brot á lögum eða ámælisverða háttsemi í starfsemi þess sem falla undir lög nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara. Starfsfólk getur tilkynnt um lögbrot eða ámælisverða háttsemi þar sem gætt er að nafnleynd kjósi starfsmaðurinn það. Berist tilkynning er hún tekin til meðhöndlunar eftir skilgreindu verklagi. Hægt er að tilkynna um brot eða ámælisverða háttsemi í innra kerfi fyrirtækisins á heimasíðu þess sem bæði starfsfólk og ytri aðilar geta nýtt sér.

Siðareglurnar ná til alls starfsfólks, þar með talið stjórnarmanna og forstjóra. Siðareglurnar eru viðbót við opinbert regluverk, verklagsreglur og leiðbeinandi á þeim sviðum sem lög, reglur og leiðbeiningar ná ekki til. Siðareglurnar eru meðal annars til að auka og viðhalda faglegum vinnubrögðum, auka gagnsæi og til að sporna við spillingu.

Engin mál tengd spillingu eða mútum hafa komið upp gagnvart stjórnendum, starfsmönnum eða viðskiptavinum og hvorki stjórnendur né starfsfólk hafa verið dæmd fyrir brot tengd spillingu eða mútum í rekstri fyrirtækisins.

G1-5

Mælikvarðar sem tengjast pólitískum áhrifum og hagsmunagæslu

Við vinnum að því að skapa sátt um hlutverk og starfsemi okkar með stöðugu samtali við hagaðila á grunni hreinskilni, ábyrgðar, víðsýni, gagnkvæmri virðingu og samstarfsvilja.

Samkvæmt siðareglum okkar byggjum við á því að eiga faglegt og uppbyggilegt samstarf við stjórnvöld, eftirlitsstofnanir, opinberar stofnanir, hagsmunasamtök og aðra aðila sem við vinnum með.

Við erum aðilar að Samorku, samtökum orku- og veitufyrirtækja, sem aftur eru aðili að Samtökum atvinnulífsins.

Samorka starfar á fagsviðum raforku en tilgangur samtakanna er meðal annars að stuðla að framgangi sameiginlegra hagsmunamála félaga þess, meðal annars að gæta hagsmuna félaga, halda uppi tengslum og samskiptum við stofnanir, innlendar og erlendar, og veita stjórnvöldum og öðrum aðilum upplýsingar og umsagnir.

Við styrkjum ekki stjórnálagssamtök en lögum samkvæmt er þeim óheimilt að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga. Enginn sem hafði gegnt stöðu innan stjórn-sýslunnar á síðustu tveimur árum var ráðinn í framkvæmdastjórn.

G1-6

Mælikvarðar í tengslum við greiðsluskilmála

Greiðsluskilmálar okkar eru samkvæmt almennum birgjaskilmálum fyrirtækisins, sem gilda jafnt fyrir alla birgja. Þar kemur fram að við greiðum reikninga vegna innkaupa 30 dögum eftir úttektarmánuð, að því gefnu að önnur skilyrði birgjaskilmála séu uppfyllt. Engin málaferli eru í gangi vegna greiðsludráttar eða útistandandi greiðslna.

Í fréttum var þetta helst



01.12.2025

Mikil óvissa fram undan og þörf á skýrri stefnumörkun

Ný orkuspá fyrir Ísland, unnin í sameiningu af Landsneti, Umhverfis- og orkustofnun og Raforkueftirlitinu, sýnir að fram undan eru umtalsverðar áskoranir og mikil óvissa í þróun raforkumála. Orkuspáin var kynnt í Hörpu þann 1. desember.



12.12.2025

Samstarf Landsnets og Landsbjargar eftt með nýjum samningi

Stjórn Landsnets hefur samþykkt að Holtavörðuheildarlína 3 verði lögð um svokallaða byggðaleið.



18.12.2025

Laxey bætist í hóp viðskiptavina

Landsnet og Laxey hafa skrifað undir flutningssamning vegna raforkuafhendingar fyrir landeldi í Vestmannaeyjum og af því tilefni kom Lárus Ásgeirsson, stjórnarformaður Laxeyjar, í heimsókn til okkar á Gylfaflötina og ræddi við okkur um stöðuna og framtíðina.



17.12.2025

Aukið afhendingaröryggi skapar tækifæri: Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 komnir í rekstur

Í dag var stigið stórt skref í raforkusögu Vestmannaeyja þegar Vestmannaeyjastrengir 4 og 5 voru teknir í rekstur. Með tilkomu nýju strengjanna eykst afhendingaröryggi raforku til Vestmannaeyja og sjá nú þrír öflugir sæstrengir Vestmannaeyjum fyrir rafmagni.



15.12.2025

Páll Harðarson kjörinn stjórnarformaður Elmu orkuviðskipta

Páll Harðarson hefur verið kjörinn stjórnarformaður Elmu orkuviðskipta ehf., dótturfélags Landsnets. Elma starfrækir skammtíamarkað með raforku, svokallaðan næsta-dags markað, í samstarfi við Nord Pool og rekur jafnframt rafrænan uppboðsmarkað fyrir langtímasamninga um raforku.



LANDSNET



2025